


skoðun 20

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Húð, hár og heilsa




## Silfur og gamalt gull

*Finnur Guðni Þórðarson gerir nýjar gersemar úr gömlu gulli*

**allt** 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**

**9. september 2010**

211. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Góður gestur hjá Bó

*Óperusöngkonan Summer Watson syngur á Íslandi.*

**fólk** 36

## Grýla í augum trúaðra

*Bók Richards Dawkins, Ranghugmyndin um guð, er komin út á íslensku.*

**menning** 28



## Aðeins einn sigur

*Ólafur Jóhannesson hefur ekki náð góðum árangri með íslenska landsliðið.*

**sport** 40

## veðrið í dag




**VÆTUSAMT** Í dag verða víðast austan 3-8 m/s. Rigning eða skúrir einkum SA-til en úrkomuminna N-lands. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR** 4



**GLÍMT VIÐ DREKANN** Ýmir Gíslason, 12 ára Vesturbæingur, mundaði flugdrekann fagmannlega í rokinu við Ægissíðu í gær. Eins og sést er drekinn af veglegri gerðinni, 2,5 fermetrar að stærð, og tekur Ýmir oft flugið þarna á túninu þar sem hann mætir alltaf þegar nógu hvasst er. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Sjóðsfélagar endurgreiði ekki

**Eftirlitsstofnun EFTA rannsakar kaup bankanna á eignum peningamarkaðssjóða. Kaupin gætu flokkast sem ólögmætur ríkisstyrkur. Fjögur fjármálafyrirtæki töldu sig ekki sitja við sama borð og kærðu málið.**

**VIÐSKIPTI** Nýju bankarnir, eða þeir sem högnuðust á kaupum á eignum peningamarkaðssjóða gömlu bankanna, gætu þurft að greiða ríkinu til baka þá fjárhæð sem varið var til kaupanna. „Viðskiptavinir þeirra, fólkið sem lagði fé sitt í sjóðina þarf hins vegar ekki að greiða neitt,“ segir Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, í samtali við Fréttablaðið.

ESA greindi frá því í gær að hafin væri formleg rannsókn á kaupum Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans á skuldabréfum peningamarkaðssjóða sem gömlu bankarnir starfræktu. Rannsóknin lýtur að því hvort kaupin feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. greinar EES-samningsins. Á meðal þess sem ESA skoðar er hvort viðskiptalegar forsendur hafi legið að baki kaupum bankanna.

Eftir bankahrunið varð mikil óánægja með að neyðarlögin sem sett voru við yfirtöku á bönkunum tryggðu ekki eign einstaklinga og fyrirtækja í peningamarkaðssjóðum með sama hætti og innstæður í bönkunum. Björgvin G. Sigurðsson, þá viðskiptaráðherra, sagði reynt að lágmarka tjón sjóðsfélaga. Fjármálaeftirlitið beindi þeim tilmælum til bankanna rétt eftir miðjan október, að slíta sjóðunum og greiða sjóðsfélögum út. Í kjölfarið keyptu bankarnir eignir sjóðanna fyrir 83,6 milljarða króna. Stór hluti eignanna hefur verið afskrifaður.

Sjóðunum var slitið í lok október og var viðskiptavinum þeirra greitt út allt frá 69 prósentum til 85 prósenta af eign þeirra.

Fjögur fjármálafyrirtæki sem starfræktu álíka sjóði fengu ekki sambærilegt tilboð í eign sína. Þau töldu sig ekki sitja við sama borð. Lögmannsstofan Lex kærði málið fyrir þeirra hönd til ESA í apríl í fyrra. Sum fyrirtækjanna hafa ekki getað greitt úr sjóðum sínum að fullu.

Fjármálaráðuneytið hefur andmælt ESA og segir stjórnvöld ekki hafa gefið fyrirmæli um kaup á eignum sjóðanna. Slit þeirra hafi lotið einkaréttarlegu uppgjöri á þeim eftir fall bankanna. Óháðir aðilar hafi metið virði eigna sjóðanna. Sanderud segir niðurstöðu rannsóknarinnar kunna að liggja fyrir á næsta ári. - jab

Semja þarf um undanþágur frá reglum verði einkarekinn flugher leyfður:

# Flugher ECA á ábyrgð heryfirvalda ytra

**SAMGÖNGUR** Flugrekstur þar sem óvopnaðar herþotur eru reknar undir borgaralegu rekstrarleyfi, eins og fyrirtækið ECA Program hyggst koma á fót hér á landi, þekkist ekki í öðrum löndum. Þar hafa hernaðaryfirvöld umsjón með rekstri herþotna án þess að borgaraleg stjórnsýsla komi þar að.

Ætli íslensk stjórnvöld að greiða leið ECA Program verða þau að semja við önnur ríki um undanþágur.

Eins og fram hefur komið vill ECA Program skrá hér á landi tuttugu óvopnaðar þotur og leigja út til þess að taka að sér hlutverk óvinaflugvéla á heræfingum víða um heim.

Nú eru um sjötíu farþegaþotur skráðar í íslenska flugflotann. Um fjörutíu starfsmenn Flugmálastjórnar annast þá stjórnsýslu. Helmingur kostnaðarins er greiddur af ríkissjóði en helmingur með gjaldtöku frá fyrirtækjunum sem reka þoturnar. Ekki er víst hversu mikið þyrfti að fjölga hjá Flugmálastjórn fari svo að ECA fái að skrá flugher sinn hér á landi.

-pg / sjá síðu 12










## SPURNING DAGSINS



*Árni, eru þetta ekki bara tæknileg mistök þarna í Landeyjahöfn?*

„Nei, þarna eru bara óvænt náttúruöfl að verki.“

Herjólfur getur ekki lagt að Landeyjahöfn vegna þess að framburður úr Markarfljóti hefur grynnkað hana um of. Árni Johnsen er þingmaður úr Vestmannaeyjum.

Niðurstaða vistfræðirannsóknar staðfestir breytingar í göngumynstri fisktegunda:

# Makríll mun dreifðari en fyrr

**HAFRANNSÓKNIR** Makríll er mun dreifðari og göngur hans við Ísland teygja sig lengra til vesturs en áður hefur sést. Þetta staðfesta niðurstöður úr vistfræðirannsóknum í kringum Ísland, Færeyjar og í Norska hafinu í júlí og ágúst.

Í sumar tók rannsóknaskipið Árni Friðriksson þátt í leiðangri ásamt einu skipi frá Færeyjum og tveimur frá Noregi. Markmiðið var að rannsaka vistfræði, umhverfi og kortleggja útbreiðslu og magnmæla makríl, síld og kolmunna í kringum Ísland, Færeyjar og í Noregshafi austur af Íslandi allt að ströndum Noregs.

Magn makríls á rannsóknasvæðinu öllu er talið vera fjórar til fimm milljónir tonna, þar af um 650 þúsund tonn á svæðinu sem Árni Friðriksson fór um innan íslensku landhelginnar. Skekkjan á þessu mati er hins vegar ekki vel þekkt. Norsk-íslenska síld var að finna í minna magni nú en árið á undan og var dreifing hennar einnig nokkuð frábrugðin fyrri árum.

Sameiginleg skýrsla um niðurstöður leiðangursins er til skoðunar hjá vinnuhópi innan Alþjóðahafrannsóknaráðsins sem vinnur að mati á stærð þessara fiskistofna. **- shá**




**Í LANDI** Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar og systurstofnana staðfesta mikið magn makríls innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lögregla herðir eftirlit:

# Fylgjast með notkun farsíma

**LÖGGÆSLA** Lögreglan mun á næstu vikum leggja sérstaka áherslu á eftirlit með farsímanotkun ökumanna án handfrjáls búnaðar og notkun stefnuljósa. Þá mun lögreglan fylgjast með og gera athugasemdir við þá ökumenn sem ekki eru með tvö skráningarmerki á ökutækjum sínum eins og reglur segja til um eða skráningarmerkin eru ógreinileg einhverra hluta vegna. Ökumenn geta búist við sektum og að verða boðaðir með ökutæki sín til skoðunar séu þessi atriði ekki í lagi. **- jss**

Forsætisráðherra í Færeyjum:

# Vilja auka samstarf þjóðanna

**UTANRÍKISMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, og Kaj Leo Johannessen, lögmaður Færeyja, undirrituðu á fundi sínum í gær viljayfirlýsingu um aukið samstarf milli ráðuneyta sinna. Það mun einkum taka til jafnréttismála og verkefna varðandi breytingar og þróun í stjórnsýslu og ráðuneytum.

Jóhanna fundaði einnig með ráðherrum færeysku ríkisstjórnarinnar þar sem meðal annars var farið yfir stöðu efnahagsmála og væntanlegt stjórnlagaþing.

Hún þakkaði, í lok ferðar, góðar viðtökur og lagði áherslu á áframhaldandi traust samband milli Íslands og Færeyja. **- þj**

Imam heldur ótrauður áfram:

# Moskan verður að veruleika

**BANDARÍKIN Feisal Abdul Rauf, íslamski trúarleiðtoginn sem er í forsvari fyrir byggingu umdeildrar mosku í New York, segist ætla að halda ótrauður áfram að láta reisa moskuna.**

**Samtök hans hafa fengið leyfi stjórnvalda auk yfirlýsts stuðnings bæði Baracks Obama forseta og Michaels Bloomberg, borgarstjóra í New York. Beðið hefur verið eftir afstöðu Raufs, sem hafði látið á sér skilja að hugsanlega yrði hætt við bygginguna vegna harðrar andstöðu sem hún hefur mætt.**



FEISAL ABDUL RAUF

**Moskan verður hluti af félagsmiðstöð á Manhattan-eyju skammt frá Ground Zero, staðnum þar sem tvíburaturnarnir stóðu til 11. september 2001.** **- gb**

# Frægir taflmenn frá 12. öld sagðir héðan

**Guðmundur G. Þórarinsson telur að sögufrægir taflmenn frá tólftu öld geti verið frá Íslandi. Breskur fræðimaður segir þetta afar ólíklegt því hér hafi skort bæði ríkidæmi og kunnáttu. Sennilega séu gripirnir frá Þrándheimi í Noregi.**

**MENNING** Útskornir taflmenn úr rostungstönnum sem eru meðal merkustu gripa skáksögunnar kunna að hafa verið gerðir á Íslandi ef marka má Guðmund G. Þórarinsson, verkfræðing, skákfrömuð og fyrrverandi alþingismann.

Taflmennirnir fundust um árið 1830 á strönd Lewis-eyju sem tilheyrir Suðureyjum undan Skotlandi. Samtals eru gripirnir 93. Búið var um þá í skríni úr steini. Talið hefur verið að taflmennirnir hafi líklegast verið skornir út í Þrándheimi í Noregi á tólftu öld.



ALEX WOOLF



GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON

Guðmundur G. Þórarinsson segir hins vegar sterkar vísbendingar vera um að taflmennirnir hafi verið gerðir á Íslandi, og nefnir þar sérstaklega Margréti hina högu sem bjó í Skálholti. Aðallega byggir Guðmundur tilgátu sína á því að biskupa sé að finna í taflsettinu. Aðrar þjóðir hafi á þeim tíma ekki gert taflmenn í líki biskupa eða yfirleitt tengt þá við kirkjuna. Einnig má nefna þau rök að hestar riddaranna hafi höfuðlag íslenskra hesta og samsvari þeim í stærð.

Ekki náðist í Guðmund í gær en fram kemur í vefútgáfu New York Times að hann hyggist kynna niðurstöður sínar betur fyrir þátttakendum á þingi um Lewis-taflmennina sem hefst í Skotlandi á laugardag. Í tölvuskeyti frá félaga Guðmundar, Einari S. Einarssyni, fyrrverandi forstjóra Visa á Íslandi, kemur fram að Guðmundi hafi verið neitað um að ávarpa þingið þar sem mælendaskránni hafi fyrir löngu verið lokað. „En kenningin hans er nú orðin kunn og varla hægt að „afhjúpa“ sannleikann um uppruna þessara fornminja án þess að taka afstöðu til hennar,“ segir í skeytinu frá Einari.



**LEWIS-BISKUP OG RIDDARI** Mikilvægustu og frægustu gripir í sögu skáklistarinnar, segir New York Times um þessa fagurlega útskornu gripi úr rostungstönnum sem Guðmundur G. Þórarinsson færir nú rök fyrir að hafi verið gerðir á Íslandi á 12. öld.

Dr. Alex Woolf, stjórnandi stofnunar miðaldafræða í Háskólanum í St. Andrews, er afar vantrúaður á tilgátur Guðmundar þótt hann segi ekki algerlega útilokað að hún geti verið rétt. Í svari til Fréttablaðsins segir Woolf meðal annars að jafnvel ríkustu höfðingjar og biskupar hafi líklega ekki getað fjármagnað smíði svo margra gripa úr rostungstönnum. Nákvæmni í búnaði og vopnum taflmannana sé einnig slík að ólíklegt sé að þeir hafi verið gerðir á Íslandi. „Nútímanotkun á orðinu löber fyrir taflmanninn sem þekktur er í Englandi og á Íslandi sem biskup var notuð í Englandi og sú hugmynd að hún hafi einhvern veginn farið beint til Íslands en ekki til Noregs virðist ósennileg,“ segir dr. Woolf.

Þá segir Woolf að öll líkindi séu til að sá siður að kalla taflmanninn biskup í Englandi og á Íslandi sé á næstum örugglega afleiðing mikilla þýskra áhrifa á Noreg og Ísland á öldunum eftir Kalmarsambandið og er frá því eftir þann tíma sem taflmennirnir voru gerðir. Nafngiftin biskup var notuð í Englandi og sú hugmynd að hún hafi einhvern veginn farið beint til Íslands en ekki til Noregs virðist ósennileg,“ segir dr. Woolf. **gar@frettabladid.is**

Fulltrúi Vinstri grænna:

# Vill ræða um klámummæli borgarstjóra

**REYKJAVÍK Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í Reykjavík, hefur óskað eftir því að ummæli Jóns Gnarr um klámnotkun hans verði tekin til umræðu í borgarráði í fyrramálið. Jón Gnarr var spurður að því í viðtali við frönsku fréttastofuna AFP hvað hann skoðaði helst á netinu og svaraði Jón hlæjandi. „Aðallega klám.“**

**Spurð hvort þetta hafi ekki einfaldlega verið saklaus brandari hjá Jóni svarar Sóley: „Brandari kannski en ég get ekki fallist á að hann sé saklaus. Svona brandari gerir ekkert annað en að normalísera klám,“ sagði Sóley meðal annars í samtali við Vísi.** **-eh**

Fleiri konur vilja líkamsgötun:

# Kynfæragötun færist í vöxt

**HEILSA** „Í fyrra gataði ég tvær konur á mánuði miðað við sextán konur á mánuði nú,“ segir Seselía Guðmundsdóttir, gatari hjá Tattoo og skarti, sem segir verulega aukningu hafa orðið í kynfæragötun kvenna á árinu.



SESSELÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Fleiri húðflúrarar á höfuðborgarsvæðinu taka undir orð Seselíu. Þeir segja algengast að konur á aldrinum 18 til 40 ára sækist eftir kynfæragötun og virðist sem aukningin sé mest meðal ungra kvenna. Þessu sé öfugt farið víða erlendis þar sem dregið hafi úr eftirspurn eftir þessari þjónustu. **- þlg / sjá Húð, hár og heilsu**




Húsfyllir var á opnum borgarafundi um bætt samfélag í Ráðhúsinu í gær:

# Heimta aðgerðir gegn fátækt

**VELFERÐARMÁL** Húsfyllir var á opnum borgarafundi aðgerðarhóps um bætt samfélag, BÓT, sem haldinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Markmið fundarins var að fátækt verði viðurkennd og að gripið verði til aðgerða gegn henni.

Ögmundur Jónasson, ráðherra dóms-, mannréttinda og samgöngumála, og Guðbjartur Hannesson, ráðherra velferðarmála, mættu til fundarins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, en auk þeirra mættu þingmenn, forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar, umboðsmaður skuldara og fleiri.

Aðstandendur fundarins og frummælendur fóru yfir þá bágu stöðu sem bótaþegar og aðrir búa við og þrýstu á um aðgerðir til að bæta þeirra hag.

Í máli þeirra kom meðal annars fram að tugþúsundir heimila eigi í miklum fjárhagserfiðleikum og um tíu þúsund börn lifi við fátækt á meðan enn sé hægt að greiða útvöldum hópi ofurlaun.

Áhersla var lögð á að benda á lausnir í stað sökudólga en engu að síður var deilt hart á aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar sem var sögð bregðast trausti kjósenda. **- þj**



**FJÖLMENNI** Hugur var í fundargestum sem létu vel í sér heyra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# ÚTSALA ÁRSINS!

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



**2.999,-**
~~3.999,-~~

**Vindjakki barna**
Regnheldur, með öndun, 2 litir.
5868042-54

**1.999,-**
~~3.999,-~~

**Vindbuxur barna**
Regnheldar með öndun.
5868083-88

ÖLL POWERLINE VERKFÆRI
**20% AFSLÁTTUR**




**3.759,-**
~~4.699,-~~

**Stingsög**
Power plus 500W
5245208




**4.995,-**
~~7.499,-~~

10 ltr.

**Innimálning**
10 ltr. gljástig 10.
7119961



**4.495,-**
~~5.995,-~~

**Áltrappa**
4 þrep
5079090



**1.395,-**
~~1.995,-~~

**Rúllusett**
10 ltr. gljástig 10.
7119961



**6.999,-**
~~12.990,-~~

**Gönguskór**
PR30, með Gartex.
5863109

**RAFTÆKI Mikil verðlækkun**



**839.000,-**
~~1.039.000,-~~

**Gestahús**
15 m² gestahús með fylgihlutum ósamsett
600231

Sparaðu 200.000,-

ALLAR VATNS-KLÆÐNINGAR
**25% AFSLÁTTUR**



**2.190 kr/m²**
~~2.990 kr/m²~~

**Vatnsklæðning**
Kúpt 21x110mm
50900



Frigor
5 ára ábyrgð

**56.900,-**
~~85.900,-~~

**Frystiskápur**
Orkunýting A
142x58x55 cm
165 ltr.
6 skúffur
1805493

5 ára ábyrgð

## Nýjar vörur bætast við daglega!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 08.09.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,18 | 118,74 |
| Sterlingspund | 182,64 | 183,52 |
| Evra | 150,12 | 150,96 |
| Dönsk króna | 20,160 | 20,278 |
| Norsk króna | 19,007 | 19,119 |
| Sænsk króna | 16,197 | 16,291 |
| Japanskt jen | 1,4091 | 1,4173 |
| SDR | 178,59 | 179,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,9937

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vöruskortur í Vestmannaeyjum vegna vandræða í Landeyjahöfn:

# Loks mjólk til Vestmannaeyja

**SAMGÖNGUR** Eyjamenn gátu keypt mjólk í fyrsta sinn í marga daga þegar Herjólfur kom til hafnar í gær með vörur og farþega í fyrsta sinn í fimm sólarhringa. Vöruskortur var farinn að hrjá íbúa á meðan Herjólfur var bundinn við bryggju sökum aðstæðna í Landeyjahöfn.

Siglt var til Þorlákshafnar og verður svo gert að nýju í dag, en athugað verður með ferð til Landeyjarhafnar síðdegis að því er fram kemur á vef Herjólfs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ekki orðið viðlíka vöruskortur síðan nýr Herjólfur var tekinn í gagnið árið 1976.

Ingimar Georgsson, kaupmaður í Vöruvali í Eyjum, segir ástandið hafa verið orðið „rússneskt" áður en sendingin kom. Skortur á nauðsynjavörum eins og mjólk, kjöti og grænmeti hafi sett strik í reikning verslunarmanna. „Ætli við höfum ekki selt um það bil tveggja daga skammt í dag."

Ekki er búist við að þetta ástand komi upp að nýju. „Við vorum búnir að útskýra fyrir fólki að við fáum mjólk á morgun líka. Þannig að allt lítur vel út núna,"segir Ingimar. **- þj**



**MJÓLKURSENDING** Eftir fimm daga bið bárust loks mjólk og fleiri nytjavörur til Vestmannaeyja. Hér sést Ingimar kaupmaður með sendinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fjórtán vikna stoppi lokið:

# Vinnsla hefst aftur á Þingeyri

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskvinnsla í frystihúsinu á Þingeyri hefst að nýju á mánudaginn eftir fjórtán vikna vinnslustöðvun. Það er Vísir hf. í Grindavík sem rekur vinnsluna en hún er langstærsti atvinnurekandinn á staðnum. Þar störfuðu 25 til 30 manns síðasta vetur. Frá þessu segir feykir.is.

Fréttavefurinn getur þess að vinna hafi verið dregin saman síðastliðinn vetur vegna hráefnisskorts, sem var einnig ástæða vinnustöðvunar í sumar. **- shá**

Ekki lengur utan flokka:

# Þráinn gengur til liðs við VG

**ALÞINGI** Alþingismaðurinn Þráinn Bertelsson hefur gengið til liðs við þingflokk Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Þetta var tilkynnt við upphaf þingfundar í gærmorgun.



**ÞRÁINN BERTELSSON**

Þráinn var kosinn á þing fyrir Borgarahreyfinguna vorið 2009 en sagði sig úr henni þremur og hálfum mánuði síðar eftir ósætti við félaga sína í þingflokknum. Síðan í ágúst í fyrra hefur hann verið þingmaður utan flokka.

Með þessum tilflutningi hafa ríkisstjórnarflokkarnir sjö manna meirihluta á þingi, í stað fimm áður, með 35 þingmenn á móti 28 þingmönnum stjórnarandstöðunnar. **- sh**

# Skella skollaeyrum við meintum galla

**Ósáttur eigandi sakar Toyota á Íslandi um að skella skollaeyrum við þekktum galla í Land Cruiser 120. Talsmaður Toyota segir ekki tilefni til innköllunar.**

**NEYTENDAMÁL** Toyotaeigandi sakar Toyota á Íslandi um að bregðast ekki við meintum galla í Land Cruiser bifreiðum. Aubert Högnason segist hafa farið með bifreið sonar síns, af gerðinni Land Cruiser 120, í smurningu hjá þjónustuverkstæði Toyota á Selfossi fyrir skemmstu. Þar kom í ljós að grófsigti í smurpönnu var svo stíflað að starfsmaður verkstæðisins sagði að hætta hafi verið á að bíllinn bræddi úr sér nema úr væri bætt. Orsökin liggi í galla í þéttingum undir spíssum.

Aubert segist hafa sloppið fyrir horn og verkstæðið hafi gert við bílinn án endurgjalds, en hann viti um tvo bíla á Selfossi sem hafi brætt úr sér af þessum sökum og viðgerðarkostnaður gæti numið 3-4 milljónum króna. Toyota hafi þó ekki viðurkennt gallann og ekki gert neinar ráðstafanir, þrátt fyrir ábendingu hans.

Fréttablaðið hafði samband við fyrirtækið Framtak-Blossa ehf. sem hefur umboð fyrir umrædda spíssa. Þar fengust þær upplýsingar að nokkuð hafi borið á þessum bilunum og tengdust þær sennilega veðurfari og kulda hérlendis. Ekki væri þó hægt að slá neinu föstu þar sem nú sé verið að skoða þessi mál erlendis.

Aubert fullyrðir hins vegar að Toyota bíði eftir að ábyrgðin á bílunum renni út. „Það sem mig undraði mest er að þeir hafa vitað af þessum galla, eftir því sem mér er sagt, í tvö, þrjú ár," sagði hann og vildi því vara aðra við.

„Ég lofaði sjálfum mér því að gera það sem ég gæti til að forða fjölskyldum frá því að lenda í svona tjóni."

Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota, vísar fullyrðingum Auberts á bug og segir um afmarkað tilfelli að ræða sem gefi ekki tilefni til innköllunar.



**LAND CRUISER 120** Ósáttur Land Cruiser-eigandi segir Toyota á Íslandi neita að viðurkenna galla í bílunum. Forsvarsmenn Toyota vísa ásökunum á bug. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég lofaði sjálfum mér því að gera það sem ég gæti til að forða fjölskyldum frá því að lenda í tjóni.
>
> **AUBERT HÖGNASON** TOYOTA-EIGANDI

Tæplega 4.000 bílar af þessari tegund séu í umferð hérlendis og enginn þekktur galli sé til staðar. Ákvörðun um innköllun liggi ekki hjá þeim, heldur Toyota í Evrópu, Ameríku eða Japan.

„Þetta er hluti af stóru og vel ígrunduðu ferli og Toyota hefur ekki séð ástæðu til að kalla inn út af þessu. Toyota er þekkt fyrir að kalla töluvert mikið inn, því að fyrirtækinu er mjög annt um öryggi og gæði framleiðslunnar og ef ástaða er til innköllunar er það einfaldlega gert. Þetta er ekkert feimnismál."

**thorgils@frettabladid.is**

Ráðherrar fá aðstoðarmenn:

# Kristrún og Anna ráðnar

**STJÓRNMÁL Anna Sigrún Baldursdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður Guðbjarts Hannessonar, heilbrigðis-, félags- og tryggingamálaráðherra. Anna Sigrún var áður aðstoðarmaður Árna Páls Árnasonar á meðan hann gegndi embætti félags- og tryggingamálaráðherra.**



**KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR**

**Árni Páll hefur nú flutt sig um set yfir í efnahags- og viðskiptaráðuneytið og hefur ráðið Kristrúnu Heimisdóttur sér til aðstoðar þar. Kristrún hefur einnig reynslu af því að aðstoða ráðherra, en hún var aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur í utanríkisráðuneytinu frá 2006 til 2009.** **- sh**

Nýr félagsskapur Suðurnesja:

# Konum til afls og hvatningar

**FÓLK** Félagsskapur til eflingar konum á Suðurnesjum mun hefja störf 14. september næstkomandi.

Upphafskonur að félagsskapnum eru þær Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá MSS, og Þóranna K. Jónsdóttir, verkefnastjóri Frumkvöðlasetursins á Ásbrú. Yfir 40 konur hafa boðað þátttöku sína og segir Anna Lóa hugmyndina að félaginu hafa kviknað fyrir löngu.

„Mig langaði til að hvetja konur hér á svæðinu til frekari dáða í námi og starfi og efla tengslanet hér á svæðinu," segir hún. **- sv**

### SJÁVARÚTVEGSMÁL

**Samdráttur í ýsuútflutningi**

Útfluttur óunninn ýsuafli á nýliðnu fiskveiðiári var 10.736 tonn á móti 22.312 tonnum fiskveiðiárið 2008/2009. Í verðmætum nam samdrátturinn 2,8 milljörðum. Meðalverð á hvert kíló nú var 344 krónur en 291 í fyrra. Heildarútflutningur óunnins ísaðs fiskafla nam 38.201 tonn en tæpum 59 þúsund tonnum fiskveiðiárið á undan.

### LEIÐRÉTTING

Kostnaður við skiptastjóra Landsbankans í Hollandi var ranglega færður með kostnaði skilanefndar og slitastjórnar Landsbankans í Fréttablaðinu í gær. Kostnaður skilanefndar og slitastjórnar nam 189 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins en ekki 406 milljónum króna.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**MILT EN BLAUTT** veður á landinu í dag einkum suðaustanlands en skúraveður vestan til. Á morgun verður hægur vindur af suðri með skúrum víða um land en það lítur út fyrir fremur þurrt og bjart veður norðan til. Helgarveðrið lofar nokkuð góðu en þá kólnar lítið eitt.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 21° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 23° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 15° |
| París | 20° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Sigmundur Halldórsson sigmundur@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# Mjólk er góð




# Nú er ræktin málið

Í nýju málræktarátaki Mjólkursamsölunnar sem nú gefur að líta á mjólkurfernum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Mjólkursamsalan býður landsmönnum að velja sitt uppáhaldsnýyrði á **www.ms.is**.

Allir sem taka þátt í valinu eiga möguleika á að vinna lestölvu (iPad frá Apple) eða Íslenska orðabók.

Vertu með og taktu á því í ræktinni!

**www.ms.is**

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL

KJÖRKASSINN



*Ert þú vongóð(ur) um að sátt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið á næstunni?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,7% |
| Nei | 80,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Finnst þér samkeppni á eldsneytismarkaði nógu virk?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Fjármálaráðherra blöskraði ávirðingar þingmanna og svaraði fullum hálsi:

# Sorglegt að sitja uppi með Þór Saari

**ALÞINGI** Þingmönnum varð heitt í hamsi í umræðum um störf Alþingis í gærmorgun og þar féllu stór orð. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var sérstaklega óánægður með málflutning Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar, og Árna Johnsen, þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Árni hafði gagnrýnt ríkisstjórnina mjög, sagt hana feyskna, ónýta og svikula og að hún ætti að fara frá.

„Hverjir eiga að taka við?“ spurði Steingrímur þá úr sæti sínu? Árni svaraði því til að allt-af tæki einhver við, og það þýddi ekki að væla á þennan hátt úr stól fjármálaráðherra. Því næst gerði Árni að umtalsefni aðild Steingríms að kaupum Herjólfs sem samgönguráðherra á sínum tíma, og sagði hann hafa staðið illa að verki.

Steingrímur kom í pontu í lok umræðunnar, sagði Árna umgangast sannleikann af „sínum alþekkta og hefðbundna sið“ og klykkti út með þessum orðum: „Og skammastu þín Árni Johnsen!“

Þá vék Steingrímur orðum sínum að Þór Saari, sem áður hafði farið mikinn og haft uppi stór orð um svik sáttanefndar um fiskveiðistjórnunarkerfið við almenning. „Það er sorglegt að sitja uppi á þingi með eintök eins og háttvirtan þingmann Þór Saari,“ sagði fjármálaráðherra.

Að lokum bað Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingforseti þingheim að gæta orða sinna. **- sh**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Byrsti sig á Alþingi – ekki í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA






# Vill ekkert segja fyrr en að lestri loknum

**Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra vill ekkert tjá sig um skýrslu nefndar um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins og þau álitamál sem nefndin hafði til umfjöllunar. Framhald málsins er þó gerð lagafrumvarps, að hans sögn.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra vill ekkert tjá sig um einstök efnisatriði nýútkominnar skýrslu starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Í viðtali Fréttablaðsins við ráðherra kom ekki fram hvenær hann telur ástæðu til að tjá sig þar sem hann hefur ekki kynnt sér skýrsluna til hlítar.

Jón skipaði starfshópinn í júlí 2009 til að endurskoða fiskveiðistjórnunarkerfið, með vísan til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingar og VG um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Verkefnið var að skilgreina helstu álitaefni sem fyrir hendi eru og setja fram valkosti sem líklegir væru til að sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnunina meðal þjóðarinnar.

Jón segist ánægður með að hópurinn hafi skilað af sér. Hins vegar hafi hann ekki náð að fara í gegnum alla þætti skýrslunnar. „Hún verður í framhaldinu tekin til skoðunar og framhaldsvinnu í ráðuneytinu,“ segir ráðherra.

Starfshópurinn mælir eindregið með að farin verði svokölluð samningaleið. Er það túlkun fulltrúa innan nefndarinnar og hagsmunaaðila að það útiloki fyrningarleiðina en í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og VG frá í maí 2009 stendur: „Lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar og leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á tuttugu ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.“

Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvort Jón túlki niðurstöðu starfshópsins með sama hætti. Eins hvort hann sjái samningaleiðina sem kost.

Þessum spurningum svaraði ráðherra með eftirfarandi hætti: „Ég mun láta fara yfir alla kosti og segi ekki meira að svo stöddu.“

**svavar@frettabladid.is**



**JÓN BJARNASON** Hefur ekki kynnt sér skýrsluna í heild né vinnugögn nefndarinnar. Tjáir sig því ekki að svo stöddu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Spurt og svarað:

Spurður hvort hann útiloki samningaleið eða ætli sér að fylgja eftir upphaflegum hugmyndum ríkisstjórnarinnar svaraði Jón: „Valkostirnir hafa verið lagðir upp og það var hlutverk starfshópsins að leggja upp valkosti. Þarna eru þeir lagðir upp og ráðuneytið fer yfir þá.“

Spurður um hvort niðurstaða nefndarinnar sé ekki langt frá yfirlýstum markmiðum ríkisstjórnarinnar svaraði Jón: „Nú hef ég ekki lesið þessa skýrslu.“

Spurður hvort hann þekki samt ekki þær leiðir sem til umfjöllunar voru, samningaleið, tilboðsleið og svokallaða pottaleið, svaraði Jón: „Málið er komið inn í ráðuneytið og er til umfjöllunar þar.“

Spurður hvort hann vilji ekkert tjá sig um einstök efnisatriði skýrslunnar svaraði Jón: „Skýrslan er komin til ráðuneytisins.“

Spurður hvort hann hafi ekkert kynnt sér vinnu nefndarinnar á því rúma ári sem hún hefur starfað svaraði Jón: „Nefndin starfaði á eigin vegum án afskipta ráðuneytisins.“

Spurður hvort hann hafi séð gögn nefndarinnar eins og sérfræðiálit, sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlum svaraði Jón: „Þær skýrslur sem hafa verið unnar hafa verið skoðaðar.“

Spurður hvort hann hafni því alfarið að svara spurningum Fréttablaðsins um vinnu starfshópsins og þau álitamál sem þar voru til umfjöllunar svaraði Jón: „Já, að svo stöddu.“

Viðhorfskönnun um sektir taki mjólkursamlög á móti mjólk umfram kvóta:

# Meirihluti andvígur sektum

**LANDBÚNAÐUR** Mikill meirihluti almennings er á móti því að þau mjólkursamlög sem taka á móti mjólk umfram kvóta séu beitt fjársektum, eða um 85 prósent. Kemur þetta fram í nýrri könnun sem Markaðs- og miðlarannsóknir (MMR) gerðu á málinu. 15 prósent svarenda voru fylgjandi því að sekta ætti mjólkursamlög tækju þau á móti mjólk umfram greiðslumark.

Séu svörin borin saman við stjórnmálaskoðanir kemur í ljós að fylgjendur Framsóknarflokks og Vinstri grænna eru hlynntari fjársektum á mjólkursamlögin heldur en fylgjendur Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar.

26 prósent fylgjenda Framsóknarflokks eru fylgjandi fjársektum og 23 prósent kjósenda Vinstri grænna. 12 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks vilja fjársektir og um 11 prósent kjósenda Samfylkingarinnar.

Könnunin var framkvæmd dagana 13. til 19. ágúst síðastliðna og var heildarfjöldi svarenda 875 einstaklingar. **- sv**

# ESTĒE LAUDER GJÖF

# GJÖFIN ÞÍN

DAGANA 9.-15. SEPTEMBER
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 9. – 15. september.




**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Take It Away Makeup Remover** – Andlitshreinsi 30ml
**Perfectionist (CP+)** – Viðgerð á línum og hrukkum, 7ml
**Resilience Lift Crème** – Styrkjandi andlitskrem, 15ml
**Pure Color Crystal** – Varalit, Crystal coral, full stærð
**Pure Color Eyeshadow Box** – Augnskuggabox með 4 augnskuggum
**DoubleWear Mascara og Lash Primer** – Maskara og augnháranæringu
**Stóra og góða snyrtitösku**

**Verðgildi gjafarinnar er kr. 19.400.-**

**Meðan birgðir endast.*

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hvað stendur til að frumsýna margar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd næsta hálfa árið, eða svo?*

*2. Hvað heitir færeyski þingmaðurinn sem neitaði að sitja til borðs með forsætisráðherra Íslands?*

*3. Hvert sigldi Herjólfur í gærmorgun?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Einkaréttur þýska ríkisins á happdrætti stenst ekki Evrópusambandslög:

# Forvarnagildið er marklaust

**ÞÝSKALAND** Ríkiseinokun á nokkrum tegundum happdrættis, sem tíðkast hefur lengi í Þýskalandi, stenst ekki lög Evrópusambandsins samkvæmt úrskurði Evrópudómstólsins.

Um er að ræða lottó, getraunir og fleiri happdrætti, sem áratugum saman hafa notið mikilla vinsælda í Þýskalandi. Til þess að vernda spilafíkla var ákveðið að einungis hið opinbera gæti starfrækt þessa starfsemi.

Rök dómstólsins eru þau að forvarnagildið, sem er réttlæting þessa fyrirkomulags í Þýskalandi, standist enga skoðun vegna þess að ríkishappdrættið er auglýst grimmilega í Þýskalandi.

Dómstóllinn bendir einnig á að einkaaðilar hafi fengið leyfi til að starfrækja gríðarlegan fjölda af spilakössum víðs vegar um land.

„Undir þessum kringumstæðum er ekki lengur hægt að ná forvarnatilgangi einkaréttarins, þannig að ekki er lengur hægt að réttlæta einokunina,“ segir í úrskurði dómstólsins. **- gb**




**LOTTÓMIÐAR ÚTFYLLTIR** Vegna þess hve ríkið auglýsir grimmt verður ekkert úr forvarnagildi ríkiseinokunar. NORDICPHOTOS/AFP

Sjúkraliðar krefjast endurbóta:

# Vilja aðgerðir í launamálum

**KJARAMÁL** Sjúkraliðar krefjast þess að laun þeirra hjá ríkisstofnunum verði leiðrétt og að þegar verði samið við stéttina sem verið hefur með lausa samninga vel á annað ár. Trúnaðarmenn sjúkraliða telja að stéttin hafi dregist verulega aftur úr sambærilegum stéttum hvað varðar laun, þá sérstaklega karlastéttum sem nýverið hafa samið við ríkið um launahækkanir.

Sjúkraliðar hvetja fjármálaráðherra til að leiðrétta kynbundinn launamun. **- sv**

Tveir um tvítugt dæmdir:

# Réðust á fjórtán ára pilt

**DÓMSMÁL Tveir menn um tvítugt hafa verið dæmdir í 45 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að ganga í skrokk á fjórtán ára pilti.**

**Þeir réðust á piltinn utandyra í Mosfellsbæ, slógu hann með krepptum hnefa í andlit og slógu einnig og spörkuðu í líkama hans er hann lá í götunni. Framtönn í efri gómi fórnarlambsins brotnaði, vinstri framtönn í efri gómi losnaði og pilturinn hlaut mar á andliti, höfði og brjóstkassa og sár í munni sem sauma þurfti með þremur sporum.**

**Mennirnir játuðu verknaðinn sem þeir frömdu þegar þeir voru átján ára. - jss**

## DÓMSTÓLAR

### Dæmd fyrir ellefu brot

Kona hefur verið dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tvö umferðarlagabrot, tvö fíkniefnabrot, sex þjófnaði og eitt innbrot.

### Bensínþjófur dæmdur

Karlmaður hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot á umferðarlögum með því að aka réttindalaus. Þá stal hann hvað eftir annað bensíni, sem hann dældi á bíl og ók á brott án þess að borga.

## ÖRYGGISMÁL

### Björgunarskip sótti bát

Beiðni um aðstoð Gunnars Friðrikssonar, björgunarskips SL á Ísafirði, barst í fyrradag vegna báts sem fékk færi í skrúfuna. Björgunarskipið lét úr höfn án tafar og dró bátinn til hafnar í Bolungarvík vandræðalaust.



**ÍSAKSSKÓLI** Borgin greiðir ekki niður mat til foreldra barna í Ísaksskóla og Landakotsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Borgin ætti ekki að mismuna börnum

**Skólastjóri Landakotsskóla segir að Reykjavíkurborg ætti að koma til móts við foreldra í öllum grunnskólum varðandi niðurgreiðslu á mat. Foreldrar þar borga rúmlega helmingi meira fyrir mat en í öðrum grunnskólum borgarinnar.**

**GRUNNSKÓLAR** Reykjavíkurborg niðurgreiðir ekki mat í einkaskólunum Ísaksskóla og Landakotsskóla. Foreldrar barna í þessum skólum borga því 11.700 krónur á mánuði fyrir fæði barna sinna, í stað þeirra 5.000 króna sem greiða þarf í skólum sem borgin rekur.

Sölvi Sveinsson, skólastjóri Landakotsskóla, segir að skólinn muni leita eftir því að Reykjavíkurborg greiði niður mat fyrir nemendur skólans eins og önnur börn í Reykjavík.

„Það ætti ekki að skipta máli hvort þau séu í Ísaksskóla og Landakotsskóla eða Hagaskóla og Melaskóla,“ segir Sölvi. „Ég hefði haldið að það yrði að minnsta kosti 150 krónum ódýrara á dag, ef ekki meira, ef borgin kæmi til móts við foreldra.“

Sölvi segir börn og foreldra almennt vera mjög ánægð með matinn í skólanum og mælist til þess að fleiri skólar nýti sér svipaða þjónustu.

„Það sem skiptir mestu máli er að krakkarnir séu ánægðir með matinn og hann sé góður fyrir þá,“ segir hann.

Erna Sverrisdóttir hjá Happi, sem sér um matinn í Ísaksskóla og Landakotsskóla, segir fyrirtækið hafa þá stefnu að bæta heilsu Íslendinga og auðvitað liggi beinast við að byrja á æsku landsins.

Hún segir að hollum matarvenjum og góðum siðum eigi að gera hátt undir höfði í grunnskólum.

„Þetta er mikilvægt uppeldisatriði. Við þurfum að hlúa betur að matarvenjum okkar. Við gerðum tilraun með Happ-mat í rétt rúman mánuð í Landakotsskóla og það tókst gífurlega vel,“ segir Erna. „Hlutfall grænmetis og hollra kolvetna er miklu hærra hjá okkur en í öðrum skólaeldhúsum. Á flestum stöðum eru aðeins 9 prósent matarins sem þar er á borð borinn grænmeti og ávextir sem er langt undir ráðlögðu magni Lýðheilsustöðvar.“

Verð á matarskammti fyrir börnin fer eftir fjölda þeirra, bæði í Ísaksskóla og Landakotsskóla.

Happ er í samningaviðræðum við þriðja skólann.

„Við teljum að maturinn hjá okkur sé ekki dýrari en í mötuneytum hjá Reykjavíkurborg, miðað við þá niðurgreiðslu sem á sér stað þar,“ segir Erna.

sunna@frettabladid.is


HEIÐURSSKRÁ — TABULA GRATULATORIA

RITGERÐASAFN TIL HEIÐURS

ÞORSTEINI VILHJÁLMSSYNI

SJÖTUGUM 27. SEPTEMBER 2010

*Vísindavefur*

Þorsteinn Vilhjálmsson hefur verið starfsmaður Háskóla Íslands í rúm 40 ár, síðan hann réðst sem sérfræðingur á stærðfræðistofu Raunvísindastofnunar árið 1969. Hann var lektor og síðar dósent í eðlisfræði á árunum 1971–89 er hann varð prófessor í vísindasögu. Þorsteinn er frumkvöðull í kennslu og rannsóknum í vísindasögu við Háskólann og hefur unnið ötult starf við miðlun vísindaþekkingar til almennings og vísindasamfélagsins. Hann hefur frá upphafi verið aðalritstjóri *Vísindavefsins*, þar sem svarað er spurningum á hvaða fræðasviði sem er, og hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir framlag sitt til vísindamiðlunar. Mesta rit hans er tveggja binda verkið *Heimsmynd á hverfanda hveli. Saga frá heimssýn vísindanna frá öndverðu fram yfir daga Newtons* sem kom út á árunum 1986–87.

Ritnefnd skipa Einar H. Guðmundsson, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, Gunnar Karlsson, Orri Vésteinsson og Sverrir Jakobsson.

Ritið verður 332 bls., vandað og veglegt í alla staði. Þeir sem vilja heiðra Þorstein Vilhjálmsson að þessu tilefni, geta gerst áskrifendur að bókinni og fá nafn sitt (og maka) eða stofnunar birt með nöfnum annarra áskrifenda á heiðursskrá.

Senda má skráningu í netfangið hib@islandia.is
eða hringja í síma 588-9060.

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG, SKEIFUNNI 3B, 108 REYKJAVÍK


Þeir sem eiga sams konar kröfur geta nú stofnað félög utan um málsóknir:

# Lög um hópmálsóknir samþykkt

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti í gær lög um hópmálsóknir og tóku þau þegar gildi. Allir viðstaddir þingmenn greiddu frumvarpinu atkvæði sitt.

Í frumvarpinu er þeim sem telja sig eiga sams konar dómkröfur á hendur sama aðila af sama tilefni heimilað að stofna svokallað málsóknarfélag utan um málareksturinn, þannig að hver og einn þurfi ekki að reka sjálfstætt mál með tilheyrandi óhagræði fyrir alla sem hlut eiga að máli, bæði málsaðila og dómstóla.

Hugmyndir hafa lengi verið uppi um að heimila með lögum hópmálsóknir á Íslandi. Þar til nýlega var hins vegar jafnan horfið frá því vegna þess að ekki var við norrænar fyrirmyndir að styðjast. Árið 2003 voru lög af þessu tagi hins vegar innleidd í Svíþjóð og árið 2008 í Danmörku, Finnlandi og Noregi.

Að því er segir í greinargerð með frumvarpinu er lögunum ætlað að greiða fyrir aðgangi að dómstólum. Úrræðið er einkum fyrir þau tilvik þegar fjöldi manna telur sig eiga fjárkröfur af sama tilefni en krafa hvers og eins er svo lág að það myndi ekki svara kostnaði fyrir hvern og einn að höfða sérstakt dómsmál. **- sh**




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Nýju lögin kunna að létta álagi af dómstólum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA


FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Lesum SAMAN



**Dagana 9. - 21. september. Skemmtilegar uppákomur og tilboð!**




**1.870 kr.**
Verð áður
2.680 kr.

Paddington í skemmtiferð
*Michael Bond*




**2.990 kr.**
Verð áður
kr. 3.790

365 hugmyndir til að teikna og mála
*Föndurbók*




**2.080 kr.**
Verð áður
2.980 kr.

Breki og Dreki í leikskóla
*Aino Havukainen og Sami Toivonen*




**1.990 kr.**
Verð áður
2.990 kr.

Fjallabók barnanna
*10 gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur*




**1.990 kr.**
Verð áður
2.990 kr.

Rikka og töfrahringurinn
*Hendrikka Waage*




**1.950 kr.**
Verð áður
2.790 kr.

Tíu lítil sveitakríli
*Hlustaðu á dýrahljóðin*




**1.950 kr.**
Verð áður
2.790 kr.

Fyrstu orðin
*Púslubók*

**595 kr.**
Glæný og
spennandi!




Nonni eignast nýjan vin
*Helga Jóhanna Úlfarsdóttir*




**1.110 kr.**
Verð áður
1.590 kr.

Ketllingar
*Fyrir minnstu krílin*

**Þegar hausta tekur er tilvalið að eiga notalegar samverustundir með fjölskyldunni. Það er gaman að lesa saman!**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**BLÍÐAN Í BRASILÍU** Tvær manneskjur í gönguferð um Arpoador-ströndina í Rio de Janeiro, stærstu borg Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirtaka með friðsamlegum hætti í máli níumenninganna sem sakaðir eru um árás á Alþingi:

# Tekist á um hæfi setts ríkissaksóknara

**DÓMSMÁL** Ragnar Aðalsteinsson, verjandi fjögurra sakborninga af níu sem ákærðir eru fyrir að hafa ruðst í heimildarleysi inn í Alþingishúsið í búsáhaldabyltingunni, krafðist þess í gær að málinu yrði vísað frá dómi. Ástæðuna segir hann vera vanhæfi setts ríkissaksóknara, Láru V. Júlíusdóttur. Dómari tók málið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Ragnar benti á að Alþingi hefði kosið Láru til setu í bankaráði Seðlabankans og sé hún þar með trúnaðarmaður Alþingis í ráðinu.

Þá las hann upp tölvupósta sem farið höfðu á milli saksóknarans og skrifstofustjóra Alþingis vegna málsins. Taldi lögmaðurinn póstana vera með sniði kunningsskapar frekar en formlegheita. Loks benti hann á að ákærur ríkissaksóknara, sem síðan reyndist vanhæfur í málinu, og setts saksóknara væru með sama orðalagi, sem gæti bent til þess að sá síðarnefndi hefði ekki unnið sjálfstætt að ákærunni.

Lára sagði að Seðlabankinn væri sjálfstæð stofnun og ekkert vinnusamband á milli bankaráðs Seðlabankans og Alþingis. Starf sitt í bankaráði væri ekki til þess fallið að hægt væri að efast um óhlutdrægni sína. Bankaráðið hefði ekki neinna hagsmuna að gæta í málinu. Starfið í bankaráði snerist um eftirlit með starfsemi bankans. Einu tengsl hennar við Alþingi séu þau að þingið hafi kosið hana til setu í ráðinu.

Þá kvað hún Alþingi ekki hafa skipað sig sem ríkissaksóknara í málinu. Það hefði verið ráðherra.

Tölvupóstinn sagði hún hafa mátt vera formlegri en eðli tölvupósta væri stundum þannig að þeir væru óformlegir. -jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Fyrirtaka málsins var í gær með friðsamlegri hætti en áður. Borði til stuðnings mótmælendunum var strekktur yfir götuna við dómhúsið.



**BRESKT TUNDURDUFL** Duflið á myndinni kom í troll skips árið 2008. MYND/LHG

Tundurdufl gert óvirkt:

## Innihélt 220 kíló af sprengiefni

**ÖRYGGISMÁL** Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar luku í gær við að eyða tundurdufli sem togbáturinn Skinney frá Hornafirði fékk í trollið við veiðar suður af Snæfellsjökli í gærmorgun. Var um að ræða breskt tundurdufl frá seinni heimsstyrjöldinni sem var býsna heillegt, að sögn sprengjusveitarmanna. Reiknað er með að um 220 kíló af sprengiefni hafi verið inni í duflinu.

Var tundurduflið flutt á afskekkt svæði utan við Rif á Snæfellsnesi þar sem því var eytt. Að sögn LHG er alltaf gert ráð fyrir hinu versta þegar tundurdufl koma í veiðarfæri því ekki er útilokað að gamall búnaður springi þrátt fyrir langa legu í sjó. - shá

# Var grimmari en orð fá lýst

**„Mótþróinn varð mér nauðsynlegur til að lifa af," segir Natascha Kampusch í ævisögu sinni, sem þessa dagana er að koma út í Austurríki. Hún var í átta ár fangi mannræningjans Wolfgangs Priklopil í Austurríki.**

**AUSTURRÍKI** „Ég tel núna að Wolfgang Priklopil hafi, með því að fremja hræðilegan glæp, viljað búa sér til ekkert annað en lítinn fullkominn heim fyrir sjálfan sig með manneskju sem gæti verið þarna bara fyrir hann," skrifar Natascha Kampusch í ævisögu sinni, sem þessa dagana er að koma út í Austurríki.

Ævisagan nefnist „3.096 dagar" og þar lýsir hún reynslu sinni af Priklopil, sem rændi henni úti á götu í Vínarborg þegar hún var tíu ára og hélt henni fanginni í litlum klefa á heimili sínu í átta og hálft ár. Árið 2006 tókst henni að flýja og sama dag svipti hann sig lífi.

„Á margan hátt var mannræninginn skepna og grimmari en orð fá lýst," skrifar hún. „Stundum barði hann mig svo lengi að mér fannst barsmíðarnar standa yfir klukkustundum saman." Stundum hafi hann ekki bara notað hendurnar, heldur garðklippur, kúbein og sementspoka.

Hann lét hana svelta lengi, sagði hana vera of feita, en síðar hafi hún áttað sig á því að hann hafi með þessu dregið úr henni mátt svo hún ætti erfiðara með að flýja eða sýna mótspyrnu.

Hún segir hann hafa dáð Adolf Hitler og lagt að henni að lesa bók Hitlers, Mein Kampf.

Hann hafi lagt alla áherslu á að hún yrði honum undirgefin. „Þú átt enga fjölskyldu lengur. Ég er faðir þinn, móðir þín, amma þín og systur þínar. Ég er þér allt," segir hún hann hafa sagt. „Ég hef skapað þig," sagði hann líka.

Hún segist þó alla tíð hafa neitað að krjúpa fyrir framan hann, þótt hann hafi aftur og aftur heimtað það af henni.

Hann hafi neytt hana til þess að ganga um hálfnakta bæði í húsinu og úti í garði. Það hafi bæði verið gert til að niðurlægja hana og til þess að koma í veg fyrir flótta. „Hann vissi sem var að ég myndi ekki þora að flýja hálfnakin."

Hún segir hvergi frá nauðgunum, en tekur þó fram að hún vilji halda því versta eftir fyrir sjálfa sig. Fólk viti nú þegar of mikið.

Eftir fjórtán ára aldur lét hann hana stundum sofa við hliðina á sér í rúminu uppi í íbúðinni, hlekkjaða við hann með handjárnum. Ekki hafi hann þó reynt að nauðga henni. „Maðurinn sem barði mig, lokaði mig niðri í kjallara og svelti mig, vildi bara hafa einhvern til að hjúfra sig upp að," segir hún.

Hún hefur í viðtölum vegna útkomu bókarinnar sagt einna erfiðast að útskýra fyrir fólki að stundum hafi hún þrátt fyrir allt átt góðar stundir með kvalara sínum. Hann var eini félagsskapurinn sem hún átti kost á allan þennan tíma.

Hún hafi þó haft betur á endanum og aldrei gerst honum undirgefin eins og hann vildi.

„Honum mistókst," segir hún í einu viðtalinu. „Það er ekki hægt að stjórna neinum algerlega, því ef maður reynir það þá verður sá sem reynt er að stjórna sá sem stjórnar – því athyglin er öll á honum." gudsteinn@frettabladid.is



**Í SJÓNVARPSVIÐTALI** Natascha Kampusch segir nú sögu sína í viðtölum og ævisögu, sem brátt verður kvikmynduð. NORDICPHOTOS/AFP



**BÓKIN KOMIN Í BÚÐIR**






**TÁLKNAFJÖRÐUR** Tálknafjarðarhreppur krefur manninn um tæpar tvær milljónir í skaðabætur.

Maður á fimmtugsaldri ákærður fyrir fjárdrátt:

## Fyrrverandi skólastjóri dró sér fé frá skólanum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fyrrverandi skólastjóra grunnskólans á Tálknafirði fyrir Héraðsdómi Vestfjarða fyrir fjárdrátt og brot í starfi.

Skólastjóranum fyrrverandi er gefið að sök að hafa dregið sér rúmlega eina og hálfa milljón króna af fjármunum skólans.

Í ákæru segir að maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, hafi á tímabili frá 5. nóvember 2008 til 30. júlí 2009 misnotað aðstöðu sína sem skólastjóri, bæði á þáverandi heimili sínu að Innstu-Tungu í Tálknafirði, og í húsnæði Grunnskólans á Tálknafirði, að Sveinseyri. Hann hafi dregið sér samtals rúmlega eina og hálfa milljón með óheimilum millifærslum af bankareikningi skólans hjá Sparisjóði Vestfirðinga, sem skólastjórinn fór með vörslu á og hafði aðgang að með heimabanka. Af heildarupphæðinni færði maðurinn inn á eigin bankareikning tæpar 1,3 milljónir í nítján færslum. Samtals 230 þúsund færði hann svo í sex færslum inn á bankareikning eiginkonu sinnar. Þessa fjármunii hagnýtti maðurinn sér í eigin þágu og fjölskyldu sinnar.

Tálknafjarðarhreppur gerir skaðabótakröfu í málinu, vegna Grunnskólans á Tálknafirði. Þess er krafist að skólastjórinn fyrrverandi greiði hreppnum tæpar tvær milljónir króna með vöxtum. - jss

Þriðja Fjölsmiðjan stofnsett:

## Ungt fólk fær ný tækifæri

**ATVINNUMÁL Fjölsmiðja verður stofnuð á Suðurnesjum fyrir tilstilli Vinnumálastofnunar, Rauða kross Íslands og sveitarfélaganna á Suðurnesjum.**

**Fjölsmiðjan er atvinnutengt úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu og felst starfsemi hennar einkum í framleiðslu vara, faglegri verkþjálfun og ýmiss konar þjónustu. Ráðgert er að til að byrja með verði um 20 til 25 einstaklingar í Fjölsmiðjunni á hverjum tíma.** - shá

Ráðuneyti styrkir úrræði:

## Tryggja rekstur til áramóta

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur veitt 800 þúsund króna styrk til meðferðarúrræðisins Karlar til ábyrgðar. Styrkurinn er hugsaður til að hægt sé að halda rekstri óskertum til ársloka.

Karlar til ábyrgðar er sérhæft meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Rekstur þess og stjórnun er í höndum Jafnréttisstofu og felst meðferðin í einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Rekstrarkostnaður verkefnisins á þessu ári verður 6,8 milljónir króna að meðtöldum styrk ráðuneytisins. - shá

HYUNDAI

NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

# i20




Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

## i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai i20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai i20, hann á eftir að koma þér á óvart.

**Verð frá: 2.540.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

### i30



i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð frá 2.690.000 kr.**

### ix35



ix35 er nýr sportjeppi sem er að slá öll sölumet í Evrópu.

**Verð 4.990.000 kr.**

ENNEMM / SÍA / NM42716

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

B&L

IH INGVAR HELGASON

SOUTH AFRICA 2010 FIFA WORLD CUP © 2005 FIFA TM

# Langt í lendingarleyfi ECA á Íslandi

**Flugmálastjórnar bíður flókið verkefni við að undirbúa skráningu herþotna ECA. Hún þarf meðal annars að kanna hvort önnur Evrópuríki myndu neita óvopnuðum herþotum fyrirtækisins um lendingarleyfi. Semja þarf við ýmis ríki um undanþágur frá reglum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað stendur í vegi fyrir því að ECA Program hefji starfsemi á Keflavíkurflugvelli?

Þótt Kristján L. Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, hafi í síðustu viku falið Flugmálastjórn „að hefja nú þegar undirbúning“ að skráningu óvopnaðra herþotna fyrirtækisins ECA Program hér á landi er langt í land þar til ljóst verður hvort starfsemi fyrirtækisins verði að veruleika hérlendis.

ECA vill skrá hér á landi um tuttugu óvopnaðar, rússneskar Sukhoi herþotur og leigja út til þess að taka að sér hlutverk óvinaflugvéla á heræfingum víða um heim.

Forstjóri fyrirtækisins, Melville ten Cate, hefur sagt að það muni aðeins eiga viðskipti við ríkisstjórnir sem hliðhollar eru vestrænum ríkjum. Hann segir að fyrirtækið skilgreini sig sem einkarekið hernaðarfyrirtæki. Aðeins hluti af starfsemi þess verður hér á landi en það hefur hingað til meðal annars annast flutningaþjónustu á ófriðarsvæðum fyrir heri og alþjóðlegar hjálparstofnanir.

Heildarfjárfesting ECA vegna kaupa á herþotunum og tengdum tækni- og hernaðarbúnaði verður um 200 milljarðar króna, þar um fjórir milljarðar hérlendis. Ten Cate hefur sagt að fjármögnun sé til reiðu af hálfu bandarísks fjárfestingarbanka. Eigendur félagsins eru nokkrir erlendir einstaklingar, sem ekki hafa verið nafngreindir.

Frá í febrúar og þar til 31. ágúst lá óhreyfð á borði samgönguráðherra skýrsla Flugmálastjórnar þar sem fram kemur að þótt mögulegt sé að skrá herþotur ECA í borgaralegan flugflota Íslendinga og starfrækja þær hérlendis sé það ýmsum vandkvæðum háð. Mörg atriði séu óljós og erfiðum spurningum ósvarað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er verkefnið sem bíður Flugmálastjórnar eftir ákvörðun ráðherrans um að halda áfram vinnu að málinu bæði óvenjulegt og flókið. Leita þarf svara við fjölmörgum spurningum hjá erlendum ríkjum og fjölþjóðastofnunum.

Flugrekstur, þar sem herþotur, jafnvel óvopnaðar, eru reknar undir borgaralegu flugrekstrarleyfi þekkist ekki í öðrum löndum. Þar er litið eftir rekstri herþotna af hálfu hernaðaryfirvalda án þess að borgaraleg stjórnsýsla eigi hlut að máli.

Vilji íslensk stjórnvöld greiða ECA leið þarf því að semja við önnur ríki um undanþágur frá ýmsum meginreglum.

Nú eru um sjötíu þotur í íslenska flugflotanum. Um fjörutíu starfsmenn Flugmálastjórnar annast þá stjórnsýslu sem þessu tengist. Um helmingur kostnaðarins er greiddur beint úr ríkissjóði en helmingur með gjaldtöku frá fyrirtækjunum. Óljóst er hve mikið þyrfti að þenja út starfsemi Flugmálastofnunar vegna Sukhoi-herþotna ECA ef ryðja tekst hindrunum úr vegi. Takist slíkir samningar og öðrum hindrunum yrði úr vegi rutt yrðu stjórnsýsluverkefnin sem tengjast ECA þó „umfangsmikil viðbót“ við starfsemi Flugmálastjórnar, að sögn heimildarmanns.

Í bréfi ráðherrans til Flugmálastjórnar setur hann fram tólf spurningar sem hann felur stofnuninni að kanna. Þær eru birtar hér til hliðar og eins og þar sést þarf m.a. að kanna viðbrögð alþjóðaflugheimsins við þessu verkefni og svara því hvort líklegt sé að önnur Evrópuríki kynnu að neita þessum vélum um lendingarleyfi í framtíðinni.

peturg@frettabladid.is



## Áður en ECA fær leyfi

Þær spurningar sem Kristján L. Möller, fráfarandi samgönguráðherra, fól Flugmálastjórn að leita svara við áður en hægt er að taka ákvörðun um að skrá óvopnaðar herþotur ECA hér á landi fara hér á eftir. Margar þeirra bera með sér hve óvenjulegt verkefni hér er á ferð og hve mörgum grundvallarspurningum um það hvort starfsemin sé raunhæf hér á landi er ósvarað en þoturnar eiga að vera í sífelldum ferðum til að taka þátt í heræfingum víða um heim.

- Eru ríki sem Ísland á í samstarfi við tilbúin að aðstoða við ECA-verkefnið, til dæmis varðandi skráningu vélanna? Hvaða ríki eru það og hvert er viðhorf þeirra til verkefnisins?
- Kanna þarf reglur sem gilda í nágrannaríkjum um slíka starfsemi eftir því sem við á.
- Er reynsla og þekking til staðar á Íslandi á þeim flugvélum sem ECA hefur sótt um flugrekstrarleyfi á?
- Hver er ábyrgð íslenskra yfirvalda á flugförum ECA við æfingar utan lofthelgi?
- Hvert er mat Flugmálastjórnar á viðbrögðum alþjóðaflugheimsins vegna verkefnisins?
- Er líklegt að önnur Evrópuríki kynnu að neita þessum vélum um lendingarleyfi í framtíðinni?
- Má búast við að hávaði frá þessum vélum trufli samfélagið við völlinn? Er hægt að takmarka hávaðamengun, t.d. þannig að ekki verði notast við eftirbrennara sem yfirleitt valda mestri hávaðamengun?
- Hefur þessi starfsemi áhrif á losunarkvóta Íslands á kolvetni?
- Gerir umsókn ECA einungis ráð fyrir að fyrirtækið starfi fyrir ríki NATO? Ef ekki, tilgreina þá hvaða önnur ríki um er að ræða.
- Önnur álitamál sem Flugmálastjórn vill koma á framfæri.








**Á FUNDI UNCTAD** Ingrid Fiskaa, frá utanríkisráðuneyti Noregs, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Supachai Panitchpakdi, framkvæmdastjóri UNCTAD. MYND/FORSETAEMBÆTTIÐ

Forsetinn varar við aukinni skuldasöfnun Evrópuríkja:

# Ísland hafi alltaf borgað skuldir sínar

**UTANRÍKISMÁL** Helstu orsakir íslensku fjármálakreppunnar voru bundnar við óábyrga lánastarfsemi þriggja einkabanka. Þetta sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í setningarræðu sinni á sérstökum fundi sem haldinn var á alþjóðaþingi Viðskipta- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNCTAD, í Xiamen í Kína í gær.

„Fundinn, sem fjallaði um ábyrga fjármálastjórn ríkja, sóttu áhrifamenn í fjármálum og efnahagsmálum víða að úr veröldinni,“ segir í tilkynningu forsetaembættisins.

Ólafur sagði endurskipulagningu alþjóðlega fjármálakerfisins verða að byggja á ábyrgri fjármálastefnu ríkja, samvinnu og stöðugleika. Um leið varaði hann við þeim hættum sem mikil skuldasöfnun hefði í för með sér. Þær hefðu áður fyrr verið bundnar við þróunarríki en settu nú svip á vanda ýmissa Evrópuríkja.

„Íslenska ríkið hefði ávallt staðið við allar sínar alþjóðlegu skuldbindingar og greitt að fullu þau lán sem það hefði tekið.“

Ólafur sagði mikilvægt að stjórnvöld í öllum löndum legðu nú grunn að trausti og ábyrgri fjármálastefnu, bæði einkaaðila og hins opinbera.

„Það ætti ekki síst við um lánardrottna sem yrðu að gaumgæfa vel hverjum þeir lánuðu, ganga úr skugga um að tryggingar væru traustar, því ábyrgðin á lánunum væri bæði hjá þeim sem tækju þau og hinum sem veittu lánin.“

- óká

//10.09.2010

# Haustráðstefna Skýrr 2010

# Stærsti viðburður ársins í upplýsingatækni

**Föstudaginn 10. september 2010 verður hin árlega Haustráðstefna Skýrr haldin á Hilton Nordica. Þetta er stærsta ráðstefna Skýrr um upplýsingatækni frá upphafi, enda um 60 fyrirlestrar í boði á 8 mismunandi fyrirlestralínum.**

Þetta er sextánda árið í röð, sem ráðstefnan er haldin og í ár er gert ráð fyrir metaðsókn, enda sjaldan verið jafn mikil eftirspurn eftir gagnlegri fræðslu um lausnir í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið.

Að ráðstefnunni lokinni verður boðið upp á léttar veitingar og tónlistarflutning.



Lykilræða

## James Gosling

**faðir Java og fv. þróunarstjóri Sun og Oracle**

Lykilræða

## Timo Elliot

**trúboði í viðskiptagreind hjá SAP BusinessObjects**



60 fyrirlestrar
á 8 fyrirlestralínum:

**Viðskiptagreind**
**Öryggislausnir**
Rekstrarþjónusta
**Oracle**
Samþætting
**Microsoft**
Veflausnir
**Bland í poka**

Skráning og dagskrá: **skyrr.is**

<Haustráðstefna>
SKÝRR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Það er einfaldlega ódýr[...]



139 KR.KG

## ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR



259 KR.250g
FROSIN HINDBER 250g

259 KR.250g
FROSIN BLÁBER 250g

259 KR.350g
FROSIN BERJABLANDA 350g

198 KR. 250ml
EUROSHOPPER ÞEYTIRJÓMI 250ml

157 KR. 250ml
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR



198 KR.4 STK
BÓNUS LANGLOKUR 4 STK.

159 KR.500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g

179 KR.500g
BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR 500g

KOMIN Í BÓNUS
OS LÉTT OG LAGGOTT TILBOÐSASKJA 400g

157 KR. 250ml
MS HLEÐSLA 250ml

Hafragrautur er algerlega ómissandi í heilsuátakinu og ein ódýrasta máltíð sem völ er á!

ÓMISSANDI ÚT Í HAFRAGRAUTINN



69 KR.500g
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500g

259 KR.500g
BÓNUS AMERÍSKAR RÚSÍNUR

## BÓNUS VANILLUÍS MEÐ FYLLINGU 1 LTR.



198 KR. 1 kg.
BÓNUS VANILLUÍS 1.LTR MEÐ SÚKKULAÐIFYLLING
BÓNUS VANILLUÍS 1 LTR.MEÐ KARAMELLUFYLLINGU



198 KR. 160g
BÓNUS SNAKK 160g FJÓRAR TEGUNDIR

198 KR. 165g
DORITOS SNAKK 165g TVÆR TEGUNDIR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

# ara að versla í Bónus




259 KR.620g

K.F NÝTT KJÖTFARS 620g




498 KR.KG

KJARNAFÆÐI REYKTUR GRÍSABÓGUR 498 KR.KG.




398 KR.KG

BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK




898 KR.KG

FERSKAR *ÚRBEINAÐAR* GRÍSAHNAKKASNEIÐAR




898 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



798 KR.KG

FERSKT BLANDAÐ NAUTA/GRÍSAHAKK




298 KR.830g

ORA FISKBOLLUR HEILDÓS 830g



35% AFSLÁTTUR

K.S FROSIN LAMBASVIÐ

**194 kr.kg.** MERKT VERÐ 298 KR.KG.

ROOKEE NÚÐLUR 4 TEG

29 KR.PK




ROOKEE NÚÐLUR 85G

*ÞESSI VARA HÆTTIR Í BÓNUS*



39 KR. 250g

EUROSHOPPER HEILL ASPARS 250g.



139 KR. 2 stk

EUROSHOPPER 2 STK FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ



139 KR. 2 stk

EUROSHOPPER 2 STK FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ M.KRYDDJURTUM




98 KR. 1 ltr.

98 KR. 1 ltr.

98 KR. 2 ltr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## Útgjöldin

> Kílóverð á nautahakki




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Steingrímur Teague, hljómborðsleikari og söngvari í Moses Hightower

## *Valið stóð á milli gjaldþrots og kúls*

„Það er leit að trúgjarnari og hrekklausari neytanda en mér. Mín neytandasaga er ein samfelld hrakfallasaga. Það er mjög erfitt að finna kaup sem eru mjög góð, en að vandlega athuguðu máli þá held ég að verstu og bestu kaup sem ég hef gert, séu þau sömu," segir Steingrímur Teague, hljómborðsleikari og söngvari í Moses Hightower.

Steingrímur festi kaup á svörtum leðurjakka fyrir nokkrum árum. „Ég hef aldrei á ævinni verið svona mikill töffari. Allt í einu var ég orðinn hættulegur og viðsjárverður og naut kvenhylli sem ég hef aldrei náð að toppa – hvorki fyrr né síðar," segir Steingrímur. „En gallinn við þetta var að hann var sniðinn eins og ég vildi að ég væri í laginu, frekar en ég var í raun. Þannig að ég þurfti að standa kyrr, alltaf, sem var allt í lagi, því það samræmdist þeirri kúl-ímynd sem ég var að reyna að tileinka mér."



Svo gerðist það að Steingrímur þurfti að hreyfa sig. „Þá kom að því af hverju þetta voru verstu kaupin. Ég var alltaf að láta gera við hann. Hann rifnaði við minnsta áreiti. En þetta var algjörlega þess virði – lengi vel. Á endanum stóð valið á milli gjaldþrots og kúls, það er nefnilega ekki ódýrt að láta gera við svona leðurjakka. Þannig að ég lét hann fara og hef því miður verið lúðalegur síðan þá."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### ALLIR Í FJÖLSKYLDUNNI SÉU VINIR



„Ég kann nú ekki mörg húsráð og er ekki sérstaklega mikið gefin fyrir húsverk nema þá að þrífa heimilið þannig að óþrifnaður fari að minnsta kosti ekki í taugarnar á mér. Mitt besta húsráð er þó það að allir í fjölskyldunni séu vinir. Þá gengur allt svo miklu betur," segir Sigrún Árnadóttir hómópati á Skriðu við Esjurætur.

**Vísar veginn:**

## Ráðgjöf umboðsmanns á heimasíðu

Á nýjum vef umboðsmanns skuldara (ums.is) er að finna leiðarvísi sem beinir fólki veginn að því úrræði sem best hentar. Umboðsmaður skuldara veitir fólki í fjárhagserfiðleikum ókeypis ráðgjöf.



„Það er mikilvægt að fólk bregðist sem fyrst við, ef það sér fram á erfiðleika við að borga af skuldum sínum," segir Ásta S. Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. Hún segir ráðgjafa aðstoða fólk við að komast að því hvaða leið henti.

„Stundum dugar almenn ráðgjöf, sem getur meðal annars falist í endurskipulagningu á fjármálum heimilisins, aðstoð við umsókn um greiðslufrestun eða aðstoð við að semja við kröfuhafa eftir ráðgjöf." Í öðrum tilfellum segir Ásta ef til vill mælt með greiðsluaðlögun, þar sem gerðir séu eins til þriggja ára samningar um að fólk greiði af skuldum sínum í samræmi við greiðslugetu.

Hægt er að leita til umboðsmanns skuldara á Hverfisgötu 6 í Reykjavík milli klukkan níu og fjögur alla virka daga. Þá býður stofnunin upp á netsamtal við ráðgjafa í gegnum heimasíðuna ums.is. - óká

**Fróðleikur**

## Danir nenna ekki að standa við vinnuna

Fimmtungur þeirra sem nota í vinnu sinni skrifborð sem hækka má og lækka, þannig að hægt sé að standa við það, nennir aldrei að hækka borðið. Þetta kemur fram í nýrri umfjöllun á vef Erhvervsbladet í Danmörku. Niðurstaða blaðsins er að Danir nenni ekki að standa við vinnuna.

Annars leiddi könnunin í ljós að 29 prósent sem nota þessi skrifborð standa við vinnuna einu sinni í mánuði, en rúmur fimmtungur, eða 21 prósent, gerir það daglega. Ellefu prósent hækka borðið að minnsta kosti þrisvar í viku og 20 prósent einu sinni í viku. Síðan eru þessi 19 prósent sem aldrei breyta stillingum borðsins og sitja alltaf við vinnu sína.

# Heitir pottar eyða mestu rafmagni á heimilunum

**Þeir heitu pottar sem ganga fyrir rafmagni eyða um 770 prósentum meira en þeir sem nota hitaveituvatn. Þurrkarar eru frekastir hreinlætistækja í rafmagnsnotkun. Þrátt fyrir mun meiri eyðslu eru glóperur, sem hætta brátt í framleiðslu, mun vinsælli meðal almennings heldur en sparperurnar.**

Fjögurra manna fjölskylda í 150 fermetra fjölbýlishúsi eyðir að meðaltali 7.700 krónum á mánuði í rafmagnsnotkun, samkvæmt reiknivél Orkuveitu Reykjavíkur. Er þetta miðað við gjaldskrá frá 1. október næstkomandi.

Miklu munar í kostnaði á notkun sparpera og glópera í heimilislýsingu, en hætt verður framleiðslu á glóperum á næsta ári. Sparperur henta þó ekki öllum, þar sem þær eru ekki gerðar fyrir dimmera og taka einhvern tíma að ná upp fullri lýsingu. Lítil rými sem þarfnast lýsingar í stuttan tíma í senn, eins og búr og geymslur, væru til dæmis ekki kjörinn staður fyrir sparperur. En þær eru þó allt að tíu sinnum sparneytnari heldur en glóperur, sem eru þó vinsælli meðal almennings.

Þurrkarar, uppþvottavélar, bökunarofnar og rafmagnsknúnir heitir pottar eru þau heimilistæki sem vega mest í rafmagnsnotkun heimilanna og eru þeir síðastnefndu dýrastir af þeim öllum í notkun.

Það er 770 prósentum dýrara að knýja heita potta með rafmagni en hitaveitu. Heitir pottar sem hitaðir eru með rafmagni kosta að meðaltali 1.328 krónur skiptið, en séu þeir knúnir með hitaveitu, kostar skiptið 171 krónu. Er þetta samkvæmt reiknivél á vef Orkuveitu Reykjavíkur.



**HEITUR POTTUR** Það kostar að meðaltali um 1.300 krónur að hita rafmagnsknúinn heitan pott í hvert skipti, samkvæmt verðskrá Orkuveitunnar.

Þráinn Þráinsson, deildarstjóri í hreinlætistækjum Húsasmiðjunnar, segir rafmagnshitaða potta mun vinsælli heldur en þá sem ganga á hitaveituvatni. Rafmagnspottar komi nær tilbúnir til notkunar, en hinir komi einungis sem skel og byggja þurfi í kringum þá og í þá þurfi að láta renna í langan tíma. Rafmagnspottar í Húsasmiðjunni kosta í kringum 930 þúsund krónur en skelin í hitaveitupottana kostar á milli 300 og 350 þúsund. Hann segir rafmagnskostnað við hitaveitupotta ekki vera eins háan og Orkuveitan segi til um.

„Kostnaðurinn er á milli 3.000 og 3.500 krónur á mánuði og það er með talsverðri notkun, nánast á hverjum degi," segir Þráinn. „Og þegar potturinn er með lokinu á í kyrrstöðu, er kostnaðurinn milli 1.000 og 1.500 krónur."

Rafmagnspottar seljast þó mun betur heldur en þeir sem ganga fyrir hitaveituvatni, þrátt fyrir að kosta þrisvar sinnum meira og vera mun dýrari í rekstri.

sunna@frettabladid.is

### Þvottahústæki

| Tæki | Verð á skipti | Vikuleg notkun | Verð á mánuði |
|---|---|---|---|
| Þvottavél | 7 kr. skiptið, 40° | 4 skipti | 64 kr. |
| | 13 kr. skiptið, 60° | 1 skipti | 52 kr. |
| | 22 kr. skiptið, 90° | 1 skipti | 88 kr. |
| Þurrkari m/ barka | 24 kr. skiptið | 4 skipti | 384 kr. |
| Samtals á mánuði: | | | 588 kr. |
| Virðisaukaskattur (25.5%): | | | 150 kr. |
| **Samtals fyrir þvottahús á mánuði:*** | | | **738 kr.** |

### Stofu-, skrifstofu- og svefnherbergistæki

| Tæki | Verð á klukkustund | Vikuleg notkun | Verð á mánuði |
|---|---|---|---|
| Sjónvarp (100w) | 1 kr. | 35 klst. | 70 kr. (2 stk) |
| Myndbandstæki | 0,25 kr. | 10 klst. | 5 kr. (2 stk) |
| Myndlykill | 0,25 kr. | 35 klst. | 8,75 kr. |
| Hljómflutningstæki | 1 kr. | 14 klst. | 28 kr. (2 stk) |
| Útvarpstæki | 0,25 kr. | 7 klst. | 1,75 kr. |
| Samtals á mánuði: | | | 113,5 kr. |
| Virðisaukaskattur (25,5%): | | | 28,9 kr. |
| **Samtals fyrir stofu-, skrifstofu- og svefnherbergistæki á mánuði:*** | | | **142,4 kr.** |

### Lýsing - miðað við 1 stykki

| Pera | Verð á klst. | Notkun á viku | Verð á mánuði* |
|---|---|---|---|
| Glópera (40w) | 0,25 kr. | 70 klst | 70 kr. |
| Glópera (60w) | 0,5 kr. | 70 klst | 140 kr. |
| Glópera (80w) | 0,75 kr. | 70 klst | 210 kr. |
| Glópera (1000w) | 1 kr. | 70 klst | 280 kr. |
| Sparpera (11w) | 0,09 kr. | 70 klst | 25 kr. |
| Sparpera (14w) | 0,1 kr. | 70 klst | 28 kr. |
| Flúrpera (8w) | 0,06 kr. | 70 klst | 16,8 kr. |
| Flúrpera (20w) | 0,15 kr. | 70 klst | 42 kr. |

### Eldhústæki

| Tæki | Verð á klukkustund | Vikuleg notkun | Verð á mánuði |
|---|---|---|---|
| Kæli- og frystiskápur | 2,6 kr. | Alltaf í gangi | 440 kr. |
| Eldavélarhella, 1 stk. | 14 kr. | 14 klst. | 196 kr. (392 kr.) |
| Uppþvottavél, gömul | 22 kr. skiptið | 7 skipti | 154 kr |
| Uppþvottavél, ný | 17 kr. skiptið | 7 skipti | 119 kr. |
| Kaffivél | 1 kr. líterinn | 7 lítrar | 7 kr. |
| Bökunarofn (2.000w) | 18 kr. | 7 klst. | 126 kr. |
| Vifta | 1 kr. | 6 klst. | 6 kr. |
| Hrærivél | 4 kr. | 1 klst. | 4 kr. |
| Örbylgjuofn | 12 kr. | 1 klst. | 12 kr. |
| Vöfflujárn (900w) | 8 kr. | 1 klst. | 8 kr. |
| Samtals á mánuði: | | | 1.268 kr. |
| Virðisaukaskattur (25.5%): | | | 323 kr. |
| **Samtals fyrir eldhús á mánuði:*** | | | **1.591 kr.** |

***Verð er án orkuskatts og fastagjalds.**



# Úrval gólfefna!

**MÚRBÚÐARVERÐ**



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm

**3.890** kr. pr. m²



Steirer, Austurísk gæði, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm

**4.690** kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik hvíttuð, olíuborin 2200x189x14mm

**4.990** kr. pr. m²



Steirer smelluparket, 3 stafa Hnota 2200x182x14x4mm

**7.290** kr. pr. m²




Plastparket, beiki 1220x195x8.3mm

**1.275** kr. pr. m²




Plastparket eik, 1220x195x8.3mm

**1.575** kr. pr. m²



Gólfflís, metalic 30x60cm

**3.990** kr. pr. m²

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**



Ítalskar hágæðaflísar 30x60cm, gólf

**2.490** kr. pr. m²



Ítalskar hágæðaflísar 30x60cm, gólf

**2.490** kr. pr. m²



Ítalskar hágæðaflísar 30x60cm, gólf

**2.490** kr. pr. m²



Veggflís, hvít, glans 25x40cm

**2.290** kr. pr. m²



Gólfflís stonegrey 50x50cm

**2.490** kr. pr. m²



Gólfflís stone antracit 50x50cm

**2.490** kr. pr. m²



Champion, grá Slate Stone 30x60cm, gegnheil, inni og úti

**3.490** kr. pr. m²



Veggflís, hvít 20x25cm

**1.895** kr. pr. m²



Gólfflísar 30x30cm á þvottahús, geymslur og bílskúra

**1.190** kr. pr. m²



Gólfflísar 40x40cm

**1.650** kr. pr. m²



Gólfflísar 33x33cm

**1.650** kr. pr. m²

***Öll verkfæri til flísalagna***




Rakaþéttikvoða 7 kg

**4.995** kr.




Fúga **8 kg**

**2.100** kr.




Flex flísalím 25 kg

**2.995** kr.

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



**16 MILLJARÐAR KRÓNA** er vaxtakostnaðurinn sem ríkið gæti þurft að greiða á ári fyrir öll erlendu lánin sem tekin verða í tengslum við efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrisjóðsins og íslenskra stjórnvalda.

# Senda ástarbréfin aftur til föðurhúsa

**Sparisjóðabankinn hafnar að mestu kröfu Seðlabankans í þrotabúið. Slitastjórn býður í staðinn kröfu sína á hendur gömlu bönkunum. Verði það raunin fær Seðlabankinn aðeins tíu prósent upp í skuldir vegna ástarbréfa bankanna.**



**HÖFUÐSTÖÐVAR SPARISJÓÐABANKANS** Slitastjórn hefur hafnað kröfu Seðlabankans á hendur þrotabúi bankans. Í boði er að Seðlabankinn fái tíu prósent upp í kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

**Rekstrarkostnaður skilanefndar og slitastjórnar***

| Liður | Áætlun | Raunkostnaður | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Launakostnaður og launatengd gjöld | 153 | 186 | 33 |
| Kostnaður v. skilanefndar og slitastjórnar | 49 | 69 | 20 |
| Ráðgjafakostnaður | 79 | 112 | 33 |
| - innanlendur kostnaður | 33 | 52 | 19 |
| - erlendur kostnaður | 38 | 60 | 22 |
| Kostnaður við rekstur tölvukerfis | 67 | 60 | -7 |
| Annar kostnaður | 61 | 63 | 2 |
| Samtals: | 409 | 490 | 81 |

* Í milljónum króna

Skilanefnd og slitastjórn Sparisjóðabankans, áður Icebank, hefur hafnað 196 milljarða króna kröfu Seðlabankans í bú bankans. Þetta kom fram á kröfuhafafundi bankans á þriðjudag.

Lýstar kröfur í bú Sparisjóðabankans nema 369 milljörðum króna. Þar af nemur krafa Seðlabankans 225,4 milljörðum króna, eða sextíu prósentum af heildarkröfum. Þær kröfur sem ekki var vísað frá fengust samþykktar að litlu leyti. Á móti skuldum á þrotabú Sparisjóðabankans 68 milljarða króna. Þar af er krafa bankans á hendur viðskiptabönkum gömlu, Glitni, gamla Landsbankanum og Kaupþingi, upp á 25 milljarða króna.

Sparisjóðabankinn var einn af stórtækustu viðskiptavinum Seðlabankans fyrir hrun bankakerfisins með svokölluð ástarbréf allt frá því árið 2007 þegar dyr lánsfjármarkaða voru að lokast. Ástarbréfin voru skuldabréf sem viðskiptabankarnir þrír gáfu út og lögðu inn í Sparisjóðabankann. Bankinn seldi þau áfram til Seðlabankans í endurhverfum viðskiptum. Lánsféð sem Seðlabankinn veitti í skiptum fyrir skuldabréfin rann úr Sparisjóðabankanum aftur til viðskiptabankanna.

Þegar viðskiptabankarnir féllu fyrir tæpum tveimur árum urðu skuldabréfin verðlaus og stóð Seðlabankinn uppi með tapið.

Eftir því sem næst verður komist telur slitastjórn Sparisjóðabankans að stjórnendur Seðlabankans hafi vitað af bágri stöðu bankanna og verið kunnugt um að þeir hafi staðið á bak við ástarbréfin. Látið hafi verið hjá líða að að greina stjórnendum Sparisjóðabankans frá því.

Andri Árnason, formaður slitastjórnar Sparisjóðabankans, segir hafa komið til tals að Seðlabankinn fái kröfu Sparisjóðabankans á hendur þrotabúa gömlu viðskiptabankanna upp í skuldir. „Það kemur til álita að hann yfirtaki kröfu okkar á þá,“ segir Andri og telur að skriður komist á málið á næstu vikum.

Verðmæti krafna Sparisjóðabankans í bú gömlu viðskiptabankanna miðast við væntar endurheimtur á markaði. Fari svo að Seðlabankinn yfirtaki kröfuna verður hann að afskrifa tæp níutíu prósent skuldarinnar gagnvart Sparisjóðabankanum.

jonab@frettabladid.is

## Áttatíu milljónir fram úr áætlun

Kostnaður við rekstur þrotabús Sparisjóðabankans nam 490 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er 81 milljón umfram áætlanir. Andri Árnason, formaður slitastjórnar Sparisjóðabankans, segir framúrkeyrsluna öðru fremur skýrast af því að aðstoð og ráðgjöf hafi reynst dýrari en gert var ráð fyrir. Hann bætir þó við að kostnaðurinn sé sambærilegur og hjá öðrum fjármálafyrirtækjum af svipaðri stærðargráðu og Sparisjóðabankinn.

**Þróun á gengi evru gagnvart krónu frá mars 2009**




Seðlabankinn lætur til sín taka á gjaldeyrismarkaði:

# Evran á svipuðu róli og í mars í fyrra

Seðlabanki Íslands hefur keypt gjaldeyri á millibankamarkaði fyrir 1.147 milljónir króna frá því Már Guðmundsson seðlabankastjóri tilkynnti á vaxtaákvörðunarfundi bankans 17. ágúst síðastliðinn að hann myndi gera slíkt um mánaðamótin síðustu.

Gengi krónunnar styrktist um rétt rúm tvö prósent gagnvart evru í síðasta mánuði. Frá mánaðamótum hefur gengið styrkst um tæp tvö prósent til viðbótar. Gengi evrunnar hafði í gær ekki verið veikara gagnvart krónu síðan um miðjan mars í fyrra.

Bankinn keypti gjaldeyri fyrir 992 milljónir króna í ágúst og 455 milljónir það sem af er þessum mánuði. Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 1.612 milljónum króna í ágúst og jafngilda viðskipti Seðlabankans því 61,5 prósentum af heildarveltunni, samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Kaupin voru boðuð markaðsaðilum með tilboði á markaði og tilkynnti Seðlabankinn þau tveimur dögum síðar á vef bankans.

Áður en Seðlabankinn lét til sín taka á gjaldeyrismarkaði hafði hann ekki átt viðskipti þar frá því í nóvember í fyrra. Þá var ein evra tæpum 36 krónum dýrari en nú.

- jab



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri tilkynnti á vaxtaákvörðunarfundi í ágúst að bankinn myndi hefja kaup á gjaldeyri.

// NAESTAKYNSLOD.IS




// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDUR
Fimmtudaginn 9. sept.
Kl.19 fyrir 13 -15 ára
Kl. 20 fyrir 16-20 ára og 21-25 ára
Ármúli 11, 3. hæð.

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13-15 ÁRA
Mánudaginn 13. sept. kl. 17-21 - nokkur sæti laus
Þriðjudaginn 28. sept. kl. 17-21

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16-20 ÁRA
Þriðjudaginn 14. sept. kl. 18-22 - uppselt
Miðvikudaginn 29. sept. kl. 18-22

// NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA
Miðvikudaginn 15. sept. kl. 18-22 - uppselt
Fimmtudaginn 30. sept. kl. 18-22

VILT ÞÚ...
...verða einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...Vera sáttari við sjálfan þig?

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

Dale Carnegie® Þjálfun

// SÍMI 555-7080


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola 69,-
FRÁ 5490
REGNGALLI
• St 86-116
• Fleiri litir
pr. stk 6590
KULDAGALLI - BARNA
• St 92-134/140
• Vatnsþéttur
pr. sett 4990
REGNGALLI
• St 122-152
VERÐ ÁÐUR: KR 2790
NÚ: 2290
STÍGVÉL
• St 35-46
pr. par 599
VETTLINGAR
• Thinsulate
pr. stk 599
HÚFA
• Thinsulate
pr. par 239
FINGRAVETTLINGAR
• Barna
VERÐ ÁÐUR: KR 2290
NÚ: 1599
STÍGVÉL
• St 22-35
pr. par 990
LÚFFUR
• Barna
20% AFSLÁTTUR
Á PLASTVÖRUM UM HELGINA
pr. stk 699
HÖFUÐBÖND/BUFF
• Í úrvali
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skilja þarf sérhagsmunina frá.

## Kirkjan og ríkið

Vísast er í eðli stofnana að þær vilja verja sig og viðhalda valdastöðu sinni. Um þetta eru dæmin mörg.

Þannig endurspeglast tilhneiging valdastofnana til að stuðla að óbreyttu ástandi í viðbrögðum bæði Bændasamtakanna og Landssambands íslenskra útvegsmanna til aðildar að Evrópusambandinu. Þó mætti afsaka afstöðu hagsmunasamtaka með því að í eðli þeirra sé að standa vörð um téða hagsmuni, ekki almannahag.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is



Um leið gefur auga leið að skilja þarf á milli stofnana ríkisins og slíkra hópa. Lagasmíðar eiga heima hjá stjórnvöldum og sömuleiðis verkefni sem snúa að útdeilingu ríkisstyrkja og söfnun hagtalna. Sjálfsagt er að hagsmunasamtök fái að gefa álit sitt á lagafrumvörpum, en þau eiga ekki að koma að því að semja þau. Þarna er verk að vinna.

Sorglegra er þegar stofnanir sem þykjast bera hag fólks fyrir brjósti bregðast skyldum sínum. Dæmi um þetta eru viðbrögð þjóðkirkjunnar þegar á tíunda áratugnum stigu fram konur og sökuðu þáverandi biskup, Ólaf Skúlason, um kynferðisbrot. Í viðbrögðunum endurspeglaðist varðstaðan um stofnunina.

Kirkjan fæst nú við eftirmála þeirrar varðstöðu. „Kirkjan þarf að ganga í sjálfa sig og gera hreint í sínum ranni," sagði séra Örn Bárður Jónsson í ágætri predikun í Neskirkju síðasta sunnudag. Líklega heldur fólk áfram að segja sig úr þjóðkirkjunni þar til sú tiltekt hefur farið fram. Um leið ágerist umræða um aðskilnað ríkis og kirkju.

Innan kirkjunnar eru þó nokkrir prestar sem aðhyllast aðskilnað. Séra Örn Bárður sagðist, í predikun sinni, þeirrar skoðunar að í ljósi þess óþols sem gætti meðal margra í garð kirkjunnar ætti þjóðkirkjan að segja upp samningi sínum við ríkið. „Að kirkjan skeri sjálf á þann naflastreng sem enn er tengdur enda þótt hann sé aðeins nokkrir trosnaðir þræðir miðað við það sem áður var."

Vandræðagangur kirkjunnar vegna kynlífshneykslis sem tengist fyrrum biskupi er samt ekki nema lítill hluti þeirra ástæðna sem knýja á um fullan aðskilnað.

Hér á landi býr alls konar fólk, margvíslegrar trúar og með ólíkar skoðanir. Allt á þetta fólk að vera jafnt fyrir lögum og standa jafnfætis þegar kemur að þjónustu hins opinbera. Til þess að tryggja þetta þarf að skera alveg á trosnaða þræði naflastrengsins sem tengir ríki og kirkju.

Sömu lögmál eiga við um kirkjuna og um aðra sérhagsmunahópa, bil þarf að vera á milli ríkisvaldsins og sérhagsmunanna. Þjóðkirkjan hefur hagsmuni af því að sem flestir séu í hana skráðir og óttast sjálfsagt einhverjir innan hennar að staða hennar muni veikjast mjög, verði hún á pari við önnur trúfélög í augum ríkisins.

Ýmis verk eru óunnin til að tryggja fullan aðskilnað. Skerpa þarf enn frekar skil milli skólastarfs og trúarstarfs, hvort sem það eru kirkjuferðir á trúarhátíðum eða hvernig fermingarfræðsla þjóðkirkjunnar er felld að skólastarfi. Talsmenn óbreytts ástands hafa líka sagt aðskilnaðinn flókinn, svo sem vegna óleystra mála um kirkjujarðir og þar fram eftir götunum. En flókin mál er líka hægt að leysa. Fyrsta skrefið er að ákveða aðskilnaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frost í helvíti?

„Ætli það frjósi ekki fyrr í víti heldur en að ég skipti um flokk," sagði Þráinn Bertelsson, þá þingmaður Hreyfingarinnar, þegar fjölmiðlar gerðu að því skóna að hann væri á förum úr því sem þá hét Borgarahreyfingin og yfir í Samfylkinguna. Skömmu síðar sagði Þráinn þó skilið við Borgarahreyfinguna og hefur síðan verið utan flokka. Í gær fréttist að hann væri genginn til liðs við þingflokk VG. Ekkert veðurskeyti barst hins vegar úr neðra í gær.



### Fannst miðjan?

Í upphafi árs 2009 ætlaði Þráinn á þing með Sigmundi Davíð og félögum í nýrri Framsókn. „Sósíalisminn er hruninn. Frjálshyggjan hrunin. Miðjan stendur eftir, skynsemdin og hófsemin," sagði Þráinn Bertelsson þá. Kannski er þá miðjuna, skynsemdina og hófsemina að finna í rústum sósíalismans sem er jú eitt af leiðarljósum VG.

### Vel heppnuð kattasmölun?

Óánægja virðist krauma undir í öllum flokkunum. Til dæmis í Samfylkingunni. Kristrún Heimisdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, hefur vakið athygli með andófi við flokksforystuna, síðast á fundi með Jóni Baldvin og krötum Samfylkingarinnar á laugardag. Í gær kom fram að Árni Páll Árnason, nýr viðskiptaráðherra, hefði ráðið Kristrúnu sem aðstoðarmann. Kannski er hann þar að koma til móts við þá flokksmenn sem eru orðnir ókyrrir í stjórnarsamstarfinu.



peturg@frettabladid.is

HALLDÓR



## Þjónustumiðstöð nærsamfélagsins

KIRKJAN





Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir

prestar

Í öllum hverfum borgarinnar, í hverjum bæ og hverri sveit er þjónustumiðstöð á formi sóknarkirkju. Þar er veitt margþætt þjónusta fyrir einstaklinga og hópa í ólíkum aðstæðum sem koma upp í lífinu.

Rekstur þessara þjónustumiðstöðva nærsamfélagsins hvílir á sóknargjöldum. Þau innheimtir hið opinbera fyrir öll trúfélög á Íslandi. Hver fullráða einstaklingur greiðir í ár 767 krónur á mánuði til sinnar þjónustumiðstöðvar. Sóknargjöldin renna þannig beint til nærsamfélagsins á hverjum stað.

Sóknarnefndir móta starf þessara þjónustumiðstöðva því sóknir þjóðkirkjunnar eru sjálfstæðar stjórnsýslueiningar. Þeim er stjórnað af sjálfboðaliðum sem þiggja umboð sitt á almennum safnaðarfundum sem haldnir eru árlega. Þau sem eru skráð í þjóðkirkjuna geta þannig haft bein áhrif á starf sóknarkirkjunnar sinnar og ákveðið í samstarfi við prestana sína hvernig sóknarkirkjan nærir samfélagið.

Sóknarkirkjan er öllum opin. Þjónusta presta og safnaða stendur öllum til boða, óháð trúfélagsaðild. Möguleikar safnaðarstarfsins mótast hins vegar af tekjum kirkjunnar, sóknargjöldunum. Ef þú segir þig úr þjóðkirkjunni verður sóknarkirkjan þín af tekjum án þess að nærsamfélaginu sé bætt það upp með beinum hætti. Einhliða skerðing stjórnvalda á sóknargjöldum bitnar líka á nærsamfélaginu.

Öflugt nærsamfélag nærir einstaklinga og fjölskyldur, skapar öryggi og skilyrði til þroska. Það hlúir að sjálfbærum lífsstíl. Nærsamfélagið er mikilvægur varnarþáttur í þjóðfélaginu og um það þurfum við að standa vörð.

Kirkjan er þar sem fólkið kemur saman til að syngja og tala, prjóna og biðja,

> Öflugt nærsamfélag nærir einstaklinga og fjölskyldur, skapar öryggi og skilyrði til þroska.

föndra, drekka kaffi, til alls þess sem söfnuðurinn skapar í sameiningu. Sóknarkirkjan er hluti af nærsamfélaginu og sóknarkirkjan nærir samfélagið. Með því að vera í þjóðkirkjunni styrkir þú þjónustumiðstöðina þína. Það skilar sér inn í nærsamfélagið þitt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ætla þau að svíkja?



Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor

Umbúnaður ríkisstjórnarinnar um endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins virðist bera með sér, að ríkisstjórnin hyggist bregðast fyrirheitum, sem hún gaf fólkinu í landinu. Í stjórnarsáttmála Samfylkingarinnar og VG frá í maí 2009 stendur skýrum stöfum: „Bregðast þarf frekar við áliti Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, m.a. með því að gæta atvinnufrelsis og að tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun afnotaréttarins og aðgengi að hinni sameiginlegu auðlind.“ Og enn fremur: „Lög um stjórn fiskveiða verði endurskoðuð í heild með það að markmiði að ... skapa sátt meðal þjóðarinnar um eignarhald og nýtingu auðlinda sjávar og leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili í samræmi við stefnu beggja flokka.“

**Mannréttindabrot í boði vinstri stjórnar**

Ríkisstjórnin hefur ekki enn hirt um að afturkalla hrokafullt svarbréf ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar til Mannréttindanefndar SÞ, heldur hefur hún aðeins beðið nefndina um frekari frest. Boðskapur bréfsins – í reyndinni þess efnis, að íslenzkur sjávarútvegur útheimti ítrekuð mannréttindabrot – stendur því enn sem svar íslenzkra stjórnvalda til nefndarinnar. Samfylkingin getur ekki lengur kennt Sjálfstæðisflokknum um, að bréfið hefur ekki enn verið afturkallað. Ekki bara það: nú stýrir VG nýju dómsmála- og mannréttindaráðuneyti eins og til að bíta höfuðið af skömminni.

**Tvær leiðir**

Tvær tillögur lágu fyrir stjórnskipaðri nefnd, sem falið var að leggja á ráðin um endurskoðun fiskveiðilaganna í samræmi við stjórnarsáttmálann. Önnur tillagan er kennd við „tilboðsleið“ og lýsir vandlegri útfærslu á fyrningu aflaheimilda á tuttugu árum í samræmi við stjórnarsáttmálann, sem er vel í lagt eftir allt, sem á undan er gengið. Hin tillagan er kölluð „samningaleið“ og felur í sér uppgjöf ríkisstjórnarinnar fyrir útvegsmönnum. Skýrsla nefndarinnar er óvönduð, í henni eru alvarlegar villur, og hún er lituð af hlutdrægum heimildum. Til dæmis eru rakin í þaula gömul rök íslenzkra lögfræðinga, þótt Mannréttindanefnd SÞ hafi fjallað rækilega um rökin og hafnað þeim.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samningaleiðinni. Ekki þar fyrir, að ríkisstjórnin hyggist semja um margra útvegsfyrirtækja eru meiri en svo, að þau ráði við þær. Skuldasöfnunin stafar ýmist af gamalli óráðsíu, sem einkennir ævinlega atvinnugreinar á langvinnu ríkisframfæri, eða nýrri græðgi, sem birtist í því, að útvegsfyrirtækin reyndu mörg að auðgast á glórulausu braski fram að hruni og veðsettu sameignina upp í rjáfur í því skyni. Þetta er alkunna, þótt ekki hafi enn verið gerð opinber grein fyrir þessum hluta uppgjörs gömlu bankanna. Inni í eignasafni bankanna eru lán til útvegsfyrirtækja, sem þau geta mörg ekki staðið skil á. Því hafa erindrekar útvegsins

> Sannleikurinn um skuldavanda sjávarútvegsins af völdum kvótakerfisins þarf að koma fram. Nóg er samt hræsnin og lygin, sem læsir sig um allt samfélagið. Greið leið að réttu marki er að halda fast við fyrningu kvótans.

lausn málsins við þjóðina, svo sem orðalag stjórnarsáttmálans felur í sér. Nei, öðru nær, stjórnmálamennirnir hafa setið að samningum við útvegsmenn eina með gamla laginu og hafa þó aldrei fengizt til að greina frá því fé, sem útvegsfyrirtækin hafa borið á flokkana árum saman líkt og bankarnir og önnur útrásarfyrirtæki gerðu fram að hruni. Niðurstaða nefndarinnar bendir til, að ríkisstjórnin ætli sér að rjúfa heitið um fyrningu kvótans á tuttugu árum og einnig vilyrði forsætisráðherra um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Þá reynir á forseta Íslands. Hann getur beitt málskotsrétti sínum til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu.

**Hyldjúpt skuldafen**

Hvers vegna býst ríkisstjórnin til að ganga á bak orða sinna? Hér þykknar þráðurinn. Uppgjöfin helgast öðrum þræði af umhyggju stjórnmálamannanna fyrir bönkunum. Sjávarútvegurinn er á hvínandi kúpunni eins og jafnan áður og kann ekki annað, enda hefur hann verið á ríkisframfæri í aldarfjórðung í gegnum ókeypis afnot af sameignlegri auðlind þjóðarinnar. Skuldir gripið til þess ráðs að kenna fyrningu kvótans samkvæmt stjórnarsáttmálanum um aðsteðjandi fjárhagserfiðleika útgerðarinnar. Hitt er sönnu nær, að mörg útvegsfyrirtæki eiga ekki fyrir skuldum, jafnvel þótt þau haldi áfram að þiggja ókeypis aðgang að sameignarauðlindinni. Útvegurinn í heild er ámóta skuldugur og Reykjanesbær miðað við tekjur.

**Burt með brennuvargana**

Sannleikurinn um skuldavanda sjávarútvegsins af völdum kvótakerfisins þarf að koma fram. Nóg er samt hræsnin og lygin, sem læsir sig um allt samfélagið. Greið leið að réttu marki er að halda fast við fyrningu kvótans, helzt á mun skemmri tíma en tuttugu árum, birta upplýsingar bankanna um stöðu útvegsins og leyfa þeim fyrirtækjum, sem eiga ekki fyrir skuldum eða þykjast ekki geta greitt fyrir afnot sín af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, að skipta um eigendur. Þeir, sem settu sjávarútveginn í þrot, eiga ekki heima á fyrsta farrými. Þeim hæfir að sitja aftur í. Hið sama á við um stjórnmálastéttina og útrásarliðið, sem keyrði Ísland í kaf.





Auglýsingasími 512 54 01
Allt sem þú þarft...



# Áætlun um ferðamennsku á hálendinu

Hálendið

Siv Friðleifsdóttir
alþingismaður



Á mánudag var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi um gerð áætlunar um ferðamennsku á miðhálendi Íslands þannig að unnt sé að taka vel á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem ferðast um hálendið án þess að ganga of nærri því. Undirrituð er fyrsti flutningsmaður tillögunnar, en þingmenn úr öllum flokkum eru meðflutningsmenn. Nú verður það verk iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra að vinna áætlunina fyrir árslok 2013. Verkefni þetta er afar aðkallandi því mikilvægt er að hugað sé með skipulögðum hætti að nýtingu hálendisins og annarra lítt snortinna náttúrusvæða fyrir ferðaþjónustuna. Við viljum taka vel á móti ferðamönnum, erlendum sem innlendum, án þess að ganga of nærri umhverfinu á sama tíma.

**Milljón ferðamenn 2016**

Ísland nýtur vaxandi hylli ferðamanna. Sé litið til hlutfallslegrar aukningar síðustu ára má vænta þess að yfir ein milljón erlendra ferðamanna sæki landið heim árið 2016 en í fyrra voru þeir um 500.000 talsins. Hvernig ætlum við að taka á móti ferðamönnum svo að sem flestum líki á sama tíma og við verjumst ágangi á viðkvæmustu svæðunum? Til hvaða ferðamannahópa eigum við að höfða og hvert eigum við að beina þeim? Er hægt að dreifa ferðamönnunum á fleiri staði og á hvaða staði þá helst? Hvaða ferðamannahópar geta samnýtt svæði og á hvaða hátt svo ekki skapist togstreita milli þeirra?

> Ferðaþjónustan er á topp þremur listanum í öflun gjaldeyristekna hér á landi. Gjaldeyristekjur Íslands árið 2008 skiptust þannig að 29,7% voru af stóriðju, 26,3% af sjávarafurðum og 16,9% af erlendum ferðamönnum. Ef vel er haldið á málefnum ferðaþjónustunnar munu gjaldeyristekjur okkar aukast til muna.

Erum við komin að þolmörkum einstakra svæða þ.a. verði ferðamannafjöldinn meiri þar hnignar svæðunum, þau skemmast og ferðamenn verða óánægðir? Hvar liggja áherslur ferðaþjónustufyrirtækja, sveitarfélaga, ferðamanna og annarra hagsmunahópa? Öllum þessu spurningum þarf að leita svara við með öflugum rannsóknum í ferðamennsku og góðu samráði þegar áætlunin er unnin.

**Hálendið vinsælt**

Í ferðaþjónustu er Ísland kynnt á grundvelli hreinnar óspilltrar náttúru þar sem saman fer sérstætt og fjölbreytilegt landslag og ósnortin víðerni. Um 42% landsins flokkast til ósnortinna víðerna. Ósnortin víðerni án jökla eru innan við 31% landsins og brýnt að huga vel að þessum landsvæðum svo sérstaðan glatist ekki. Kannanir Ferðamálastofu (2006) sýna glögglega að vel hefur tekist til í kynningarmálum en 76% erlendra ferðamanna koma til að upplifa náttúruna. Hálendið skipar þar mikilvægan sess en samkvæmt könnun Ferðamálastofu (2008) fara um 26% erlendra ferðamanna í Landmannalaugar, vinsælustu náttúruperlu hálendisins. Undirrituð gekk fjölsóttustu gönguleið landsins fyrir skömmu, Laugaveginn milli Landmannalauga og Þórsmerkur, alls 55 km. leið. Gist var í skálum Ferðafélags Íslands, en þar taka liprir skálaverðir vel á móti göngufólk í lok hvers göngudags. Þessa stórkostlegu leið ganga 8.000-10.000 manns árlega, útlendingar og Íslendingar. Land þar sem slíka gönguleið er að finna og margar aðrar af sömu gæðum er auðugt, svo ekki sé minnst á alla hina mikilvægu áningarstaðina sem ferðamenn sækja heim um land allt.

**Atvinna og gjaldeyristekjur**

Ferðaþjónustan veitir mörg kærkomin atvinnutækifæri m.a. á landsbyggðinni. Með vaxandi fjölda ferðamanna skapast ný og mikilvæg störf. Ferðaþjónustan er á topp þremur listanum í öflun gjaldeyristekna hér á landi. Gjaldeyristekjur Íslands árið 2008 skiptust þannig að 29,7% voru af stóriðju, 26,3% af sjávarafurðum og 16,9% af erlendum ferðamönnum. Ef vel er haldið á málefnum ferðaþjónustunnar munu gjaldeyristekjur okkar aukast til muna. Af framangreindu er ljóst að það er allra hagur að vinna áætlun um ferðamennsku á miðhálendinu. Því fyrr, því betra.

# Siðferði í

Höfundarréttur

Harpa Björnsdóttir
myndlistarmaður



Föstudaginn 3. september síðastliðinn var í tilefni Ljósanætur í Reykjanesbæ afhjúpað listaverk eftir bandaríska listamanninn Todd McGrain. Verk Todd McGrain er því miður neyðarleg endurtekning á verki eftir íslenska myndlistarmanninn Ólöfu Nordal, verki sem hefur staðið í 13 ár úti í Skerjafirði og er í eigu Listasafns Reykjavíkur.

Listaverk Ólafar er 120 cm hátt og er úr áli, það stendur á flæðiskeri í Skerjafirðinum og horfir til Eldeyjar, með álverið í Straumsvík í baksýn. Verk Todds er 157 cm hátt úr bronsi, staðsett við Valahnúk á Reykjanesi og horfir til Eldeyjar. Grunnhugmynd verkanna er hin sama, minna á að tegundin dó út vegna ásóknar manna og hversu viðkvæmt sampil náttúru og manns er.

Verk Todd McGrain er hluti af „The Lost Bird Project“ sem listamaðurinn segist hafa verið að vinna að undanfarin ár til að minnast fimm norður-amerískra fuglategunda sem hefur verið útrýmt. Í undirbúningsvinnu sinni hefur hann án vafa rekist á upplýsingar um verk Ólafar og myndir af því.



# útrýmingarhættu

Todd McGrain óskaði eftir að fá að koma geirfugli sínum upp hér á landi, þar sem Ísland var einn af varpstöðum geirfuglsins, en Todd McGrain hefur þegar komið fyrir öðrum geirfugli á eyjunni Fogo við Nýfundnaland. Tók Reykjanesbær vel í óskir McGrains og birtist frétt fyrir um ári síðan um að þetta stæði til. Brást Listasafn Reykjavíkur, eigandi verks Ólafar Nordal, við fréttinni með því að senda menningarfulltrúa Reykjanesbæjar erindi ásamt mynd þar sem bent var á að þetta væri hrein endurtekning á verki Ólafar og vafasamt að þiggja þessa gjöf bandaríska listamannsins vegna líkindanna við verk hennar. Reiknaði safnstjóri Listasafns Reykjavíkur með því að sómakær listamaður myndi ekki vilja setja opinberlega upp verk sem væri auðveldlega hægt að túlka sem stælingu á verki annars listamanns, enda vill enginn listamaður með sjálfsvirðingu verða uppvís að slíku. Todd McGrain virtist þó standa á sama og Reykjanesbæ líka og haldið var áfram með uppsetningarhugmyndir, þó Listasafn Reykjavíkur teldi að hætt hefði verið við.

Afhjúpun verksins núna á Ljósanótt kom illa við marga. Liggur í augum uppi að hér er um að ræða frekar lágkúrulega hermikrákulist, eða það sem kallað er á ensku „Copycat Art“. Efnistökin í verkunum eru augljóslega hin sömu, framsetning, efnisnotkun og stærð áþekk og aðeins nokkrir kílómetrar á milli staðsetningar. Þetta ætti bæði bandaríska listamanninum að vera ljóst og ekki síður bæjaryfirvöldum. Er hart til þess að hugsa að opinber aðili samþykki opinbera uppsetningu á eftirhermuverki og geri þannig aðför að hugverki og sæmd listamannsins Ólafar Nordal. Bæði Todd McGrain og Reykjanesbær hafa stigið út á mjög vafasamt svæði listrænt séð, lagalega séð og síðast en ekki síst siðferðilega séð.

Hvað ef þetta hefði verið Útilegumaðurinn eftir Einar Jónsson? Fjallamjólk eftir Jóhannes Kjarval? Sæmundur á selnum eftir Ásmund Sveinsson? Ingólfur Arnarson eftir Einar Jónsson? Adonis eftir Bertel Thorvaldsen? Friðarsúla Yoko Ono? Hvað ef þetta hefði verið tónverk, t.d. Bláu augun þín með Hljómum? Venus as a Boy eftir Björk? Tvær stjörnur efir Megas? Vegbúinn eftir KK? Hvað ef þetta hefði verið Njálssaga? Brekkukotsannáll? Þjóðsöngurinn?

Ef opinbert sveitarfélag virðir ekki hugverk íslensks listamanns og birtir opinberlega eftirhermuverk, þá eru íslenskir listamenn á flæðiskeri staddir, líkt og geirfuglinn góði í Skerjafirði, og siðferðisstyrkur gagnvart hugverkastælingum greinilega í útrýmingarhættu á Suðurnesjum. Kannski siðferði sé almennt í útrýmingarhættu á þessu eylandi.


Prag

30. september í 3 nætur frá kr. 49.900



Frábær þriggja nátta helgarferð - síðustu sætin!

Nú er upplagt að skreppa til Prag og njóta haustsins í þessari einstaklega fögru borg. Haustið í Prag er einstakt og frábært að heimsækja borgina og njóta lífsins. Í Prag er hagstætt verðlag og þar eru frábær tækifæri til að gera hagstæð innkaup og njóta lífsins í mat og drykk. Gríptu tækifærið og skelltu þér til Prag og njóttu góðs aðbúnaðar í ferðinni. Ath. mjög takmarkaður fjöldi herbergja í boði á þessum kjörum.

Verð kr. 49.900
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

Verð kr. 69.980
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Top **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000

Verð kr. 74.980
Netverð á mann, m.v gistingu í tvíbýli á Hotel Clarion Congress **** í 3 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.200

Gríptu tækifærið – Bókaðu strax!

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 51232 09/10

# Nýr innlánsreikningur

Skammtímabinding er óverðtryggður innlánsreikningur og spennandi nýjung fyrir þá sem vilja binda fé sitt í stuttan tíma.

- Binditími er ákveðinn við stofnun reiknings: 3, 6, 9 eða 12 mánuðir.
- Lágmarksinnlegg er 500 þúsund krónur og innstæðan er bundin út binditímann.
- Nýjung: Vextir eru fastir allan binditímann.
- Að loknum binditímanum greiðist höfuðstóllinn út ásamt vöxtum.

Viðskiptavinir sem opna Skammtímabindingu fyrir 21. september fá 5,01% vexti, hvort sem þeir velja 3, 6, 9, eða 12 mánaða binditíma.

Kynntu þér kosti Skammtímabindingar á arionbanki.is, hringdu í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi okkar og kynntu þér fjölbreytt úrval innlánsreikninga.

Arion banki

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LEÓ TOLSTOJ** (1828-1910) fæddist þennan dag.

*„Allar hamingjusamar fjölskyldur líkjast hver annarri en allar óhamingjusamar fjölskyldur eru óhamingjusamar á sinn hátt.“*

## Merkisatburðir

1000 Svoldarorrusta á sér stað í Eystrasalti þar sem Ólafur Tryggvason lætur lífið.

1087 Vilhjálmur rauður verður konungur Englands.

1208 Víðinesbardagi er háður í Hjaltadal, en þó getur hann hafa verið daginn áður. Höfðingjar sækja með mikinn her að Guðmundi góða Arasyni, biskupi á Hólum. Í þessum bardaga fellur Kolbeinn Tumason.

1877 Þingeyrakirkja, sem Ásgeir Einarsson alþingismaður lét reisa, er vígð.

1905 Sogsbrú, 38 metra löng og 2,5 metra breið hengibrú, er vígð. Um 1000 manns eru viðstödd vígsluna.

1914 Orrustunni við Marne lýkur.

1942 Breskum flugmanni tekst á síðustu stundu að beina flugvél sinni frá húsi í Elliðaárdalnum er hann brotlendir þar í kartöflugarði.

## AFMÆLI



**MICHELLE WILLIAMS** leikkona er þrítug í dag.



**MICHAEL BUBLÉ** söngvari er 35 ára í dag.



**ADAM SANDLER** leikari er 44 ára í dag.



**HUGH GRANT** leikari er fimmtugur í dag.

**ÞETTA GERÐIST:** 9. SEPTEMBER 1998.

## *Keikó fluttur til Íslands*



Háhyrningurinn Keikó sem frægur varð fyrir hlutverk sitt sem Willy í kvikmyndunum Free Willy, fæddist við Íslandsstrendur árið 1976. Tveimur árum síðar var hann fangaður og seldur til þjálfunar hjá bandaríska sjóhernum.

Árið 1993 sló hann í gegn í Free Willy og síðar í framhaldsmyndunum tveimur árin 1995 og 1997.

9. september árið 1998 var hann fluttur til Íslands þar sem hann átti að fá tækifæri til að lifa frjáls. Þjálfun hans fyrir frelsið fór fram við Vestmannaeyjar en árið 2002 var honum sleppt lausum. Vart varð við hann við Helsa í Noregi í september það ár, en íbúar sáu til hans og léku jafnvel við hann.

Í desember 2003 greindist hann með lungnasjúkdóm sem varð honum að aldurtila 12. desember 2003.



**HRESS Í BRAGÐI** Ármann Guðjónsson er hundrað ára í dag og af því tilefni efna ættingjar hans og Sandgerðisbær til samsætis honum til heiðurs í Samkomuhúsinu Sandgerði í dag frá klukkan 16 til 19. MYND/ÚREINKASAFNI

ÁRMANN GUÐJÓNSSON Í LYNGHOLTI: HUNDRAÐ ÁRA

# Á reiðhjóli langt yfir áttrætt

Markús Ármann Guðjónsson, sem ávallt er kallaður Ármann, er fæddur í Vestmannaeyjum 9. september 1910 og fagnar því hundrað ára afmæli í dag. Faðir hans var Guðjón Jónsson frá Kjalarnesi sem lengi var formaður á bátum og seinna fiskmatsmaður og bóndi, en móðir hans hét María Ingimundardóttir húsmóðir, ættuð austan úr Landeyjum.

Kona Ármanns var Ólafía Ástríður Þórðardóttir sem ávallt var kölluð Lóa. Þau Ármann hófu búskap kringum árið 1940 en fjórum árum síðar fluttu þau í sitt eigið hús við Brekkustíg 13 í Sandgerði sem þau nefndu Lyngholt en þau voru æ síðan kennd við það hús. Húsið vekur enn í dag sérstaka eftirtekt enda er allt umhverfi þess snyrtilegt og sérstaklega garðurinn sem Ármann hefur ræktað af mikilli alúð og þar dundar hann sér enn í dag.

Lóa og Ármann eignuðust tvö börn, þau Maríu og Helga og á Ármann samtals sex barnabörn og nítján barnabarnabörn og það tuttugasta á leiðinni.

Þegar Ármann kom fyrst í Sandgerðisvík árið 1913 aðeins þriggja ára, var lítið sem minnti á bæjarfélag. Vélbátaútgerðin var enn á byrjunarstigi og lítið sem gaf til kynna það samfélag sem átti eftir að vaxa upp næstu árin. Fjölskyldan settist að í verbúð í svokölluðu Loftshúsi sem byggt hafði verið 1907, árið sem vélbátaútgerð hófst í Sandgerði. Seinna var byggt við húsið og fluttist þá fjölskyldan þangað. Árið 1928 fluttu þau í Endagerði sem er lítið bóndabýli rétt norðan við Sandgerði.

Ármann gekk í barnaskóla Sandgerðis en fór fljótlega eftir skólaskylduna á sjóinn, þá fimmtán, sextán ára gamall, með Guðjóni föður sínum, en þeir réru frá Reykjavík yfir sumarmánuðina.

Ármann byrjaði átján ára sem landmaður á mótorbátnum Ingólfi, 32 tonna bát frá Akranesi og síðan á ýmsum bátum allt til ársins 1934 þegar hann fór að læra til stýrimanns sem þá var þriggja mánaða námskeið kennt í Reykjavík.

Hann var lengst af stýrimaður hjá Guðna Jónssyni frá Flankastöðum. Árið 1965 réði Ármann sig á millilandaskip og stundaði næstu árin utanlandssiglingar á skipum Eimskipafélags Íslands, fyrst á Dettifossi og síðar á Laxafossi, Tungufossi og fleiri skipum.

Ármann hefur ávallt verið við hestaheilsu og þakkar það því að hann hefur aldrei tekið bílpróf og lengi vel fór hann allar ferðir sínar um bæinn á reiðhjóli. Til dæmis fékk hann nýtt reiðhjól þegar hann var 85 ára í stað þess gamla sem hann fékk á áttræðisafmælinu. Þegar Lóa kona hans lá á Sjúkrahúsi Suðurnesja síðustu þrjú ár ævi sinnar hjólaði Ármann til Keflavíkur átta kílómetra hvora leið hvern einasta dag þegar veður leyfði, kominn yfir áttrætt.

Í tilefni af aldarafmæli Ármanns munu ættingjar hans ásamt Sandgerðisbæ efna til samsætis honum til heiðurs í Samkomuhúsinu Sandgerði frá klukkan 16 til 19 í dag.

# KK fagnar 25 ára starfsafmæli

Kristján Kristjánsson, öðru nafni KK, fagnar á þessu ári 25 ára starfsafmæli. Af því tilefni efnir hann til tónleika í Háskólabíói 11. september næstkomandi ásamt góðum gestum og mun fara yfir tónlistarferilinn í tali og tónum.

Kristján kom á sínum tíma sem ferskur blær inn í íslenskt tónlistarlíf og árið 1991 vakti hann mikla athygli með plötu sinni Lucky One. Allar götur síðan hefur Kristján verið eitt af stærri nöfnunum í íslenskri tónlist. Kristján hefur á tónlistarferli sínum gert átta plötur í sínu nafni, fimm plötur í samstarfi við Magnús Eiríksson, tvær plötur með hljómsveit sinni KK Band, eina jólaplötu með systur sinni Ellen auk tónlistar fyrir leikhús og kvikmyndir. Það er því af nógu að taka og má ætla að Kristján fari vítt og breitt um feril sinn sem laga- og textasmiður.

Tónleikarnir á laugardaginn hefjast klukkan 21 en miðasala fer fram á www.midi.is. - jbá



**FER VÍTT OG BREITT** Kristján mun fara yfir tónlistarferilinn í tali og tónum.


†



*Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, afa og langafa,*

**Gísla Jónssonar**
frá Norðurhjáleigu,
Markholti 1, Mosfellsbæ.

Eygló Gísladóttir
Þórunn Gísladóttir
Guðlaug Gísladóttir
Eygló Svava Gunnarsdóttir
Gísli Páll Davíðsson
Þórey Una Þorsteinsdóttir
Loftur Þór Þórunnarson
Sigrún R. Guðlaugardóttir
Grétar Snær Hjartarson
Alex Gíslason
Þorsteinn Einar Gíslason
Sóley Rós Gísladóttir
Ingunn Sara Loftsdóttir

†



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem auðsýndu samúð, hlýhug og virðingu vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigmars Grétars Jónssonar,**
Núpalind 8, Kópavogi.

Einnig þökkum við starfsfólki á deild 14E á Landspítalanum einstaka alúð í allri umönnun svo og hlýhug og nærgætni við aðstandendur.
Guð veri með ykkur öllum.

Gróa Sigfúsdóttir
Brynhildur Sigmarsdóttir
Bragi Sveinsson
Halla Sigmarsdóttir
Grétar Örn Bragason
Eva Hrönn Jónsdóttir
Karen Íris Bragadóttir
Ingvi Björn Bergmann
Íris Blöndal
Magnús Magnússon
Ingunn Blöndal
Leó Kristberg Einarsson
Rebekka Blöndal
og langafabörn.

**Kosning um bestu tímaritsforsíðu ársins** fer nú fram á vefsíðunni Amazon.com/bestcovers. Hægt er að velja bestu forsíðuna í tólf flokkum. Flokkarnir eru til dæmis umdeildar forsíður, vampíruforsíður og lúffengasta síðan. Heppnir kjósendur geta unnið Kindle.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Silvía Lind Þorvaldsdóttir blandar saman grófum hlutum og kvenlegum**

# Svolítið pönk í fatavali



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mér finnst síðkjóla- og síðpilsatískan skemmtileg og á marga síðkjóla. Þessi er einn af mínum uppáhalds, þunnur og þægilegur,“ segir Silvía Lind Þorvaldsdóttir háskólanemi og starfsmaður við frístundaheimilið Guluhlíð. Við kjólinn notar hún rauða, lágbotna skó og prjónapeysu og segist vera „svolítið pönk“ þegar kemur að fatavali.

„Í vinnunni er ég oft í grófum skóm og karlmannsskyrtu eða stórri peysu og leggings. Mér finnst gaman að vera í leðri og gallaefni og stórum fötum. Stórar prjónapeysur eru í sérstöku uppáhaldi á haustin,“ segir Silvía sem sjálf er með íslenska lopapeysu á prjónunum. „Amma hjálpaði mér af stað. Svo sé ég bara til hvenær ég klára.“

Brúnu hliðartöskuna skilur Silvía helst aldrei við sig en taskan er í uppáhaldi. „Ég hætti ekki að nota hana þó hún sé orðin slitin, mamma gaf mér hana í jólagjöf.“

*heida@frettabladid.is*



**Tískufyrirtækið Lanvin** bætist í hóp frægra hönnuða sem taka höndum saman við verslunarkeðjuna H&M. Margir eru spenntir að líta útkomuna augum en verða þó að bíða til 2. nóvember þegar línan verður kynnt á myndbandi á vefsíðunni www.hm.com.




fridaskart.is

„Bóluþang"



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
& GULLSMIÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði


Tímaritið Elle er 65 ára en það var stofnað árið 1945 af Pierre Lazareff og konu hans Héléne Gordon. Nafnið þýðir hún á frönsku. Það er í dag heimsins stærsta tískutímaritið sem gefið er út í yfir sextíu löndum og á 39 tungumálum.




wikipedia.org




FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar




Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics




Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Veldu gæði og gott verð- Haustið er komið!




Útsölustaðir: Apótekin, Fjarðarkaup,



TAI CHI
Styrkur - jafnvægi - slökun - flæði

10 vikna námskeið hefst 13. september
**Kennt er á mánud. og fimmtud. kl. 17:30**
**Í Safamýrarskóla, Safamýri 5**

Leiðbeinendur:
**Svanlaug D. Thorarensen s. 6639103 svanlaugt@simnet.is**
**S. Hafdís Ólafsdóttir s. 861 59 58 hafdis@slf.is**

Einnig er boðið upp á morguntíma
í Hæðargarði 31
**þriðjud. og fimmtud. kl. 9**

Leiðbeinandi:
**Guðný Helgadóttir s. 8601921 dunnahelg@hotmail.com**




Ljósbrúnn rúskinnshattur sem gengur fyrir bæði kynin. Sautján, Kringlunni. Verð: 3.990 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Dick Tracy hattaþema

**Á hverju ári hafa tískuhönnuðir gert tilraunir með að koma höttum fyrir í línum sínum. Í ár eru sterkari teikn á lofti en oft áður um að hattarnir gætu sett áberandi mark á tískuna í haust og vetur.**

Helstu tískuhús heims hafa síðustu árin smám saman fært sig upp á skaftið í hattabúnaði fyrirsætna sinna á tískupöllunum. Hönnuðir hjá Christian Dior og Chanel hafa til að mynda verið í mikilli sókn í hattahönnun og bæði sýnt klassíska götuhatta og svo flúraðri skúlptúra. Hattatískan í ár er þannig að karlmenn geta einnig gengið með flesta hattana. Svartir og gráir tónar eru áberandi og hattarnir eru margir hverjir úr flaueli og rúskinni. *- jma*



Kate Moss er ein þeirra sem hafa verið duglegar að klæðast höttum síðustu árin og notar gjarnan „karlmannshatta" í gráum tónum eða kaskeiti.



Létt grátt höfuðfat með slaufu. Accessorize, Kringlunni. Verð: 3.999 krónur.



Dömulegur rauður hattur í anda 4. áratugs síðustu aldar. Accessorize, Kringlunni. 6.199 krónur.



Madonna var með smart hatt fyrir nokkrum vikum í London.



Töff svartur hattur. Spútnik, Kringlunni. Verð: 3.500 krónur.



Grár hattur úr flóneli. Spútnik, Kringlunni. Verð: 6.500 krónur.


Mjúkir og þægilegir götuskór úr leðri, skinnfóðraðir.

Teg. 5002
litur: svart/brúnt
Stærðir: 37–41
**Verð: 13.950,-**



Teg: 16K
litur: brúnt
Stærðir: 37–41
**Verð: 13.950,-**



Misty skor
Laugavegi 178

Vertu vinur

**Sími 551 2070.**
**Opið mán.-fös. 10-18.**
**Laug. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



## Flegin hálsmál og gylltar konur

Tískan á frönsku Rívíerunni eða „Sur la Côte d'Azur" eins og Frakkar segja gjarnan, er um margt ólík því sem gerist í höfuðborginni þó flest tískuhús sem og minni spámenn í geiranum selji vörur sínar suður frá. Í suðrinu er auðvitað nokkuð ólíkt veðurlag og allt annað hitastig, varla hægt að tala um vetur. Annars er oft á tíðum vorveður svo ekki sé minnst á langa sumardaga. Á dögunum þegar ég var á þessum slóðum horfði ég af athygli á klæðaburð og fatnað í verslunum í Nice, Cannes og víðar og vissulega er munur.

En það er ekki aðeins veðrið sem útskýrir þennan mismunandi klæðnað milli norðurs og suðurs hér í landi. Kjólar og pils eru styttri og hálsmálið nær oft á tíðum lengra niður hjá mörgum konum, stundum má spyrja hvort það sé til að sýna sem best endurgerðan barminn. Á Rívíerunni er sömuleiðis nauðsynlegt að flíkin glitri, hvort sem það eru pallíettur, perlur eða annað skraut. Allt sem í boði er í gylltum eða silfruðum litum er afskaplega vinsælt. Reyndar er einkennilegt að í sjónum við eina af fáum ströndum Cannes sem eru ókeypis og opnar almenningi virðast vera smágerðar gylltar agnir í sjónum, kannski komið úr sólarkremi og snyrtivörum þeirra sem baða sig þar. Þó að mikið sé um glamúr og stjörnur í Cannes er tæpast pallíettum bætt í sjóinn! Þegar gengið er eftir la Crosette, breiðgötunni við sjóinn í Cannes þar sem bæði er höll kvikmyndahátíðarinnar og hótelin Carlton, Martinez og Majestic en einnig þar sem öll fínu tískuhúsin eru er ekki laust við að það sé hægt að anda að sér peningalyktinni og þá er ég ekki að tala um gúanófýlu sem kölluð var peningalykt í mínu ungdæmi. En gatan sem er samliggjandi Croisettunni er hins vegar öllu venjulegri og þar má finna margt áhugavert á öllu verði. Á milli ólífuolíu, sandala og sápu úr jurtum frá Provence-héraði, leynist tíska heimamanna sem ekki er eins þekkt og dýr.



Í Nice er tískan margbreytilegri og íbúarnir og gestirnir eru fjölbreyttari en í Cannes og kannski ekki eins ríkir, en borgin er miklu stærri. Þrátt fyrir það eiga Nice-búar sitt fína hverfi. Það merkilega er þó að þrátt fyrir að mikið sé um „gylltar konur" og glingur suður frá er raunveruleg eftirspurn eftir látlausari og glæsilegri tísku sem ekki er alltaf í boði. Þetta hef ég bæði heyrt frá íbúum Rívíerunnar sem og sölufólki. Kannski einmitt vegna ranghugmynda sem fólk gerir sér um suðurbúana.

Hvað sem um ranghugmyndir má segja skiptir yfirborðið þó miklu máli á Rívíerunni. Þar eru ekki aðeins stækkuð brjóst sem flæða upp úr víðum hálsmálum. Sund-skýlur eru einnig seldar með svamppúðum að framan sem er ætlað að ýkja innihaldið.

*bergb75@free.fr*



Vaxmynd af Tyru Banks var frumsýnd á Madame Tussaud í Lundúnum í fyrrahaust.

## Mikils metinn dómari með Tyru Banks

FRANCA SOZZANI, RITSTJÓRI ÍTALSKA VOGUE, VERÐUR GESTADÓMARI Í NÆSTU ÞÁTTARÖÐ AMERICA'S NEXT TOP MODEL.

Allt frá því að America's Next Top Model hóf göngu sína 2003 hefur súpermódelið Tyra Banks setið við stjórnvölinn og af fenginni reynslu veit hún að eitthvað nýtt þarf að leggja á borðið í komandi seríu, enda búast áhorfendur við því besta.

Nú hefur hún opinberað að Franca Sozzani, ritstjóri ítalska Vogue, sem er jú tískubiblía Ítala, verði gestadómari í komandi þáttaröð, en hann hefur samþykkt að leggja sitt á vogarskálarnar til að ögra þáttinum svo að hann verði það besta sem tískusjónvarp býður upp á.

Að auki hefur Tyra fengið til liðs við sig heimsfrægu ljósmyndarana Patrick Demarchelier og Matthew Rolston. „Nú hefur America's Next Top Model allt í einu breyst í America's Next Top Modelle, og það mun hefja tískuiðnaðinn til hærri metorða," sagði Tyra sigurviss þegar hún kynnti nýja mannskapinn til sögunnar.

Önnur kunnugleg andlit verða hönnuðirnir Diane von Furstenburg, Zac Posen og Roberto Cavalli.

Áhorfendur geta því farið að hlakka til að fylgjast með þættinum sem verður eins og að fylgjast með heilu tískublaði lifna við, því nú mun engum dyljast hvernig tískuiðnaðurinn fer fram í raun. Hvað meira er hægt að biðja um í raunveruleikasjónvarpsþætti?

DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR

50 ára og eldri
Upprifjunarnámskeið!

Reyndasti danskennari Íslandssögunnar kennir

Hann er 74 ára, ekki gráhærður (aldrei litað á sér hárið). Ekki með hrukkur (aldrei farið í andlitslyftingu). Aldrei bakveikur og við hestaheilsu ... allt **dansinum** að þakka því dansinn er allra meina bót. Kennarinn heitir **Heiðar Ástvaldsson** og kennir á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum 50 ára og eldri og kemur öllum í gott form á ný.

**Konusalsa**
Sjóðheit námskeið. Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.

Í tímunum 50 plús og Salsa eru ávallt 3 kennarar.

**Innritun og upplýsingar á www.dansskoliheidars.is og í síma 551 3129 kl 16 til 20 daglega**



MJÚKT FYRIR BÖRNIN

TILBOÐIN ERU EINNIG Í VEFVERSLUN LINDESIGN.IS

25% afsláttur af öllu í barnadeild fram á laugardag. Falleg íslensk hönnun unnin úr bestu fáanlegri bómull.

Lín DESIGN

LÍN DESIGN LAUGAVEGI 176, GAMLA SJÓNVARPSHÚSIÐ | SÍMI: 533 2220 | NETFANG: LINDESIGN@LINDESIGN.IS

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...







Þú færð Fréttablaðið
á kostnaðarverði á 90 stöðum
um land allt.
Nánari upplýsingar á
visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…




Finnur hóf sjálfstæðan rekstur á Akranesi fyrir þremur árum. MYNDIR/ ÖRN ARNARSON

# Silfur og gamalt gull

**Gullsmiðurinn Finnur Guðni Þórðarson lætur æ meira að sér kveða en hann hóf sjálfstæðan rekstur á því herrans ári 2007. Hann vinnur mest með silfur og handsmíðar allt sem hann gerir.**

Finnur Guðni Þórðarson hefur getið sér gott orð frá því að hann lauk sveinsprófi í gullsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 2004. Hann lærði hjá Dýrfinnu Torfadóttur á Akranesi frá árinu 2001 til 2004 og vann hjá henni eftir það til 2007 þegar hann ákvað að fara út í sjálfstæðan rekstur. „Í kjölfarið opnuðum við sameiginlega vinnustofu og verslun að Stillholti 16-18, en erum þó með aðskilinn rekstur,“ segir Finnur. Hann vinnur mest með silfur en notar líka gull og alls kyns steina. „Ég hef síðan talsvert verið að vinna upp úr gömlu gulli en þá kemur fólk með gamalt skart og lætur vinna upp úr því nýtt,“ segir Finnur og mun það hafa aukist eftir kreppu.

Hömruð áferð er nokkuð einkennandi fyrir skartgripi Finns en þó má sjá ýmsu öðru bregða fyrir. „Stórir aðilar á erlendri grund geta margir látið tvær línur á ári duga en það gengur ekki á Íslandi og þarf að bjóða upp á alla flóruna.“ Finnur segir starfið krefjandi en um leið skemmtilegt. „Ég handsmíða allt og er ekkert farinn að fjöldaframleiða eins og sumir kollegar mínir.“ Finnur tekur líka að sér viðgerðir en þá gildir að vanda vel til verka enda er hann oft með viðkvæma hluti, sem hafa persónulegt gildi, í höndunum.

Finnur er með gripina sína í umboðssölu á Ísafirði, þaðan sem hann er ættaður, og á Selfossi en er auk þess að þreifa fyrir sér í Reykjavík og jafnvel á Akureyri. „Þá opnaði ég facebooksíðu í fyrra og hafa viðtökurnar verið vonum framar.“ Skartgripina er hægt að skoða nánar á www.finnur.is. *vera@frettabladid.is*



Finnur gerir hringa, hálsmen, eyrnalokka og armbönd ásamt því að bjóða talsvert úrval skartgripa fyrir karlmenn.

Hér er annað dæmi um það nýjasta úr smiðju Finns.

Hér má sjá hálsmen úr nýjustu línu Finns.

Hömruð áferð er nokkuð einkennandi fyrir skargripi Finns.

# Tíska til fjáröflunar

**Linzi Stoppard fiðluleikari klæddist íburðarmiklum kjól þegar hún stillti sér upp með hermönnum í fullum skrúða í Hyde Park í London á dögunum. Uppátækið var ætlað til að vekja athygli á góðgerðasamkomu.**

Breski tískuhönnuðurinn Jasper Conran hannaði íburðarmikinn kjól fiðluleikarans Linzi Stoppard, sérstaklega fyrir fjáröflunarkvöldverð sem fram fer 26. október næstkomandi þar sem safna á fyrir breska hermenn sem eiga um sárt að binda.

Við það tækifæri munu yfir fimmtíu breskir fatahönnuðir sýna hönnun sína, þar á meðal Matthew Williamson, Victoria Beckham, Julien Macdonald og Paul Smith. Þá verða boðnir upp munir gefnir af stjörnum á borð við Dame Helen Mirren, Stephen Webster og Stephen Fry og sérstök útgáfa af Range Rover jeppa af árgerð 2011 til



Linzi Stoppard vekur athygli á fjáröflunarkvöldverði í Hyde Park í London.

Sofia Coppola er þekktust sem leikstjóri kvikmynda á borð við Lost in Translation og Marie Antoinette. Hún hefur einnig hannað töskur fyrir hátískumerkið Louis Vuitton. Nýjasta töskulína hennar kemur í verslanir í október á þessu ári.



stylefrizz.com

# húð, hár og heilsa

FIMMTUDAGUR 9. SEPTEMBER 2010



FRÉTTABLADID/PJETUR


Við erum með bás á sýningunni

## Heilsa, húð & hár

í Smáralind helgina 11. og 12. september

**Vörukynningar, prufur, smökkun o.m.fl.**



**UDO ERASMUS með fyrirlestur um fitusýrur**

Laugard. 11. sept. Smárabíó, sal 5, kl. 9 - 9:40 (fyrir fagfólk)
Laugard. 11. sept. Smárabíó, sal 5, kl. 11 -12 (fyrir almenning)
Laugard. 11. sept. Vetrargarðurinn, Smáralind kl. 13 -14
Sunnud. 12. sept. Smárabíó sal 5, kl.11 -12 (fyrir almenning)
*Aðgangur ókeypis*

ECOVER COCOWELL Salus SAGAMEDICA SÓLEY Arctic Root YogiTea Xylitol VILLIMEY

*Líttu við og kynntu þér það helsta sem er að gerast á þessu sviði!*

heilsa –hafðu það gott

KRAFTAVERK

● **KRULLUR** Krullað hár er víkjandi. Það þýðir að sá sem er með krullað hár hefur erft það frá báðum foreldrum sínum og er arfhreinn hvað þennan eiginleika varðar. Einstaklingar með slétt hár eru annaðhvort arfhreinir hvað slétt hár varðar og geta þá ekki eignast barn með krullur, eða þeir eru arfblendnir og geta þá eignast krullhært barn að því gefnu að hitt foreldrið sé einnig arfblendið hvað þennan eiginleika varðar. Ef báðir foreldrar eru með krullað hár er ómögulegt að barnið fái erfðaupplýsingar um slétt hár og því verður það með krullur. Heimild: visindavefur.is.



# Góður andlitsrakstur



Margir karlmenn eru á því að eingöngu þurfi góða sköfu og raksápu til að ná viðunandi rakstri. Málið er þó aðeins flóknara eins og meðfylgjandi leiðbeiningar segja til um.

Þannig er mælt með því að þeir sem nota sköfu þvoi andlitið vel með heitu vatni áður en rakstur hefst en varist að nota sápu. Sápa þurrkar húðina og eykur líkurnar á að menn skeri sig við rakstur. Þá er best að raka í sömu átt og skeggið vex en ekki á móti þar sem það eykur líkur á útbrotum. Þvoið andlit með volgu vatni eftir rakstur, þerrið og berið á rakakrem. Þá er mælt með því að nota rakvélablöð ekki oftar en tvisvar eða þrisvar. Eftir það verða þau yfirleitt bitlaus.




# Draumurinn um hárleysið

**Sú árátta kvenna að vilja hvergi hafa stingandi strá á líkamanum nema á höfði er löngu orðin vel þekkt. Karlar eru þó einnig farnir að nýta sér einhverjar af þeim fjölmörgu leiðum sem til eru til að losna við óvelkominn hárvöxt. Hér eru þær helstu taldar upp.**



Hárlaus líkami virðist vera draumur margra kvenna. Til þess að ná því markmiði eru notaðar ýmsar aðferðir. NORDICPHOTOS/GETTY

### HÁREYÐING MEÐ LEISERTÆKNI

Laserlækning ehf. býður upp á meðferð þar sem leiserljósi með nógu háum hita er beint að hársekkjum. Við það laskast þeir og komið er í veg fyrir endurnýjun án þess að skaða húð eða nærliggjandi vefi.

Meðferðin virkar best á dökk og gróf hár sem hafa mikið magn af melaníni, því mettun melaníns er mikil í hári sem drekkur í sig ljósgeisla án þess að skaða ysta lag húðarinnar. Mun lengri tíma tekur að eyða ljósum, fínum hárum.

Talið er að um þriðja hvert hár losni í hverri meðferð og því þarf að koma nokkrum sinnum til að fá varanlegan árangur. Lengd meðferðar ræðst af umfangi hárvaxtar, gróf- og þéttleika hársins og ekki síst háralit.

### RAFMAGNSHÁREYÐING MEÐ NÁL

Í rafmagnsháreyðingu, sem framkvæmd er á ýmsum snyrtistofum, er örþunnri nál stungið ofan í hársekkinn og hleypt af straumi. Við það verður efnabreyting sem hefur áhrif á hársekkinn. Meðferðin getur verið seinleg og nokkuð mörg skipti þarf til að sjá árangur en lokaniðurstaðan er yfirleitt ágæt. Þó skal þess getið að meðferðin er nokkuð sársaukafull.

### IPL-LJÓSTÆKNI

Sumar snyrtistofur eru farnar að bjóða upp á háreyðingu með svokallaðri IPL-ljóstækni sem byggist á Xenon-ljósi. Ljósið er í handfangi sem beint er að því svæði sem á að meðhöndla. Bak við ljósið er spegill og filter fyrir framan það sem dregur úr hita ljóssins. Xenon-ljósið gefur frá sér hita, hárin draga í sig hitann frá ljósinu og draga hann niður í rót sem veldur að sögn varanlegri eyðingu á hárfrumum í hársekk. Endurtaka þarf meðferðina í sex til tíu skipti á fjögurra til sex vikna fresti. Ekki má plokka eða vaxa hárin burt meðan á meðferðinni stendur en það sama á við um leiserog rafmagnsháreyðingu.

Þess má geta að IPL-ljóstæknin er einnig notuð til að losna við hrukkur, sprungnar háræðar, litabreytingar í húð og unglingabólur.

Helsti kosturinn við IPL-meðferðina er að hún er sársaukalítil miðað við annað sem er í boði í varanlegri háreyðingu.

### VAX

Vaxið er löngu orðin viðurkennd aðferð í baráttunni við hár á stærri svæðum. Það er talið endast í fjórar til sex vikur og hægt er að velja um vax í andliti, vax á líkama allt frá fótleggjum og nára upp í handarkrika og handleggi. Einnig er boðið upp á vax fyrir karlmenn á öxlum, baki og bringu. Sumstaðar er boðið upp á brasilíska vaxið og er þá oft mælt með að nota súkkulaðivax sem aðeins límist við hárin en ekki húðina, annars er notað rúlluvax og pottvax en það fer eftir húðsvæðum og óskum viðskiptavinar.



Karlar eru einnig í auknum mæli farnir að nýta sér þær fjölmörgu háreyðingarmeðferðir sem eru í boði. Brasilískt vax naut til dæmis, að minnsta kosti um tíma, mikilla vinsælda hjá íslenskum karlmönnum.

### RAKSTUR

Rakstur er yfirleitt ekki talinn líkleg leið til árangurs. Þó að vissulega megi losna við hárin í stutta stund koma þau fljótt aftur og eru þá yfirleitt harðari, dekkri og illmeðfærilegri en áður. Ef á annað borð á að raka, til að mynda hár á fótum, er gott að gera það eftir heitt bað eða sturtu þegar hárin eru mjúk.

### AFLITUN

Þeir sem ekki þola háreyðingarmeðferðir geta látið bera efni í hár líkamans til að lýsa þau. Það er auðvitað skammtímalausn.

*-sg*

● **VARAÞURRKUR** Teskeið af hunangi og sykri þykir vera góð á þurrar og sprungnar varir en það hefur sýnt sig að þessi blanda mýkir bæði varirnar og fjarlægir dauðar húðfrumur. Þá þykir sumum sniðugt að búa til stærri blöndur og bera á hendur og fætur og þvo sér svo upp úr heitu vatni.





● **ÞRJÚ LÖG** Húð okkar er gerð úr þremur lögum. Ysta lagið, það sem við horfum á, nefnist húðþekja (e. epidermis), þar fyrir innan er leðurhúðin (e. dermis) og innsta lagið nefnist undirhúð (e. subcutaneous layer). Öll vinna þessi lög saman að því að halda húð okkur í góðu ástandi.

**KYNNING**



Pétur Sigurbjartarson og Ásta Kjartansdóttir hjá Gengur vel verða með bás á sýningunni Húð, hár og heilsa í Smáralind. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Náttúrulegar lausnir

**Sýningin Heilsa, húð og hár verður haldin í Vetrargarðinum í Smáralind laugardaginn 11. og sunnudaginn 12. september. Gengur vel er á meðal þeirra fyrirtækja sem þar munu kynna vörur sínar.**

„Við munum kynna okkar vöruúrval og verðum að auki með sýnishorn af völdum vörum, sem hafa hlotið góðar viðtökur hérlendis,“ segir Pétur Sigurbjartsson, sölu og markaðsstjóri Gengur vel sem verður með bás á sýningunni Heilsa, húð og hár í Smáralind um helgina.

„Við verðum með kynningu á Nutrilenk sem er efni sem hefur verið notað við liðverkjum og hefur notið mikilla vinsælda hér á landi og er eitt mest selda efnið við liðverkjum hér á landi sem og Norðurlöndunum. Efnin tvö eru kölluð Nutrilenk Gold og Nutrilenk Active. Nutrilenk Gold er fyrst og fremst ætlað fólki sem þjáist af sliti í liðunum og virkar því sem byggingarefni fyrir liðina, á meðan Nutrilenk Active er ætlað sem eins konar smurefni fyrir stirða og auma liði sem er algengt vandamál hjá íþróttafólki og einnig þeim sem eldri eru þar sem liðvökvinn minnkar oft með árunum.“

Énaxin er önnur vara sem Gengur vel verður með á sýningunni í Smáralind, efni sem er ætlað að auka orku og skerpa á einbeitingu. „Þetta er upplagt fyrir þá sem vilja auka orkuna á náttúrulegan hátt. Énaxin kemur bæði í töflum og mixtúru og inniheldur ýmsa jurtakjarna á við Rhodiola eða burnirót og Schisandra Chinsesis. Þess má geta að Énaxin er mjög frábrugðið kaffi þar sem það keyrir ekki upp taugakerfið eins og kaffi gerir, heldur gefur jafna orku yfir daginn. Gestir sýningarinnar munu fá að smakka og sannreyna virkni Énaxin.“

Þá segist Pétur ætla að kynna verkjagelið Sore no more sem henti þeim sem glíma við hvers kyns verki, bólgur og meiðsl. „Þeir sem glíma við bak- og hálsmeiðsli hafa til dæmis verið að nota það og eru ánægðir með virkni þess. En það má líka benda á að Sore no more inniheldur engin aukaefni, á við Paraben eða önnur kemísk íblöndunarefni sem talin eru óæskileg í dag.“

Loks nefnir Pétur til sögunnar fæðubótaefni fyrir konur, Chello, og gefur þá samstarfskonu sinni, Ástu Kjartansdóttur, orðið. „Við erum með þrjár gerðir af Chello sem er náttúrulegt bætiefni fyrir konur á breytingarskeiðinu og hefur reynst mörgum konum vel við að fást við kvilla eins og hita og svitakóf. Jurtirnar í Chello, meðal annars Dong Quai, rauðsmári, vallhumall, kamilla og soja, hafa verið notaðar í gegnum árhundruðin. Náttúrulegar lausnir eru að verða vinsælli með hverju árinu. Konur eru farnar að velja náttúrulegar lausnir í miklu meira mæli en áður með frábærum árangri.“

● **MESTA FJÖLBREYTNIN Í NORÐUR-AMERÍKU** Hárgerð fólks er afar mismunandi eftir heimshlutum. Á sumum svæðum er hún nokkuð einsleit en á öðrum er breytileikinn mikill. Fólk af asískum uppruna er með þétt, svart og glansandi hár. Hver fullvaxta Asíubúi er að meðaltali með í kringum 150 þúsund hár á höfðinu og getur oft verið nokkuð vandasamt að greiða í gegnum það. Góð hárnæring er því oftar en ekki nauðsynleg.

Skotar eru gjarnan rauðhærðir og eru hárstráin ívið þykkari en á Asíubúum. Evrópubúar eru ýmist dökkhærðir eða ljóshærðir og geta bæði skartað krullum og rennisléttu hári. Hárið er yfirleitt léttara en á Asíubúum og þéttleikinn er í kringum 90 þúsund hár á höfði. Afríkubúar eru með svart, þétt og krullað hár. Hárstráin sjálf eru fremur þunn og flöt sem skýrir af hverju þau krullast upp í loftið. Hárið þarf raka og ber að varast að greiða það um of enda slitnar það nokkuð auðveldlega. Krullujárn og hárblásara ætti að forðast Í Norður-Ameríku má sjá hvað mesta fjölbreytni í háralit fólks enda hafa hin ólíku þjóðarbrot blandast sökum mikils fjölda innflytjenda.

- ve







*Meiri orka og betri einbeiting!*

**Upplagt í prófflesturinn og vorverkin!**
Énaxin er jurtabætiefni með m.a. Rhodiolu og Schisandra sem eru frábærar til að bæta orku, einbeitingu og lífgleði. Fáanlegt bæði í mixtúru- og töfluformi. Upplagt að byrja á kúr og taka fyrst inn mixtúruna og viðhalda áhrifun¬um með töflunum.




*Náttúrleg lausn fyrir konur á breytingarskeiðinu.*

Það er hægt að losna við hita og svitakófin. Chello er með 3 mismunandi gerðir því engin kona er eins. Allar innihalda þær rauðsmára sem hefur hjálpað konum við að glíma við erfiðleika á breytingaskeiðinu.

*Bætt liðheilsa, betri lífsgæði*

NutriLenk er gott bætiefni og frábært byggingarefni sem hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum að bæta liðheilsuna og aukið lífsgæðin þeirra til muna!







*Verkjagelið sem virkar!*

Sore No More er náttúrulegt gel sem gott er að nota á tímabundna verki og ónot. Gelið er án alkahóls, kemískra íblöndunar of rotvarnar efna. Hentar vel á bakverki, sinabólgur, tennisolnboga, frosna öxl, íþróttameiðsla og svo mætti lengi telja. Komdu við og prófaðu.

Ofangreindar vörur fást í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

Gengur vel ehf.

# Rokkað og rómantískt í vetur

**Daði Hendrikusson hjá Kompaníinu og Nína Kristjándsóttir hjá Mojo Senter eru sammála um að hártískan í vetur verði rómantísk, rokkuð og jafn vel örlítið pönkuð.**

Hártískan hefur að undanförnu einkennst af stuttum og áþekkum herra- og dömuklippingum undir áhrifum frá svokallaðri rockabilly-tísku, með rómantísku ívafi. Fátt bendir til að breyting verði þar á að sögn Nínu Kristjándsóttur hjá hárgreiðslustofunni Mojo Senter.

„Það hefur verið vinsælt hjá báðum kynjum að vera með stutt hár, rakað í vöngum og svo síðara hár ofan á, sem einkennist af mjúkum línum. Allt stefnir í að þessar klippingar verði áfram vinsælar og því um að gera að leika sér með útfærslur, enda misjafnt hvað hentar hverjum og einum.“ Undir þau orð tekur Daði Hendrikusson hjá Kompaníinu. „Við munum áfram sjá einhverjar útfærslur af þessu.“

Nína bendir jafnframt á að hvað millisítt og sítt hár varði sé best að leyfa hárinu að vera sem náttúrulegustu. „Það er kominn tími til að leggja sléttujárninu og leyfa hárinu að vera sem eðlilegast, hvort sem það er slétt, liðað eða krullað.“ Náttúrulegir háralitir njóta, að sögn Daða, jafnframt mikilla vinsælda en á Kompaníinu eru litasjampó sérblönduð fyrir viðskiptavinina. „Við blöndum litasjampó frá Pact sem draga fram eiginleika hvers háralitar og gljáa ásamt því að ljá hárinu fallegri tóna. Aðferðin laðar það besta fram hjá hverjum og einum.“ - rve

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Stutt og platínum ljóst hár í anda Pink. Kompaníið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Herraklipping undir áhrifum Inglorious Bastards. Mojo Senter.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Hér er litasjampó frá Pact notað til að draga fram fallegan háralit. Kompaníið.

Sérblaðið
Heimili og hönnun

Kemur út laugardaginn
11. september

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439





● **AUGNUMHIRÐA** Baugar undir augum geta verið hvimleitt vandamál og lýti að sumra mati. Til eru ýmis ráð við því. Þannig er talið gagnlegt að skera niður þunnar sneiðar af hráum kartöflum og leggja yfir augun og geyma þar í minnst 20 mínútur. Endurtaka svo leikinn í nokkra daga þar til baugarnir eru á bak og burt. Agúrkusneiðar og blautir tepokar eru taldir koma að svipuðu gagni.

# Sólarljósið veldur hrukkum og skellum



Húðlæknar eru almennt á því að stór hluti, jafnvel allt að 90 prósent þeirra breytinga sem verða á húðinni með aldrinum, sé til kominn vegna skemmda af völdum sólarljóss.

Þannig er ekki óalgengt að húð sem hefur verið mikið í sólarljósi sé með fleiri og dýpri hrukkur auk þess sem ójöfn litadreifing veldur litaskellum.

Þá hafa teygjanlegar prótíntrefjar í leðurhúð húðar sem hefur orðið fyrir miklum ljósskemmdum þykknað og flækst saman auk þess sem miklu minna er af kollageni en í húð sem hefur verið lítið í sólarljósi.

Heimild: www.visindavefur.is



Liðað og náttúrulegt. MOJO.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nútímalegt og töff. Mojo senter.

Daði hjá Kompaníinu rakar hliðarnar, en leyfir síddinni að öðru leyti að halda sér.



**● ALLT ÞAÐ NÝJASTA Á SVIÐI HEILSU OG FEGURÐAR** Heilsuvörur og þjónusta sem tengist heilsu, húð og hári verða til sýnis á stórri sýningu í Smáralind um helgina. Fyrirtæki úr öllum heilsugeiranum munu þar kynna vörur sínar og þjónustu fyrir sýningargestum, auk þess sem tilboð verða á tilteknum vörum og þjónustu. Þá mun fjöldi fyrirlesara flytja erindi á sýningunni, sem verður ókeypis inn á. Frítt verður inn á sýninguna, sem verður höfð opin frá klukkan 11 til 18.30 á laugardag og 12 til 18.30 á sunnudag.






Sérfræðingur frá Dior kynnir fimmtudag, föstudag og laugardag, glæsilega haustliti og gefur ráðleggingar varðandi förðun og litaval.

Falleg snyrtitaska ásamt kinnalit fylgir kaupum.*

Vertu velkomin.

*á meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa Kringlunni

# Kynfæragötun aldrei meiri

**Kynfæragötun tröllríður nú tískustraumum í líkamsgötun, en ávinningurinn af henni ku felast í meiri ánægju kvenna í ástalífinu.**



Hjónin Svanur Guðrúnarson tattúmeistari og Seselía Guðmundsdóttir gatari á stofu sinni Tattoo og skarti á Hverfisgötu, þangað sem margir sækja sér innblástur og láta drauma sína rætast. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Seselía með glitrandi eyrnahnapp í „tunnel“ eða gangna-eyrnagati.



Glitrandi steinn í gegnum naflagat nýtur sem fyrr gífurlegra vinsælda kvenna. MYND/TATTOO OG SKART

„Stelpur elska naflagöt, og gat í tungu er enn hæstmóðins, en langmest aukning er í kynfæragötun kvenna. Þá er settur lóðréttur pinni í gat ofan við snípinn sem eykur kynferðislegan unað,“ segir Seselía Guðmundsdóttir, gatari hjá Tattoo og skarti á Hverfisgötu, spurð um helstu tískustrauma í líkamsgötun.

„Í Svíþjóð og Danmörku er varla neitt að gera lengur í götun en hér heldur eftirspurn áfram sem aldrei fyrr enda Íslendingar sjálfstæðir og gera það sem þeir vilja,“ segir Seselía sem telur klámvæðingu síðustu missera líklegustu skýringuna á stóraukinni kynfæragötun, en aukning er 800 prósent milli ára.

„Kynfæragötun hefur sótt mjög í sig veðrið á aðeins einu ári, en í fyrra gataði ég tvær konur í mánuði miðað við sextán konur í mánuði nú. Flestar eru á aldrinum 18 til 40 ára og með öllu ófeimnar, en ég spyr þær aldrei um ástæður því enn viðurkenna fæstar konur að horfa á klám.

Hins vegar þykir mér líklegt að klámstjörnur séu margar gataðar og þaðan sé tískan að mestu upprunnin,“ segir Seselía. „Götunin í sjálf tekur ekki nema tíu mínútur og engin hætta á ferðum ef farið er eftir leiðbeiningum um umhirðu eftir á, en það er eins með götun og tattú að sniðgangi fólk allar reglur er voðinn vís, og sá sem það gerir einu sinni gerir það ekki aftur,“ segir Seselía.

Bæði Fjölnir Bragason tattúmeistari og Berglind Rós Ragnarsdóttir, gatari á Íslenzku húðflúrstofunni við Hverfisgötu, staðfesta orð Seselíu.

„Kynfæragötun er mun algengari en fólk heldur og eftirspurnin mikil, en aukning er mest hjá yngri konum,“ segir Berglind. „Oftast er settur boginn pinni eða hringur í gatið, og alltaf í því augnamiði að auka unað. Flestar eru ófeimnar, en nefna þó að þær hefðu frekar hikað með kynfæragötun ef karlmaður sæi um verkið. Að mínu áliti hefur klámvæðingin gert konur meðvitaðri um þennan möguleika í kynlífinu, en vitaskuld spyrst þetta líka út meðal kvenna og smitar út frá sér,“ segir Berglind. Önnur tíska sem nú nær aukinni útbreiðslu í líkamsgötun eru svokölluð „tunnels“ eða göng sem eru stór göt í eyrnasnepla þar sem komið er fyrir hvers kyns hringjum og hnöppum. „„Tunnels“ er að færast niður í aldri og foreldrar eru ekkert voðalega sáttir, en þetta er aðal eyrnatískan í dag og að verða jafn vinsælt hjá báðum kynjum. Ferlið tekur um tvo mánuði og er þá komið á tveggja vikna fresti til að stækka gatið. Tískan kemur upprunalega frá Lundúnum og byrjaði sem pönk, en hér á Íslandi fylgir hún tattú-menningu og rokki, og gefur í skyn svolitla uppreisn þegar reynt er á þolrifin hjá afa og ömmu,“ segir Seselía og brosir í kampinn. „Ég geri þó aldrei „tunnels“ nema hringja fyrst í mömmu viðkomandi til að fá leyfi því eyrnasnepill verður aldrei samur í útliti ef farið er út í víðari göng en 8 millimetra, en dæmi er um að fólk hafi fengið sér 30 millimetra „tunnels“.“ *- þlg*

Swiss Nature

Nýtt á Íslandi
Hágæða snyrtivörur
úr Ölpunum.

Verðum á sýningunni
Heilsa-húð og hár
í Smáralind um helgina.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

# Með Jesú á handleggnum

„Fólk er farið að vinda sér beint í stærri verk og orðið baldnara að leyfa listamanninum að leika sér,“ segir Fjölnir Bragason tattúmeistari á Íslenzku húðflúrstofunni um tíðarandann í tattúmenningu Íslendinga nú. „Það er áberandi að fólk leitar nú meira inn á við og í gömlu gildin, velur sér trúarleg tákn og Jesúmyndir, eða nöfn og myndir af sér nákomnum. Reglan var sú að fá sér fyrst lítið tattú, en nú er fólk orðið djarfara að biðja strax um heila ermi eða heilt brjóststykki. Á sýningu ytra á dögunum sáum við svo stelpur með lítil akkeri undir augunum, en hér tölum við fólk ofan af slíkum hugmyndum nema það sé komið yfir þrítugt,“ segir Fjölnir.



Eftir að kreppti að hafa margir sóst eftir biblíumyndum á líkama sinn, eins og hér má sjá í síðustu kvöldmáltíð Jesú og lærisveinanna. MYND/TATTOO OG SKART




Engin ást er einlægari en ást foreldra til barna sinna, eins og sjá má á þessu tattúi, en aukin aðsókn er í tattú af börnum. MYND/TATTOO OG SKART

Sömu sögu hefur Svanur Guðrúnarson, tattúmeistari í Tattoo og skarti, að segja.

„Eftir kreppuna breyttist gjörhugsunarháttur fólks og nú kemur enginn til að fá sér eitthvað ljótt. Trúarleg stef eru áberandi, sem og myndir af börnum eða átrúnaðargoðum fólks,“ segir Svanur og upplýsir að lítil tattú heyri að mestu sögunni til.

„Nú vill fólk láta tattúvera á sig stór portrett og margir sem kjósa hönnun í ákveðnum stíl, en þar er japanski stíllinn vinsælastur. Þessu hafa sjónvarpsþættir á borð við Miami Ink á Discovery breytt, sem og átrúnaðargoð eins og David Beckham sem er með allan handlegginn tattúveraðan, en það köllum við ermar,“ segir Svanur og bætir við að núorðið láti enginn húðflúra sig nema að vel ígrunduðu máli.



Fjölnir Bragason tattúmeistari á Íslenzku húðflúrstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Fólk gerir sér grein fyrir því að tattú er langtímaskuldbinding og kemur í mörg viðtöl og marga mánaða forvinnu áður en látið er til skarar skríða með ermar eða stærri tattú. Virðing fyrir tattú er orðin meiri, það er álitið listgrein og þeir sem láta tattúvera sig nú gera það af meiri alvöru en áður, enda meðvitaðir um líkama sinn og kjósa að vera flottir.“ *- þlg*

CHANEL

BE UNEXPECTED

Free yourself from constraint. Choose your destiny.
Act rather than follow. Write the script of your life.




www.chanel.com

VERIÐ VELKOMIN Í HYGEU Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND 9. TIL 11. SEPTEMBER
OG KYNNIÐ YKKUR GLÆSILEGAR NÝJUNGAR FRÁ CHANEL.

HYGEA
snyrtivöruverslun



**Hera Björk notar lítið vöfflujárn til að lyfta hárinu frá rótinni.**

# Leyndarmál að baki fersku útliti

Söngkonan Hera Björk Þórhallsdóttir leggur mikla rækt við hárið á sér. Beðin um að ljóstra upp leyndarmálum segist hún nota pínulítið vöfflujárn, sem hún á í fórum sínum, til að fá lyftingu í hárið. „Ég vöffla nokkra lokka við rótina og þá lyftist hárið frá og virðist meira lifandi. Þá nota ég Super Skinny Serum dropa frá Paul Mitchell nánast á hverjum degi en þeir gefa hárinu glans og koma í veg fyrir að það flækist.

Leikkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir segist finna mestan mun á sér eftir góðan nætursvefn og slökunarstund í heita pottinum í Vesturbæjarlauginni. „Þá finnst mér best að vera í útiklefanum enda er það sérstaklega frískandi.“ *- ve*



**Vigdísi Hrefnu Pálsdóttur finnst frískandi að fara í útiklefann í Vesturbæjarlauginni.**

# Heimatilbúinn glans í hárið

Glansandi hár þykir sérstaklega eftirsóknarvert enda ber það vott um heilbrigði og styrk. Hér á eftir fara nokkur ódýr húsráð til að fá hárið til að glansa.

- Þvoið hárið upp úr tevatni í hverri viku.
- Þvoið hárið upp úr eggjahvítu einu sinni í viku.
- Nuddið kókosolíu í slitna og skemmda enda og vefjið hárinu inn í handklæði. Bíðið í 15 mínútur og skolið úr.

Góð djúpnæring á viku til tveggja vikna fresti gerir síðan öllu hári gott og getur jafnvel orðið til þess að það lifni yfir skemmdum og lituðum endum. *- ve*




Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Fylgstu með

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

# Þjónustuauglýsingar
Sími 512 5407

## Námskeiðin að hefjast



Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.

Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.

Allt til glervinnslu og leirvinnslu.

**GLIT**
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

---



Nýkomin sending af lömpum með stækkunargleri í úrvali.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

---

## HÁDEGISTILBOÐ

Italiano Pizzeria

Miðstærð af pizzu og gos, 1090,-kr. í hádeginu alla daga

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

---

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.

Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

---

MP Sólpallar ehf



Gerum tilboð í Sólpalla Hellulagnir
S. 893 3300
www.solpallur.is
24 ára reynsla í faginu

---



Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

---

Tilboð

Kassagítar ½ stærð kr:12.900, pakkinn með poka strengjasetti og stilliflautu
¾ stærð 13.900,- 4/4 stærð 16.900
Rafmagnsgítarpakkar frá 33.900
Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900

**Gítarinn Stórhöfða 27.**
**S. 552 2125 www.gitarinn.is**

---

UFO
**ÖFLUGIR RAFHITARAR**
1200 – 3200 kw fyrir veröndina, svalirnar, sumarhúsið ofl. Umbreytir 96% orkunar í hita. 30 sek að full hitna. 3 ára ábyrgð. Fást með fjarstýringu og á standi.

SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

---

XPRENT
...hönnun og merkingar

„þú gætir fundið lausnina hjá okkur"

Sandblástursfilmur
Gluggamerkingar
Bakljósafilmur
Sólarfilmur
Límfilmur
Merkingar
Risaprentun
Smáprentun
og margt fleira...

www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

---

## Heitir pottar og vatnabátar

Plastx.is
Ægisbraut 23
300 Akranes
Sími 431 5006

PlastX

---

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!



**Stúdíó 29**
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

---

## Bílaverkstæði á besta stað

Ávallt í leiðinni
Allar almennar viðgerðir,
púst, bremsur og fl.
Einnig athugum við bíla fyrir skoðun og lagfærum það sem sett hefur verið út á í skoðun
Góð og heiðarleg þjónusta

Bílastofan
Bíldshöfða 18 - bakhús
112 Reykjavík
Sími 587-3131
www.bilastofan.is

---

## Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

## Allt á einum stað

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR

**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

---

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
**AUÐUNS**
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is

**Sendibílar til leigu**
*Þú leigir hann.*
Krefst ekki meiriprófs réttinda

---

## IVECO

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

## BOMAG

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara

VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

---

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"

*Smurþjónusta og smáviðgerðir*

*Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430*

---

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---



Eigum eingöngu 3 stk. eftir í hvorri tegund af þessum vinsælu 50cc Vespum, með ísettum racing kveikjum,(CDI) á frábæru Verði. Getum uppfært til 80cc.
Eigum einnig 80cc kitt í fjórgengis skellinöðrur og fjórhjól.

Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

---

## SPORTBAR MEÐ POOL

**Til sölu flottur sportbar með pool og Viðburðaskjám, í 236 fm húsnæði.**
Mikið endurnýjað. Jöfn og góð velta.
Mjög gott verð ef samið er strax.

**Uppl. á Fyrirtækjasölu Íslands 773-4700**

---

## GJAFAVÖRUVERSLUN

Til sölu á Laugaveginum,
í mjög góðu plássi.
Auðveld kaup með yfirtöku og útborgun aðeins 300 þús.
Rekstrarfélag fylgir. Frábært tækifæri.
Uppl. Fyrirtækjasala Ísl. 773-4700

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. 690 2409 Vistvæn endurnýting. Óskum sérstaklega eftir STÓRUM (Amerískum) þvottavélum og þurrkurum. 690-2409.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
*Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!*

**TUNGUHJÓLIÐ**
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
**FLESHLIGHT.IS**
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!



Full búð af nýjum vörum. Str. 38-56. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Til bygginga

**ÚTSALA**
Plankaparket
Verð frá: 5.960
Okkar eigin framleiðsla
Stafaparket
Verð frá: 4.450
PARKET VERKSMIÐJAN

## Heilsuvörur






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Whole body massage 841 8529

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

choose the best-so nudd í tveimur eða fjórum höndum good massage 693 75 97 opid 09-23 10.09-11.09 i akureyri

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Víðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Dýrahald



Til sölu westie hvolpar, ættbókafærðir frá hundaræktarfelaginu Rex. Tilbúnir að fara um miðjan sept. Uppl í www.solnes.webs.com, sveinbjorn@heimsnet eða 897 2256 eftir kl 18 á kvöldin.

## Ýmislegt



GARÐGEYMSLUR Stærð 7.6 m2 ( 2.5 x 3.0 m ) Verð 269.000.- Stærð 4.6 m2 ( 2.5 x 1.80 m ) Verð 219.000.- Stuttur afgreiðslufrestur og vönduð hús JABOHÚS Ármúla 36 sími 581 4070 www.jabohus.is

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði frá 11. sept. til 10. okt. í neðri hluta Þverár. Veitt er eingöngu á flugu og eru kaststangir bannaðar. Einnig er skylt að sleppa öllum laxi aftur í ánna. 3 stangir í boði á dag. Nánari uppl. í s. 848 2304.

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**3ja herb. í Hafnarfirði.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvottavél, gardínur og öll ljós.**
**Dýrahald ekki leyft.**
**www.heimahagar.is**
**Upplýsingar í síma 772 7553**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Mosfellsbær: Góð 80 fm kjíb. til leigu við Stórateig. Parket og flísar á gólfum, nýmáluð. Þvottavél fylgir. Sér inngangur. Leiga 90 þús/mán m. hita+rafmagni 840-5408

**Íbúðir til leigu**
Nýjar 2, 3, og 4ra herb. íbúðir til leigu í Hfj. í fallegu fjölbýlishúsi. Langtímaleiga. Örfáar íbúðir eftir. Uppl. í síma 699 5532.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Björt herb. með allri aðstöðu í 101. 45-55þ. Nice brigt romms with all incl. in 101 Rvk. Price 45-55þ. S. 868 0990. photos, http://simnet.is/bb52

Herb til leigu í 111. V. 30 þús. Aðg. að baði, þvottah. og eldh. S. 857 6745.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu er mjög góð 5 herb. íbúð í Breiðholti. Uppl. í s. 892 5933.

## Húsnæði óskast

Einstæður 2ja barna faðir óskar eftir 3-4ja herb. íbúð sv. 108. Góðar tryggingar og öruggar greiðslur. Uppl. s. 690 5211.

Óska eftir 3herb. íbúð í Rvk. Reglusemi, reykleysi og skilvísum greiðslum heitið. Vinsamlegast hafið samband í s: 8493148 eða 8622866

**Kæligeymsla**
Óska eftir að taka á leigu ca 200 fermetra kæligeymslu í 3 til 4 mánuði frá miðjum sept. Pálmar 892-2370 fludaleid@simnet.is

Par með barn óskar eftir snyrtilegri og rúmgóðri 4. herb. íbúð helst í 101 eða nágrenni. Erum reglusöm og með góðar tekjur, meðmæli geta fylgt ef óskað er. Uppl. í s. 618 9809, Rakel.

Íbúð/hús óskast. Óskum eftir íbúð/húsi í póstnr. 101, 105 eða 107. 4 herb. eða stærri. Öruggar greiðslur. Meðmæli ef óskað er. Greiðslug. 50-200 þús. S. 659 5981.

## Sumarbústaðir



**Til leigu í Grímsnesi!**
Helgarleiga á 75þ. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðar- íbúðarhúsnæði**
Á Bíldshöfða. 100 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð og 100 fm góð íbúð á efri hæð. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 892 2722.

**Til leigu.**
Krókháls 95 fm með innkeyrsludyrum, Tunguháls 327 fm iðnaðar, 2 innkeyrsluhurðir, lofthæð 4,70 . Við sund. ca 85 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð og 25 og 45 fm. vinnustofur á 2. Hæð. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022

Skrifstofuhúsnæði í Ámúla til leigu, 20-43 fm. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 8997012 email: solbakki.311@gmail.com

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

## Atvinna í boði

**Hlöllabátar Spönginni og Smàralind Òska eftir starfsfòlki.**
**Fullt starf og hlutastarf í boði. Umsækjendur þurfa að vera, stundvísir, jákvæðir og vera tilbùnir að ganga í öll störf. 18 àra aldurstakmark og îslensku kunnátta skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veita Lilja í Smàralind og Þrùður ì Spöng.**
**Umsóknir sendist á lilja@hlollabatar.is thrudur@hlollabatar.is**

**AU PAIR SVÍÞJÓÐ**
**Íslensk fjölskylda á förum til Lundar í Svíþjóð óskar eftir au pair frá október til a.m.k. áramóta. Viðkomandi þarf að vera 18ára eða eldri, ábyrg og traust til að aðstoða 3ja ára dreng við aðlögun í nýju landi.**
**Frekari upplýsingar gefur Birna í síma 861 3060 eða birnag@hotmail.com**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 12:30-18:30 alla virka daga og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á unnur@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

Viljum bæta við okkur sölufólki! Áhugasamir sendið inn símanr. og aðrar uppl. á netf. firmaskra@firmaskra.is

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í fiskbúð. Uppl. í s. 896 3851.

**Múrvinna**
Múrnemi eða verkamaður sem kann eitthvað til múrverks. Óskast til vinnu hjá múrfyrirtæki. Næg vinna. Uppl í s. 867 7704.

Matráðskona óskast til að elda fyrir 4-8 iðnaðarmenn. Einnig vantar byggingar verkamann út á landi. S. 893 4515.

Veitingahús í HFJ ó.e fólki í hlutastarf í sal. Íslenska skilyrði. 18+ ára. Uppl. í S. 822 5229.

Óska eftir vélstjóra á 100 tonna línubát með vélastærð 430 hp. Báturinn rær frá Siglufirði. S. 861 3822 & 773 1458.

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

## Viðskiptatækifæri




## Tapað - Fundið

toyota billykill með svartri teyju a lyklahring tapaðist 21.8. Hringið i 8962804

## Tilkynningar





Kæru vinir, við erum flutt í Yogastöðina Heilsubót, Gummi og Talya. S: 691 8565. Verið velkomin.

## Ýmislegt

Íslensk-ensk fjölskylda í Reading óskar eftir skynsamri og barngóðri Au Pair í vetur til að líta eftir þriggja ára stelpu á daginn. Laun eru 70 pund á viku plús fæði og húsnæði. 30 min. frá London. Áhugasamir sendi tölvupóst á annalilja56@hotmail.com.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið frá 3 á daginn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Kona á miðjum aldri vill kynnast heiðarlegum og traustum manni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8287.

# Kyrrðarstund vegna sjálfsvíga

Tíðni sjálfsvíga á Íslandi er í lægri kantinum miðað við önnur Norðurlönd, eða tæplega 13 sjálfsvíg á hverja 100.000 íbúa. Þessi tala sveiflast þó mikið milli ára og er því miðað við nokkurra ára meðaltal. Þetta þýðir að allt að þrír til fjórir að meðaltali svipta sig lífi í hverjum mánuði á Íslandi, en karlar eru yfirleitt líklegri til þess að stytta sér aldur heldur en konur.

Í tilefni alþjóðlegs dags sjálfsvígsforvarna standa þjóðkirkjan, Landlæknisembættið, geðsvið LSH, Geðhjálp og Hugarafl fyrir kyrrðarstund í Dómkirkjunni föstudaginn 10. september, frá kl. 20-20.30 Elín Ebba Gunnarsdóttir, rithöfundur og aðstandandi, segir frá reynslu sinni og Bergþór Böðvarsson, fulltrúi notendaþjónustu geðsviðs LSH, flytur stutt erindi. Jafnframt mun sr. Sigfinnur Þorleifsson flytja hugvekju. Á dagskrá verða einnig tónlistaratriði þar sem Hera Ólafsdóttir, Ármann Ingvi Ármannsson og Kári Þormar dómorganisti flytja tónlist.

Að lokinni athöfn í kirkjunni verður gengið niður að Tjörn þar sem kertum verður fleytt til minningar um þá sem hafa fallið fyrir eigin hendi. - jbá



**KYRRÐARSTUND** Í tilefni alþjóðlegs dags sjálfsvígsforvarna verður efnt til kyrrðarstundar í Dómkirkjunni á morgun frá klukkan 20 til 20.30.

# Afmæli í Perlunni

Íslenska bútasaumsfélagið stendur fyrir yfirlitssýningunni Bút fyrir bút í þrjátíu ár í Perlunni dagana 10.-19. september. Sýningin er haldin í tilefni af tíu ára afmæli félagsins, en það var stofnað árið 2000 og voru skráðir félagar á öllu landinu 140 talsins. Í dag hefur þeim fjölgað umtalsvert og telja félagar 400 manns.

Tilgangur Íslenska bútasaumsfélagsins er að auka áhuga og breiða út þekkingu á bútasaumi, halda uppi samstarfi milli bútasaumsfélaga og klúbba á Íslandi sem og við önnur lönd. Félagið er aðili að samtökum Evrópskra bútasaumsfélaga og var félögum þeirra boðið að taka þátt í samkeppninni. Á yfirlitssýningunni verða sýnd verk sem voru saumuð fyrir samkeppni félagsins sem heitir Tækifæriskort. Sýningin verður opnuð föstudaginn 10. september kl. 17 og verður eftir það opin á opnunartímum Perlunnar frá klukkan 10 til 18 alla daga. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins, www.butasaumur.is. - jbá



**BÚT FYRIR BÚT** Yfirlitssýning á bútasaumi verður opnuð í Perlunni á föstudag.



**200 ÁRA AFMÆLIÐ Í NÁND** Málþingið verður haldið í Bjarmanesi á Skagaströnd.

# Minning Jóns Sigurðssonar

Tvö hundruð ár verða liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar á næsta ári. Í tilefni af þessum tímamótum skipaði Alþingi á sínum tíma nefnd sem hefur undirbúið afmælisdagskrá með hátíðum, ráðstefnum, sýningum og ritgerðasamkeppni grunnskólabarna, svo fátt eitt sé nefnt.

Fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra tekur forskot á sæluna á sunnudag og stendur fyrir málþingi í Bjarmanesi á Skagaströnd þar sem beint verður sjónum að því með hvaða hætti minningin um Jón forseta sem leiðtoga Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni varð til og hvernig hún mótaðist í íslensku samfélagi fyrstu áratugina eftir andlát hans.

Á málþinginu, sem ber heitið „Framtíð Jóns Sigurðssonar – Karlar á stalli og ímyndasköpun“ veltir Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur fyrir sér samhengi samfélagsþróunar og þess hvernig þjóðin hefur kosið að muna fortíð sína. Þá talar Páll Björnsson sagnfræðingur um sameiningartáknið Jón Sigurðsson sem menn gera gjarnan að samherja sínum í pólitískum hitamálum. Guðmundur Hálfdanarson sagnfræðingur fjallar um það hvernig hugmyndin um hetjuna hefur bæði verið notuð til að réttlæta tilvist Háskóla Íslands og til að gagnrýna starfsemi hans. Síðast en ekki síst ræðir Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur um þjóðardýrlinginn og spyr hver framtíð Jóns Sigurðssonar sé í því hlutverki á næstu árum og áratugum. Málþingið hefst klukkan 13 og stendur til 16.30. - jbá



**FORSKOT Á SÆLUNA** Á næsta ári eru 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar en á sunnudag verður tekið forskot á sæluna.



†

*Okkar hjartkæri*

**Heimir Þór Gíslason**

sem lést föstudaginn 3. september, verður jarðsettur frá Hallgrímskirkju föstudaginn 10. september kl. 15.

**Magnea Sigurbergsdóttir**
**Helga Nína Heimisdóttir**
**Hrafn Margeir Heimisson**
**Sigurþór Albert Heimisson Ólöf K. Sigurðardóttir**
**Gísli Björn Heimisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Birgir Guðmundsson**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði 1. september s.l. Jarðarförin verður föstudaginn 10. september kl.13.00 frá Garðakirkju. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Landsamtök Þroskahjálpar njóta þess.

**Marý Marinósdóttir**
**Alma Birgisdóttir Steingrímur V. Haraldsson**
**Marinó Flóvent Birgisson Jóhanna Sigrún Ingmarsdóttir**
**Birgir Már Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ívar Örn Ingólfsson**

húsasmíðameistari

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 10. september kl. 15.00.

**Ingibjörg Rósa Ívarsdóttir Kristján Kristjánsson**
**Ingólfur Valur Ívarsson Lára Gunnarsdóttir**
**Ásmundur Rúnar Ívarsson Guðný Agla Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

†

**Óskar Ólason**

málarameistari,

lést 27. ágúst á Sólvangi Hafnarfirði. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks 4. hæðar Sólvangs fyrir góða umönnun.

**Óli Þorleifur Óskarsson**
**Björg Óskarsdóttir Sigurður Jakobsson**
**Lára Óskarsdóttir Ólafur Þór Jóelsson**
**Helgi Rúnar Óskarsson Bjarney Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnlaugur Snædal**

læknir

lést á heimili sínu, Sóltúni, Reykjavík, þriðjudaginn 7. september.

**Jón Snædal Guðrún Karlsdóttir**
**Kristján Snædal Sólrún Vilbergsdóttir**
**Gunnlaugur G Snædal Soffía Káradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær frænka okkar,*

**Sigrún Á. Sigurðardóttir**

sníða- og kjólameistari,

lést mánudaginn 6. september að Hrafnistu í Reykjavík. Fyrir hönd aðstandenda

**Jóna Þorleifsdóttir**
**Erna Bryndís Halldórsdóttir**
**Sigrún Pálína Sigurpálsdóttir**



†

*Frænka okkar,*

**Margrét Hanna Eyjólfsdóttir,**

Fossheiði 48, Selfossi,

lést þriðjudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 11. september kl. 15.00.

**Guðrún Ásbjörnsdóttir**
**Þorgeir Sigurðsson**
**Sigurður Ingi Sigurðsson**



†

*Okkar kæra*

**Benný Sigurðardóttir**

hússtjórnarkennari, Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans Landakoti laugardaginn 4. september sl. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 17. september nk. kl. 15.00.

**Sigríður Á. Pálmadóttir Guðmundur I. Sigmundsson**
**Björn Orri Guðmundsson Bergur Már Guðmundsson**
**Sigrún Sigurðardóttir Sigurður Magnússon**



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns,*

**Einars Einarssonar**

vélstjóra,
Stuðlaseli 31, 109 Reykjavík.

**Margrét Sigurðardóttir**

RÁÐGJAFAR
VIÐSKIPTARÁÐGJÖF
GARÐASTRÆTI 36
101 REYKJAVÍK
SÍMI 544 2400
WWW.RADGJAFAR.IS

**Markaðsmaður-meðeigandi**

**Fyrirtæki í innflutningi og iðnaðarframleiðslu leitar að meðeiganda sem jafnframt yrði sölustjóri í fyrirtækinu.**

Viðkomandi myndi leggja fram 10 m.kr. í hlutafé og eignast með því 25% í fyrirtækinu. Fyrirtækið hefur starfað um áraraðir og er með þessum aðgerðum að strykja stöðu sína til framtíðar.
Allar nánari upplýsingar hjá fulltrúum Ráðgjafa ehf. í síma 544 2400.

heimili
FASTEIGNASALA
Skipholt 29a • Sími 530 6500 • heimili.is

**Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur sérbýli, einbýli, par- og raðhús á skrá**


Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

**Góð kjör - frábær þjónusta**

**Föstudaginn 10. september hefst vetrarstarf Barnakórs Árbæjarkirkju.**

Öll börn á aldrinum **7-14 ára** eru velkomin í kórinn en kennt verður í tveimur deildum, yngri og eldri deild.

Stjórnandi kórsins í vetur er Margrét Sigurðardóttir.


**Árbæjarkirkja**

**Innritun og kynning á kórnum fer fram í safnaðarsal kirkjunnar föstudaginn 10. september klukkan 14.30.**




„Hollywood“

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um stjörnurnar í Hollywood, vini þeirra, gæludýr og samkvæmislíf – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð.
**Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi



# Misjafn situr á þingi

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Fólk opinberar misjafnleg viðhorf sín til samkynhneigðar þessa dagana eftir að Jenis av Rana, þingmaður og formaður Miðjuflokksins í Færeyjum, vildi ekki setjast til borðs með íslenska forsætisráðherranum og konu hennar. Flestir Færeyingar dauðskammast sín og segja viðhorf Jenis av Rana alls ekki endurspegla viðhorf Færeyinga almennt. Þeim svíður að fjallað sé um málið í fjölmiðlum, sérstaklega í dönskum fjölmiðlum og vilja ekki sýnast þröngsýn og forpokuð smáþjóð í augum stóra bróður.

**ÞEGAR** Færeyingar hlupu undir bagga og lánuðu okkur fullt af peningum eftir að við höfðum glopráð niður öllum okkar aurum og meiru til, voru þeir svo sannarlega ekki forpokuð smáþjóð í okkar augum. Sjálfsagt þótti einhverjum Íslendingnum erfitt að viðurkenna að litlu frændur okkar væru meiri menn en margur. Hlakkar jafnvel í þeim núna að geta aftur hrist hausinn yfirlætislega yfir þessum frændum okkar, hvað þeir geta verið gamaldags, þröngsýnir og púkó.

**ÞAÐ** finnast þó hér einstaklingar sem deila viðhorfum Jenis av Rana. Það sýna stuðningsbréf sem nokkrir Íslendingar hafa sent Jenis og hann lesið upp og látið birta í fjölmiðlum, nafnlaus reyndar. Þar vitnar fólk í Biblíuna og ber fyrir sig orði Guðs. Talar um að íslenskt samfélag sé á vonarvöl vegna kynvillu! Þrátt fyrir að hér sé loksins staðfest með lögum að samkynhneigðir hafi jafnan rétt til að ganga í heilagt hjónaband er hér enn að finna þröngsýnt fólk.

**VIÐ** höfum merkilega lítið um það að segja hver sest í háttvirt þingsæti í lýðræðisríkinu Íslandi enda kjósum við flokka, ekki fólk þangað inn. Það situr því alls konar fólk á þingi. Misjafnlega innrætt með misjafnar skoðanir, misjafnlega tengt og með misjafnan feril að baki.

**EINHVERJIR** íslenskir ráðamenn hafa sagt álit sitt á upphlaupi Jenis av Rana. Utanríkisráðherra sagði ummælin vera Jenis til skammar. Fjármálaráðherra sagði þau dapurleg og varpa skugga á opinbera heimsókn forsætisráðherrans til Færeyja. Einn af þeim háttvirtu þingmönnum sem tjáðu sig um orð Jenisar sagði þó eitthvað á þá leið að virða skyldi skoðanir Jenisar av Rana, hann væri grundvallarmaður!

**JENIS** av Rana er í forsvari fyrir hinn kristilega arm í Færeyjum og því mætti ímynda sér að sá háttvirti hefði meint að Jenis sé maður hinna 10 grundvallarreglna kristninnar, boðorðanna tíu. Sjálfur hefði hann þá jafnvel mátt skerpa á boðorði númer 7 áður en hann taldi sig eiga erindi á þing.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





MESTA
ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR TÖLVUR VAXTALAUST Í 6 MÁNUÐI
8BLS
GLÆSILEGUR 8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLIR AF TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
msi
packard bell
SONY
TOSHIBA

**!** **Klukkan 16**

*Laugardaginn 11. september halda Einar Kárason rithöfundur og William R. Short, fræðimaður og rithöfundur frá Bandaríkjunum, fyrirlestra í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Short fjallar um landnámsöldina á Íslandi og nýútkomna bók sína „Icelanders in the viking age“. Einar Kárason ræðir hins vegar fyrstu þætti Egilssögu. Aðgangur er frír meðan húsrúm leyfir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Hjáskerar, ískerar og flagarar



Þórarinn Eldjárn og Sigurður Árnason verða með uppistand í Safnarahorni Gerðubergs á sunnudag, á síðasta degi sýningar þar sem fjölbreytt eldhúsáhöld úr þeirra eigu hafa verið til sýnis.

Sigurður og Þórarinn hafa lengi verið félagar og keppinautar í söfnun sinni en á sýningunni sameinuðu þeir krafta sína.

Sum áhöldin á sýningunni eru kunnugleg og til á flestum heimilum en önnur eru framandi og erfitt að ímynda sér notagildi þeirra. Skankaskaft, eggjaklippur, maíshefill og bananahylki eru meðal þess sem fyrir augu ber, auk þess sem nöfnum eldhúsáhalda eru gerð skil á veggspjaldi. Dæmi um heiti þeirra eru; flagari, merjari, berjari, slítari, tætari, þeytari eða afskeri, alskeri, aðskeri, úrskeri, ískeri, fráskeri, viðskeri, hjáskeri

Uppistand Þórarins og Sigurðar hefst klukkan 14.

> **Ekki missa af ...**

Samstöðu- og styrktartónleikum fyrir íbúa Gasa á tónleikastaðnum Sódómu Reykjavík í kvöld. Fram koma fimm hljómsveitir: Útidúr, For a Minor Reflection, Endless Dark, Orphic Oxtra og Sykur.

Félagið Ísland-Palestína stendur fyrir tónleikunum sem hefjast klukkan 21.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

01.09.10 - 07.09.10



**1** Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert



**2** Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg



**3** Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbol/Agnete Frills



**4** Ranghugmyndin um guð
Richard Dawkins



**5** Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.



**6** Gásagátan - kilja
Brynhildur Þórarinsdóttir



**7** Matsveppir í náttúru Íslands
Ása Margrét Ásgrímsdóttir



**8** Ástandsbarnið - kilja
Camilla Läckberg



**9** Íslensk-dönsk/Dönsk-íslensk vasaorðabók



**10** Spói - Ólafur Jóhann Sigurðsson/Jón Baldur Hlíðberg

Eymundsson.is Eymundsson Bóksali frá 1872

# Grýla í augum trúaðra

**Bókin Ranghugmyndin um guð eftir Richard Dawkins kom út í íslenskri þýðingu í byrjun mánaðar. Bókin hefur verið afar umdeild frá því hún kom fyrst út 2006 en í henni ræðst Dawkins á hugmyndina um guð og æðri máttarvöld.**



**REYNIR HARÐARSON** Telur bók Dawkins eiga sérlega mikið erindi við Íslendinga um þessar mundir þegar umræða um trúmál og aðskilnað ríkis og kirkju eru ofarlega á baugi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Richard Dawkins er líffræðingur og prófessor við Oxford-háskóla í Englandi og hafði skrifað ýmis rit og gert sjónvarpsþætti um þróunarlíffræði og vísindi áður Ranghugmyndin um guð kom út síðla árs 2006, þar sem hann hjólar í trúarbrögð og hugmyndina um yfirnáttúruleg máttarvöld. Bókin hefur selst í tveimur milljónum eintaka um allan heim og vakið miklar deilur um trúmál.

**Torþýdd bók**

Bókaútgáfan Ormstunga gefur bókina út á Íslensku út en Reynir Harðarson, sálfræðingur og formaður Vantrúar, félags trúleysingja á Íslandi, þýðir. Hann hefur haft hug á að þýða bókina allar götur síðan Dawkins las valda kafla úr henni á ráðstefnu trúleysingja á Íslandi sumarið 2006.

„Við sáum strax að þetta var feitur biti,“ segir Reynir, „og datt strax í hug að þýða hana yfir á íslensku. Árið eftir fékk Ormstunga leyfi fyrir þýðingunni og þá stóð ekkert í vegi fyrir að hefjast handa.

Þetta er hins vegar afskaplega torþýdd bók; Dawkins hefur gaman af orðskrúði og vísar í ýmis fræði máli sínu til stuðnings; vísindi, heimspeki, guðfræði og svo framvegis.“

Reynir segir að helstu styrkleikar röksemdafærslu Dawkins séu þekking hans á líffræði og þróunarkenningunni. „Hann er fyrst og fremst raunvísindamaður og nálgast viðfangsefnið sem slíkur, fremur en heimspekingur eða guðfræðingur. Bókin nýtur fyrst og fremst góðs af því.“

**Mála skrattann á vegginn**

Mikill styr hefur staðið um bókina frá því að hún kom út. Að mati Reynis hefur Dawkins orðið að eins konar Grýlu í augum trúmanna. „Dawkins var mjög þekktur á sínu sviði áður en hann skrifaði bókina og starf hans fólst meðal annars í að kynna vísindi fyrir almenningi. Það var því mikið áfall fyrir marga trúaða að maður af hans kalíberi skyldi kveða svo fast að orði.“ Fyrir vikið hafi andstæðingar Dawkins málað hann dekkri litum en tilefni sé til.

„Það á til dæmis við um hjónin Alister og Joanna McGrath, sem helguðu honum heila bók; Ranghugmynd Richards Dawkins. Í þeirri bók fara höfundarnir beinlínis með rangt mál og gera Dawkins upp meiningar sem hann hefur aldrei sett fram. Andstæðingar Dawkins eru því gjarnir á að mála skrattann á vegginn; búa til strámann sem þeir síðan ráðast gegn.“

Reynir segir bókina eiga brýnt erindi við Íslendinga um þessar mundir þegar umræða um trúmál og aðskilnað ríkis og kirkju er ofarlega á baugi.

„Ég býst fastlega við því að við búum til einhvers konar dagskrá eða viðburð í kringum bókina, sem innlegg í þá umræðu.“

bergsteinn@frettabladid.is

### TIPLAR EKKI Á TÁNUM



Richard Dawkins er afar umdeildur maður og ekki aðeins í röðum trúaðra. Síðast í gær ritaði Jonathan Jones, pistlahöfundur breska dagblaðsins Guardian, grein þar sem hann gagnrýnir Dawkins fyrir að hafa misst tökin á vísindalegri og fræðilegri nálgun á hugmyndir um trúarbrögð. Þess í stað einkennist málflutningur hans af sjálfbirgingslegri þrætubókarlist, þar sem markmiðið sé ekki að upplýsa heldur að sannfæra.

Reynir bendir á að Dawkins svari sjónarmiðum sem þessum í kafla í bókinni, þar sem hann ræðir hvers vegna hann kýs að vera herskár í málflutningi. Þegar trúmál eru annars vegar er eins og það sé ætlast til þess að allir tipli á tánum,“ segir Reynir. „Dawkins tók þá afstöðu að tipla ekki á tánum heldur tala hreint út. Fyrir vikið kann hann að virðast óvæginn, en þegar betur er að gáð er áðeila hans ekkert óvægnari en gagnrýni stjórnmálamanna á andstæðinga. Trúarbrögð eru hins vegar viðkvæmt málefni sem auðvelt er að valda ágreiningi útaf. Það er meðal annars hluti af gagnrýni hans.“

# Tíu ráð tilnefnd til þýskra verðlauna

Skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Tíu ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp, hefur verið tilnefnd til verðlauna fyrir „forvitnilegasta bókatitilinn“ á þýska bókamarkaðnum 2010.

Bókin heitir á þýsku Zehn Tipps, das Morden zu beenden und den Abwasch zu beginnen. Almenningur getur kosið bókatitla á heimasíðunni kuriosesterbuchtitel.de. Bækurnar í sex efstu sætunum fara fyrir dómnefnd sem velur vinningshafann.

Þegar þetta er skrifað eru Tíu ráð í fjórða sæti en kosningin stendur til 20. september.

Þess má geta að sigurvegarinn í fyrra var titillinn Lífið er enginn Waldorfskóli.



**HALLGRÍMUR HELGASON** Titill síðustu skáldsögu hans þykir með þeim forvitnilegri í Þýskalandi.




# Gerðu fullkominn espresso heima hjá þér

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list. Við köllum það Iperesspresso-aðferðina.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta sopa.

*Vélarnar fást í Byggt og búið Kringlunni, Byko Akureyri, Elko Fríhöfninni, Epal Skeifunni, Fastus Síðumúla, Hjá Jóa Fel Garðabæ og Holtagörðum og Kokku Laugavegi.*

*Kaffið í vélarnar fæst einnig í Fjarðarkaupum Hafnarfirði og verslunum Hagkaups í Garðabæ, Kringlunni, Skeifunni og Smáralind.*

ARTE E SCIENZA DELL'ESPRESSO

# Fegurð er vanmetið hugtak

**„Ég er ekki safnhaugur, ég er ánamaðkur – garðyrkjustörf með málningu,“ er yfirskriftin á sýningu Magnúsar Helgasonar myndlistarmanns, sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. Magnús segir fegurðina vera sér hugleikna og finnst hún of sjaldan metin að verðleikum.**



**MAGNÚS HELGASON** Lítur á verk sín sem verksummerki ferlis þar sem náttúran tekur völdin af listamanninum og formar útkomuna eftir sínum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Myndir sem gleðja augað og hitta áhorfandann í hjartastað eru Magnúsi Helgasyni myndlistarmanni að skapi. Verk hans mótast af röð tilviljana og eru færð í stílinn til að ná fram réttu yfirbragði.

„Eitt af því sem ég hef komist að í gegnum tíðina er að þegar ég mála ómeðvitað verður útkoman yfirleitt betri,“ segir Magnús. „Það klístrast kannski eitthvað aftan á verkið eða slettist á það og það verður oft besta útkoman – það sem gerist óvart eða fyrir slysni.“

Magnús segist nálgast verk sín eins og hann ímyndar sér að garðyrkjumaður nálgist starf sitt. „Garðyrkjumaðurinn ákveður hvernig blómagarðurinn á að vera, hvaða blóm eiga að vera hvar, en hann skapar ekki blómin sjálf – náttúran sér um það. Þannig lít ég á verkin mín; ég ákveð kannski hvaða liti ég nota en leyfi náttúrunni að taka völdin, forma verkið, ráða útkomunni. Að því leyti má segja að þetta séu hreinræktaðar náttúrulífsmyndir – hið handahófskennda sköpunarverk náttúrunnar er nefnilega ekkert svo handahófskennt.“

Magnús kveðst renna blint í sjóinn þegar hann byrjar á verki og kallar myndir sínar verksummerki. „Ég mála eitthvað, skrapa það, mála yfir og þar fram eftir götunum. Verkið er það sem eftir stendur af því ferli; verksummerki eftir mig og efnin sem ég nota.“

Magnús hefur oft málað verk með samfélagslegri skírskotun, til dæmis á sýningunni Yfirdráp í Saltfélaginu 2008, sem beindi sjónum sínum að ofgnótt, yfirdrepsskap og fleiri táknum þess tíma. Hann segir minna fara fyrir samfélagsrýninni í verkum sínum núorðið.

„Þessi sýning er innhverfari hugleiðing um fegurð, sem mér finnst vera vanmetið hugtak.“

Sunnudaginn 19. september spjallar Magnús við gesti í Hafnarhúsinu um verkin. Sýningin stendur yfir til 24. október.

bergsteinn@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 09. september 2010**

### Tónleikar

**20.00** Hörður Torfa heldur tónleika ásamt völdum gestum í kvöld. Tónleikarnir verða haldnir í Borgarleikhúsinu og húsið opnað kl. 19.30. Aðgangseyrir er 3.500 krónur.

**20.00** Styrktartónleikar verða haldnir í Reykjadal í Mosfellsdal í kvöld til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og hefjast tónleikarnir kl. 20.00.

**21.00** Samstöðu og styrktartónleikar fyrir Gaza á vegum félagsins Ísland - Palestína verða á Sódómu Reykjavík í kvöld. Fram koma Sykur, Útidúr, Endless Dark og Orphic Oxtra. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00. Aðgangur ókeypis.

**21.30** Orri Harðar verður með útgáfutónleika í kvöld í tilefni af nýrri plötu sinni, Albúm. Tónleikarnir verða á Café Rosenberg, Klapparstíg 25 og hefjast kl. 21.30.

**21.30** Hljómsveitin Jón Jónsson heldur tónleika á skemmtistaðnum Risinu að Tryggvagötu (áður Glaumbar), í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30 og er miðaverð 1.000 krónur.

**23.00** Deep Jimi & the Zep Creams verða með tónleika í kvöld í tilefni af útgáfu nýrrar breiðskífu sinnar. Tónleikarnir verða á Faktorý, Smiðjustíg, og hefjast kl. 23.00.

### Opnanir

**17.00** Í Listasafni Reykjavíkur verður opnuð sýningin Indian Highway - Skjáverk í indverskri samtímalist. Sýningin opnuð kl. 17.00. Sýningarstjóri er Hafþór Yngvason.

**17.00** Magnús Helgason opnar sýningu sína D17 í Listasafni Reykjavíkur í dag kl. 17.00. Sýningarstjóri er Yean Fee Quay.

### Uppistand

**21.00** Á Næsta Bar, Ingólfsstræti 1a, verða Gunnar Jónsson, Þórdís Nadia Semichat og Pálmi Freyr Hauksson með uppistand. Aðgangur er ókeypis og hefst uppistandið kl. 21.00.

### Fyrirlestrar

**12.25** Kristján Ketill Stefánsson verður með fyrirlestur í Öskju í dag frá kl. 12.25-13.15. Fyrirlesturinn nefnist „Staðalímyndir og líðan kynjanna á unglingastigi í tengslum við náms- og starfsval”.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

Haltu barnaafmælið hjá okkur
www.keiluhollin.is
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00
Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is




Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing
Allt sem þú þarft...









VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



INTERPOL



ÖRFÖR

## > Í SPILARANUM

Interpol - Interpol
Mosi frændi - Grámosinn gólar
Underworld - Barking
The Charlatans - Who We Touch
Örför - Örför

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Hljóðver fyrir verðlaunaféð

Hljómsveitin The XX hlaut hin virtu Mercury-verðlaun í Bretlandi fyrir samnefnda plötu sína sem kom út í ágúst í fyrra. Hún lenti ofarlega á mörgum árslistum um síðustu áramót, þar á meðal á Fréttablaðinu.

„Við áttum ekki von á þessu,“ sagði Oliver Sim úr The XX. „Þetta ár hefur verið ótrúlegt. Það er eins og við höfum vaknað á hverjum degi og eitthvað spennandi hafi verið í vændum sem við bjuggumst ekki við.“ Söngkonan Romy Croft lagði til að sveitin myndi kaupa eigið hljóðver fyrir verðlaunaféð, sem nam um 3,6 milljónum króna. „Við tókum þessa plötu upp í hljóðveri sem var áður bílskúr og var jafnstórt og baðherbergi,“ sagði hún. „Við vorum mjög ánægð með að fá að nota hljóðverið en ég held við yrðum mjög ánægð með okkar eigin hljóðver þar sem við gætum prófað okkur áfram.“



**THE XX** Hljómsveitin The XX hlaut hin virtu Mercury-verðlaun.

Á meðal annarra tilnefndra voru Paul Weller, sem þótti líklegastur til sigurs, rapparinn Dizzee Rascal og Biffy Clyro. Hljómsveitirnar Elbow, Arctic Monkeys og The Klaxons hafa allar unnið verðlaunin og jókst sala á plötunum þeirra mjög í kjölfarið.



## > Plata vikunnar

Miri - Okkar

★★★★
„Á heildina litið frábær plata. Nýtur sín best á miklum styrk í góðum græjum.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Heitir á hápunkti ferilsins*

Framboð af tónleikaupptökum hefur aukist mikið síðustu ár. Sjóræningjaútgáfur rata núna undantekningarlítið á netið þar sem auðvelt er að nálgast þær og vefir eins og Wolfgangs Vault og Internet Archive bjóða sömuleiðis upp á mikinn fjölda tónleika. Það hefur líka færst í aukana að gamlar og rómaðar tónleikaupptökur sem hafa gengið á milli aðdáenda í misjöfnum gæðum fái opinbera útgáfu. Það á t.d. við um tónleikana í Bootleg seríu Bob Dylan og Santa Monica tónleika David Bowie frá 1972. Og það er reyndin með tónleika Elvis Costello & the Attractions frá Hollywood High School 4. júní 1978 sem voru loks gefnir út í heild sinni fyrir nokkrum mánuðum.



**ELVIS COSTELLO** Tónleikar Elvis Costello & the Attractions frá 4. Júní 1978 eru loksins komnir út í heild sinni.

Þrjú lög af þessum sömu tónleikum voru á EP-plötu sem fylgdi fyrstu eintökunum af Armed Forces og nokkur þeirra voru sem aukalög á viðhafnarútgáfu þeirrar plötu fyrir nokkrum árum. Nú koma hins vegar loksins öll 20 lögin út í fínum gæðum. Og hvílíkir tónleikar! Þeir voru teknir upp á hápunkti ferils Costello með hljómsveitinni The Attractions, mitt á milli útkomu snilldarplatnanna This Year's Girl og Armed Forces. Lagalistinn er algjört dúndur (lög af fyrrnefndum plötum, auk fyrstu Costelloplötunnar, My Aim Is True og lagsins Stranger in the House sem Costello samdi fyrir Rachel Sweet). Maður heyrir líka vel hvað Attractions var svínslega þétt band. Krafturinn og spilagleðin eru í hámarki. Og Costello sjálfur er auðvitað magnaður lagasmiður og flytjandi.

Tónleikarnir í Hollywood High eru númer tvö í nýrri röð tónleikaplatna með Costello sem hefur hlotið nafnið The Costello Show. Nú bíður maður bara spenntur eftir næstu útgáfum.





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl.
Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101



Auglýsingasími
512 54 01




Allt sem þú þarft...




**GRINDERMAN** Rokkararnir í Grinderman senda í næstu viku frá sér sína aðra plötu.

# Hráir, kraftmiklir og súrir

**Önnur plata Grinderman kemur út á þriðjudaginn. Hrátt og kröftugt rokkið er enn í fyrirrúmi ásamt ögrandi og kynferðislegum undirtóni.**

> Okkur langaði að athuga hvað við kæmumst upp með mikið, bara við fjórir.“
>
> WARREN ELLIS

Önnur plata hljómsveitarinnar Grinderman, sem nefnist einfaldlega Grinderman 2, kemur út á þriðjudaginn. Fyrsta plata sveitarinnar kom út fyrir þremur árum og hlaut fínar viðtökur gagnrýnenda, enda hafði hún að geyma hrá og kröftug rokklög á borð við Get It On og No Pussy Blues þar sem kynferðislegur undirtónninn var aldrei langt undan.

Grinderman er skipuð fjórum meðlimum úr sjö manna bandinu Nick Cave And The Bad Seeds, eða þeim Warren Ellis, Martyn Casey, Jim Sclavunos og að sjálfsögðu forsprakkanum Nick Cave. Hljómsveitin varð til árið 2005 eftir langa tónleikaferð The Bad Seeds til að fylgja eftir tvöföldu plötunni Abattoir Blues/The Lyre of Orpheus. Cave byrjaði að semja lög á gítar, sem hann hafði fram að því vanrækt við lagasmíðar sínar. Spilamennskan var hrá og áhugaverð og í framhaldinu fóru Cave og hinir þrír í hljóðver og tóku upp frumburðinn Grinderman.

Hljómsveitin fylgdi plötunni eftir með tónleikaferð en tók sér hlé þegar upptökur og ferðalög í kringum fjórtándu hljóðversplötu The Bad Seeds, Dig, Lazarus, Dig!!!, fóru af stað. Eftir að túrnum í kringum hana lauk haustið 2008 hófust upptökur á næstu Grinderman-plötu og þeim lauk í ágúst í fyrra. Upptökustjóri var hinn sami og á þeirri fyrstu, Nick Launay, góður vinur þeirra félaga. Þar er krafturinn enn til staðar eins og heyra má á fyrsta smáskífulaginu Heathen Child. Gallsúrt og flippað myndbandið við lagið er einnig skemmtilega hallærislegt.

„Þegar við gerðum báðar plöturnar settumst við niður í fimm daga og byrjuðum að spila saman án þess að vera með margar fastmótaðar hugmyndir,“ segir fiðlu- og gítarleikarinn Warren Ellis, í viðtali við áströlsku síðuna The Vine. „Á fyrstu plötunni vorum við að reyna að finna rétta hljóminn fyrir bandið. Við höfum spilað lengi saman í Bad Seeds og gert ýmsa hluti saman en okkur langaði að athuga hvað við kæmumst upp með mikið, bara við fjórir. Við notuðum sömu aðferðina á annarri plötunni. Við tókum bara upp stanslaust í fimm daga en reyndum síðan að finna hugmyndir sem okkur fannst ferskar.“

Hann bætir við að efnið sem hafi litið dagsins ljós hafi sumt verið fínt en annað hreint út sagt skelfilegt. „Þessi aðferð hentar okkur mjög vel. Það er gaman að hafa ekki úr neinu að moða og reyna síðan að búa til eitthvað nýtt.“ freyr@frettabladid.is

# Flowers syngur um Las Vegas

Fyrsta sólóplata Brandons Flowers, söngvara The Killers, kemur út í næstu viku. Hún nefnist Flamingo og er nefnd eftir götu í heimaborg hans Las Vegas. „Ég ólst upp þarna og þessi staður er mjög nærri hjarta mínu,“ segir Flowers um Las Vegas. „Mér finnst mér bera skylda til að greina frá því hvaðan ég er og verja mín heimkynni. Þetta er staður sem margir fyrirlíta en ég elska hann. Þegar ég ólst þarna upp gátu margir ekki beðið eftir því að flytja í burtu en mér fannst það alltaf undarlegt.“

Tíu lög eru á Flamingo, flest poppaðri en The Killers hafa sent frá sér, þar á meðal smáskífulagið The Crossfire. Og að sjálfsögðu eru melódíurnar á sínum stað. Flowers samdi lögin á eins og hálfs árs tónleikaferðalagi The Killers til að fylgja eftir plötunni Day And Age. Eftir hana vildu hinir meðlimirnir taka sér gott frí en Flowers var ekki á þeim buxunum og ákvað að nota lögin í eigin sólóplötu í stað þess að geyma þau fyrir The Killers. „Ég er stanslaust að semja lög og mig langaði að fylgja þessum lögum eftir. Ég er líka hræddur um að ef ég hvíli mig í eitt ár gæti það farið illa með mig,“ sagði hann. „Ég hefði viljað hafa þetta Killers-plötu en hún hefði orðið allt öðruvísi ef ég hefði gert hana með hljómsveitinni. The Killers er ekki hætt og það er ekki hægt að álasa strákunum fyrir að hafa tekið sér hlé eftir að hafa verið á fullu síðan 2003.“ - fb



**BRANDON FLOWERS** Söngvari The Killers gefur út sína fyrstu sólóplötu í næstu viku.


Eva Longoria

# L'ORÉAL PARIS

## 20% afsláttur af L'ORÉAL vörum

kremum, hreinsilínum, make up og hárvörum.

Kynnum spennandi nýjungar frá L'Oréal í kremum:

L'Oréal Youth Code lína: inniheldur dagkrem, augnkrem og concentrate. Ný lína sem er afrakstur 10 ára rannsóknarvinnu. Húðin verður unglegri, ljóminn endurheimtist og þreytumerki í andlitsdráttum minnka. Hentar vel þvert á alla aldursflokka frá 30+.

L'Oréal AgePerfect Calsium AntiSpot: Gull línan frá L'Oréal er einstök, vinnur gegn öldrunarblettum, gefur húðinni einstakan raka, styrkingu og glóð. Húðin fær einstakan ljóma og verður sérstaklega náttúruleg og frískleg.



## NÝ SENDING

AUSSIE HÁRVÖRUR

**Fljótlegt og auðvelt, engar áhyggjur**

MOIST fyrir þurrt hár
VOLUME fyrir meiri fyllingu
SMOOTH slétt og silkimjúkt



## NÝ SENDING

TRESEMMÉ HÁRVÖRUR

**Hágæða amerískt sjampó á góðu verði**



## KAUPAUKI

FRÁBÆRIR HERRA ILMIR FRÁ NIKE

**FRÍTT Nike svitasprey með hverjum keyptum Nike 150 ilmi.**



## 20% AFSLÁTTUR

AF VEET HÁREYÐINGARVÖRUM

**Veet - silkimjúk háreyðing**



Gildir til 12 september.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**> BERST VIÐ VINDMYLLUR**

Terry Gilliam hyggst kvikmynda Don Kíkóta þrátt fyrir að flestir hafi afskrifað hana eftir hörmungarnar 2002 þegar allt fór úrskeiðis á tökustað. Robert Duvall og Ewan McGregor munu leika aðalhlutverkin í myndinni að sögn Gilliam þótt tökudagar hafi ekki verið ákveðnir.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Unnið að gerð kvikmyndar um Ronnie

Framleiðendurnir Mark Joseph og Ralph Winter vinna nú hörðum höndum að því að koma af stað kvikmynd um ævi og starf Ronalds Reagan. Samkvæmt Empire-kvikmyndavefnum er Jonas McCord að skrifa handrit eftir tveimur ævisögum Pauls Kengor um þennan umdeilda Bandaríkjaforseta. Myndin á að fylgja eftir lífi Reagans sem ungs drengs og forsetatímabili hans en aðalfókusinn verður á árið 1981 þegar John Hinckley reyndi að myrða hann til að fanga athygli Jodie Foster.

McCord sagði við Hollywood Reporter að hann hefði aldrei verið mikill aðdáandi Reagan. „Í mínum huga var hann annaðhvort vondur leikari eða trúður," sagði McCord. En sú skoðun breyttist snarlega eftir að hafa kynnt sér ævi Ronalds sem var alinn upp af strangkaþólskum áfengissjúkum föður og heittrúaðri móður. Reagan hefur hins vegar aldrei notið sannmælis hjá Hollywood. Og framleiðandinn Mark Joseph segir að það sé eflaust leitun að jafn illa innrættri kvikmyndagerð og hjá þeim sem gerðu The Reagans með James Brolin í hlutverki Ronalds. „Aðeins í Hollywood gætu menn gert kvikmynd sem væri móðgun við svona vinsæla manneskju, ráðið leikara sem augljóslega hataði sína persónu, horft á myndina fara til fjandans og ákveðið að enginn vildi sjá kvikmynd um Ronald Reagan," sagði Joseph.



**UMDEILDUR** Ronald Reagan var síður en svo allra. Ný kvikmynd um forsetann er í burðarliðnum í Hollywood.

# Vinsæll Clooney

George Clooney hefur augljóslega mikið aðdráttarafl því nýjasta kvikmynd hans, The American, fór rakleiðis á toppinn í Bandaríkjunum um síðustu helgi. Þetta verður að teljast nokkuð góður árangur því Clooney er hugsanlega eini leikarinn sem hið venjulega meðaljón kannast við úr leikaralistanum. Þar að auki er leikstjórinn Anton Corbijn blautur á bak við eyrun þegar kemur að kvikmyndagerð; er hugsanlega þekktastur fyrir að gera myndbönd hljómsveita á borð við U2, Metallicu og Dep-eche Mode.

Í öðru sæti varð síðan blóðbaðstryllirinn Machete í leikstjórn Robert Rodriguez en fast á hæla hennar komu Takers með Matt Dillon og hryllingsmyndin The Last Exorcism. Rómantíska kvikmyndin Going the Distance með Drew Barrymore olli hins vegar miklum vonbrigðum og náði eingöngu fimmta sætinu.



**VINSÆLL** The American með George Clooney í aðalhlutverki fór rakleiðis á toppinn í Bandaríkjunum.



**KVIKMYNDANJÖRÐUR** Bragi Þór Hinriksson kveðst vera mikill kvikmyndanjörður en fjölmargar vísanir í þekktar kvikmyndir er að finna í Algjörum Sveppa-myndunum tveim.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Á að vera gaman í bíó

**Bragi Þór Hinriksson er sannkallaður kvikmyndanjörður. Þegar hann var níu ára sá hann Indiana Jones á Akureyri og eftir það varð ekki aftur snúið. Hann frumsýnir í dag fyrstu íslensku þrívíddarkvikmyndina, Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið.**

„Það er óðs manns æði að gera íslenska þrívíddarmynd. Ég myndi ekki mæla með því fyrir nokkurn mann. Þetta er vesen en alveg ótrúlega gaman," segir Bragi Þór Hinriksson kvikmyndaleikstjóri. Í dag mun eiga sér stað sögulegur viðburður þegar fyrsta íslenska þrívíddarkvikmyndin verður frumsýnd, Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið. Þrívíddartæknin hefur tröllriðið bandarískum kvikmyndaiðnaði eftir að Avatar James Cameron feykti öllum miðasölumetum um koll og nú er komið að Íslandi.

Bragi segir þetta vissulega vera dýrt en þeir félagar fjárfestu í þrívíddarbúnaði fyrir sex milljónir. „Við ákváðum bara að láta slag standa eftir að hafa kannað málið. Þetta er auðvitað engin Avatar-þrívídd en engu að síður mjög fín." Bragi segir ekki ákveðið hvað verði um þennan búnað, hann vonast til að hann verði nýttur fyrir íslenska kvikmyndagerð enda áhugaverður kostur fyrir auglýsinga- og stuttmyndagerð. Leikstjórinn viðurkennir að Avatar-æðið hafi kveikt í honum. „Það kom síðan Breti á vegum Nýherja og hélt námskeið um þrívídd. Ég fór á það, fékk aðeins að þreifa á þessu og hringdi síðan í Sverri Þór og sagði honum að þetta væri eitthvað sem við gætum auðveldlega gert." Og þar með fór boltinn að rúlla. Félagarnir fjárfestu í græjunum og æfðu sig síðan í heilan mánuð. „Við vorum alveg tilbúnir þegar að stóra tökudeginum kom."

Eins og flestir hafa eflaust tekið eftir eru fjölmargar tilvísanir í þekktar kvikmyndir í Algjörum Sveppa-myndunum tveim. Og Bragi fer ekkert í felur með að hann sé algjör kvikmyndanjörður. „Ég hef alltaf haft áhuga á kvikmyndum, alveg frá því að ég sá Indiana Jones, níu ára gamall. Það bara gerðist eitthvað þá. Mér hefur alltaf fundist að fólk eigi að hafa gaman í bíó." **freyrgigja@frettabladid.is**




# Veðjað á Liam Neeson

Svo virðist sem Hollywood ætli að veðja á Liam Neeson. Hann er sagður vera í viðræðum við leikstjórann Joe Carnahan um að leika í spennutryllinum The Grey en þeir tveir gerðu saman A-Team. Hann er einnig orðaður við aðalhlutverkið í þremur öðrum myndum. Neeson er búinn að samþykkja að leika í hasarmyndinni Battleship. Þar mun Neeson bregða sér í hlutverk aðmírálsins Shane en honum hefur verið falið það erfiða hlutverk að vernda hafsvæði jarðarinnar gegn illskeyttum geimverum. Til að bæta gráu ofan á svart þá er dóttir hans á föstu með helstu hetjunni úr liði hans en parið leika fyrirsætan Brooklyn Decker og Taylor Kitsch.

Kvikmyndavefur Empire greinir frá þessu og bætir því við að Alexander Skarsgaard muni leika son Liams Neeson og söngkonan Rihanna verði í hlutverki vopnasérfræðings. Blaðamenn Empire eru raunar mjög skeptískir á valið á Rihönnu enda hefur hún ákaflega takmarkaða reynslu af leik í kvikmyndum. Battleship verður frumsýnd árið 2012.



**GÓÐ SAMAN** Rihanna og Liam Neeson leika í Battleship sem verður frumsýnd 2012.



Fyrsta sendingin af dásamlegu
Hausti 2010 er komin...
Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1934
Andersen & Lauth, Laugavegi 7
www.andersenlauth.com

## > KAUPIR HÚS Í BRETLANDI

Söngvarinn Robbie Williams hefur fest kaup á einbýlishúsi í Bretlandi aðeins einu ári eftir að hann fluttist til Bandaríkjanna því hann kærði sig ekki um veðurfarið á Bretlandi. Hann og eiginkona hans Ayda Field voru ekki hrifin af köldu veðri og sóttu því í sólina til Los Angeles. Nú virðast skötuhjúin vera komin með leiða á sólinni og hyggjast setjast að á herragarði í bænum Kent í Suður Englandi.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Milla lofar góðum Skyttum

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum stendur til að mynda, enn á ný, ævintýrið um skytturnar D'Artagnan, Atos, Portos og Aramis sem Alexander Dumas gerði ódauðlega í samnefndri bók. Þeir Matthew Macfadyen, Logan Lerman, Luke Evans og Ray Stevenson fá það erfiða hlutskipti að lyfta sverði og hrópa: „Einn fyrir alla og allir fyrir einn." Þótt þeir séu vissulega ungir og óreyndir verða þeir dyggilega studdir af Óskarsverðlaunahafanum Christoph Waltz og Orlando Bloom auk Millu Jovovich.

Milla sagði við fjölmiðla nýverið að þessi Skyttumynd væri ekki í líkingu við neitt sem fólk hefði áður séð. „Við höfum verið í mjög stífum æfingum og búin að prófa heilan helling af búningum og hárgreiðslum. Þetta mun líta stórkostlega út," segir Milla sem leikur M'lady De Winter í myndinni. Milla bætir því við að áhættuatriðin eigi eftir að koma fólki í opna skjöldu. „Mér er það til efs að fólk hafi einhvern tímann séð konu í korseletti í jafnmiklum loftköstum og í þessari mynd. Þetta á eftir að vekja mikla athygli," bætir Milla við en myndin verður væntanlega frumsýnd á næsta ári.



**Í SKYTTUMYND** Milla Jovovich og Christoph Waltz leika bæði í nýrri Skyttumynd sem verður frumsýnd á næsta ári.

# Ótrúlegur Brand

Óskarsverðlaunaleikkonan Helen Mirren segist ekki eiga orð yfir það hversu hæfileikaríkur landi hennar, Russel Brand, sé. Þau tvö leika á móti hvort öðru í kvikmyndinni Arthur en hún er endurgerð á hinni sígildu Dudley Moore-mynd frá árinu 1981.

„Brand hefur ótrúlegan grínheila og hefur næmt auga fyrir smáatriðum," segir Mirren og bætir því við að hún hafi verið mikill aðdáandi gömlu myndarinnar en hún fjallar um metnaðarlausan erfingja sem á í erfiðleikum með áfengi.







„Brúðkaup"

Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um lítil og stór brúðkaup, veislurnar, borðbúnaðinn, kransakökurnar, og veislugestina – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð.
**Vísir er með það.**

vísir.is
...ég sá það á Vísi

# Óperudíva syngur með Bó

**Jólatónleikar Björgvins Halldórssonar verða með glæsilegasta móti í ár en þrír erlendir gestir munu troða upp og flytja jólalög með sínu nefi. Tilkynnt hefur verið um Alexander Rybak og Paul Potts en síðasta púslið er breska óperusöngkonan Summer Watson.**

Summer Watson er rísandi stjarna í óperuheiminum og hefur sungið í mörgum af stærstu óperuhúsum heims. Fréttablaðið náði tali af henni í Los Angeles í stutta stund í gær. „Ég hef aldrei komið til Íslands áður, ég hef alltaf heyrt að fólkið þar sé ákaflega vingjarnlegt og opið og að hverirnir séu einstaklega heilnæmir," segir Summer og á þar væntanlega við Bláa lónið. Summer kveðst líka hafa heyrt að landslagið á Íslandi sé einstakt og hún hlakkar mikið til að koma og syngja nokkur jólalög fyrir íslenska áhorfendur.

Summer er þekkt fyrir að vera mikil ferðamanneskja, hefur ferðast um Evrópu, Afríku, Asíu, Ástralíu og sungið víðs vegar um Ameríku. Þar að auki sigraðist hún á Mount Blanc-fjallinu og hyggst heimsækja Norðurpólinn á þessu ári. Hún segist því ekki hafa þurft að hugsa sig lengi um þegar boð um að koma til Íslands barst henni. „Ísland hefur alltaf verið ofarlega á lista yfir þau lönd sem mig hefur langað til að heimsækja þannig að það þurfti ekki mikið til að sannfæra mig," segir Summer.

Breska óperusöngkonan segist hafa fylgst ágætlega með íslensku tónlistarlífi. Björk er þar auðvitað fyrst á lista en Summer hefur unnið töluvert með upptökustjóranum Marius de Vries sem hefur tekið upp með íslensku söngkonunni. „Og svo voru Sykurmolarnir auðvitað frábærir. Ég hins vegar elska Sigur Rós og þá sérstaklega Hoppípolla-lagið þeirra. Draumur minn væri að halda tónleika og vinna að einhverri tónlist með þeim."

**freyrgigja@frettabladid.is**





**GÓÐIR GESTIR**

Paul Potts, Alexander Rybak og Summer Watson eru þeir erlendu gestir sem heiðra Björgvin Halldórsson á Jólagestum í ár. Auk þeirra koma meðal annars fram Sigríður Thorlacius og Högni Egilsson úr Hjaltalín og Jóhanna Guðrún sem mun syngja dúett með norsku Eurovision-stjörnunni.

# Hrossakjötsnám í sláturhúsi

Leikmunadeild Þjóðleikhússins hefur verið önnum kafin að undanförnu við að útbúa gervihrossakjöt fyrir verkið Finnski hesturinn sem verður frumsýnt 15. október.

„Við erum búin að vera að stúdera hrossakjötið. Leikmunadeildin fór í heimsókn í sláturhús á Selfossi. Þar var stöðvarstjórinn svo almennilegur að leyfa okkur að skoða," segir Ásta Sigríður Jónsdóttir úr leikmunadeildinni en henni til halds og trausts hefur verið Högni Sigurþórsson. „Við fengum að spjalla aðeins við fólkið og fengum að sjá hvernig þetta er unnið."

Hún segir að vinnan við gervikjötið hafi gengið mjög vel og verið virkilega skemmtileg. Notað hafi verið sílikon við „framleiðsluna" en í leikritinu drepast fimm hestar. Því þurfa leikararnir að meðhöndla kjötið í mörgum atriðum. Ásta viðurkennir að vinnan hafi verið fremur subbuleg. „En það er nú ýmislegt subbulegt sem maður gerir í þessu starfi."

Finnski hesturinn gerist á bóndabæ í afskekktri sveit í Finnlandi og með helstu hlutverk fara Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Kjartan Guðjónsson. **-fb**



**MEÐ GERVIHROSSAKJÖTIÐ** Ásta Sigríður Jónsdóttir meðhöndlar gervihrossakjötið vegna sýningarinnar Finnski hesturinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Safnar fyrir skólagjöldum

„Námið er svo dýrt að námslánið dugar ekki fyrir skólagjöldunum, það er nú bara svo einfalt,“ segir Daníel Smári Hallgrímsson en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrr í sumar komst hann inn í þekktan tónlistarskóla í Los Angeles þar sem hann mun leggja stund á nám í gítarsmíði. Námið er dýrt og Lánasjóður íslenskra námsmanna dekkar ekki allan kostnaðinn sem náminu fylgir. „LÍN er að lána eins mikið og það hefur leyfi fyrir og þó að ég sé búinn að vera að safna í allt sumar dugar það ekki til,“ segir Daníel og bætir við að hann vanti nokkra hundrað þúsund kalla áður en hann geti haldið af stað. Daníel hefur því brugðið á það ráð að skipuleggja styrktartónleika sem fara fram í kvöld á skemmtistaðnum Venue og byrja klukkan 21.30. Það kostar 1.000 krónur inn og ágóðinn af tónleikunum rennur beint í skólasjóð Daníels.



**LÁNIÐ DEKKAR EKKI SKÓLAGJÖLDIN** Daníel Smári Hallgrímsson heldur tónleika á Venue í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér fannst þetta sniðug hugmynd þar sem ég þekki fullt af yndislegu fólki og hljómsveitum sem eru til í að hjálpa mér að láta þennan draum rætast,“ segir Daníel en hljómsveitirnar sem koma fram í kvöld eru MOY, Blæti, Two Tickets to Japan, Mikado og For a Minor Reflection. Daníel er einmitt bassaleikari í hljómsveitinni Mikado en hann stefnir á að fara utan 19. september. - áp

# Deep Jimi fagnar

Rokksveitin Deep Jimi & the Zep Creams heldur tónleika í tilefni af útgáfu á fjórðu plötu sinni, Better When We´re Dead, á Faktorý í kvöld.

Deep Jimi var stofnuð fyrir um tuttugu árum og hefur alltaf sótt mikið í sarp sjöunda áratugarins, sérstaklega hipparokks í þyngri kantinum. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson var upptökustjóri nýju plötunnar, þar sem vandað var meira til verks en oft áður. Ekki eru margir tónleikar fyrirhugaðir á næstunni.

Sveitin leggur þó leið sína norður yfir heiðar í byrjun október auk þess sem hún spilar á Airwaves-hátíðinni seinna í sama mánuði.



**DEEP JIMI** Rokksveitin Deep Jimi & The Zep Creams spilar á Faktorý í kvöld.



**EFTIRSÓTT** Natalie Portman er ákaflega eftirsótt um þessar mundir.

# Portman í stað Jolie

**Natalie Portman er þessa dagana orðuð við aðalhlutverkið í geimmynd Alfonso Cuaron, Gravity. Upphaflega stóð til að Angelina Jolie léki umrætt hlutverk og svo hafði verið rætt við Rachel Weisz og Scarlett Johansson. En nú þykir Portman líklegust til að hreppa hnossið. Leikkonan hefur fengið lofsamlega dóma fyrir frammistöðu sína í Black Swan og eru fjölmiðlar þegar farnir að gera að því skóna að Óskarinn kunni að vera innan seilingar. Þá mun Portman birtast í stórri myndasögumynd næsta sumar þegar hún leikur ástkonu þrumuguðsins Þórs.**

# Tónleikar í Frumleikhúsi

**Tónleikar verða haldnir í Frumleikhúsinu í Keflavík í kvöld og annað kvöld til minningar um ungu drengina tvo frá Reykjanesbæ, þá Guðmund Jóhannsson og Sigfinn Pálsson, sem létust úr krabbameini fyrr á árinu.**

**Í kvöld koma fram Of Monsters & Men, sem sigraði í Músíktilraunum fyrr á árinu, Valdimar, Sky Reports og Ástþór Óðinn. Annað kvöld stíga á svið Klassart, Lifun, Reason to Believe og Heiður. Fyrirtækin Grágás, Hljóðkerfi.is og Geimsteinn eru á meðal styrktaraðila. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og rennur allur ágóðinn til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.**


ESPRIT
dagar í Debenhams
20% AFSLÁTTUR
Gildir með öðrum tilboðum.
af öllum Esprit vörum
DÖMUR HERRAR UNDIRFÖT SUNDFÖT 30 + 20% AFSLÁTTUR TÖSKUR OG FYLGIHLUTIR
Gildir fimmtudag til miðvikudags.

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:20 | VIP |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| STEP UP 3-3D | kl. 10 | 7 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl. Tali | kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 8 - 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP-3D | kl. 8 | 7 |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:10 | 12 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ
SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á
HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE OTHER GUYS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 10.10 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 10.10 | 14 |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 5.45 | L |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10.20 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 8 | 14 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| THE LAST AIRBENDER 2D | kl. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 8 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 10 | 16 |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 8 og 10.15 | 12 |
| SCOTT PILGRIM | 5.50 | 12 |
| EXPENDABLES | 8 og 10.15 | 16 |


# Eltir nornir í næstu mynd

Sænska leikkonan Noomi Rapace er orðuð við hlutverk í hryllingsmynd sem byggð er á ævintýrinu um Hans og Grétu. Rapace, sem skaust upp á stjörnuhimininn eftir hlutverk sitt sem tölvuhakkarinn Lisbet Salander, er nú eftirsótt í Hollywood þar sem hún er stödd um þessar mundir til að freista gæfunnar.

Myndin ber nafnið Hansel and Gretel, The Witch Hunters og er áætluð frumsýning næsta haust. Þegar er búið að ráða í hlutverk Hans en það er einn eftirsóttasti leikarinn núna Jeremy Renner, sem var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik í sinn í myndinni Hurt Locker. Hann er mikill aðdáandi sænsku leikkonunnar og segir að þó ekki sé búið að skrifa undir samninga sé Rapace líklegust til að landa hlutverkinu.



**Á LEIÐ TIL HOLLYWOOD** Noomi Rapace er eftirsótt í Hollywood og er orðuð við hlutverk Grétu í hryllingsmynd byggðri á ævintýrinu um Hans og Grétu. NORDICPHOTOS/GETTY



**BALDVIN ESRA EINARSSON** Útgáfufyrirtækið Kimi Records heldur upp á þriggja ára afmælið sitt í versluninni Havarí um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eldgosið hægði á sölunni

**Kimi Records heldur upp á þriggja ára afmælið sitt í Havaríi um helgina. Útgáfustjórinn Baldvin Esra segir fyrirtækið í góðum gír eftir dýfu í byrjun ársins vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.**

Kimi Records heldur upp á þriggja ára afmælið sitt um helgina með veislu í versluninni Havaríi. Útgáfufyrirtækið hefur verið starfandi síðan haustið 2007 og gefið út jaðartónlist af ýmsum stærðum og gerðum.

Baldvin Esra Einarsson stofnaði Kimi Records og er núverandi útgáfustjóri. „Þetta hefur verið talsvert ævintýri og verið upp og ofan eins og gengur og gerist í þessum bransa," segir Baldvin Esra um árin þrjú. „En við erum komin á ágætis kjöl aftur og við erum að gefa út talsvert af plötum fyrir jólin."

Hann segir að reksturinn hafi verið erfiður fyrri hluta þessa árs. „Salan var mjög slök sem má rekja til fækkunar útlendinga í apríl og maí út af eldgosinu. Það setti strik í reikninginn en við erum að reyna að vinna okkur upp úr því. Seinni hluti sumars var mjög góður og við erum bjartsýnir á framhaldið."

Baldvin segist ekkert hafa vitað út í hvað hann var að fara þegar hann byrjaði með fyrirtækið en segist hafa skemmt sér vel og lært heilmikið. Hann er núna búsettur í Belgíu og stjórnar þaðan erlendu útgáfunni en Kimi Records hefur gefið út níu plötur í Evrópu og Bandaríkjunum. „Þetta er allt öðruvísi ferli en heima. Það er miklu lengra og meiri undirbúningur sem þarf því við erum með svo mörg markaðssvæði og tungumál. En það er gaman líka að standa í því."

Söluhæsta plata Kimi Records til þessa er Sleepdrunk Seasons, fyrsta plata Hjaltalín, sem hefur selst í um 7-8 þúsund eintökum. Þar á eftir kemur fyrsta plata FM Belfast, How to Make Friends, sem hefur selst í um 6-7 þúsund eintökum hér heima og erlendis. Á næstu dögum eru síðan tvær plötur væntanlegar frá Kimi, eða fyrsta plata Swords of Chaos og endurútgáfa af plötu SH draums, Goð. Sú síðarnefnda verður í tvöfaldri viðhafnarútgáfu með tónleikaupptökum og fleiru.

Afmælið í Havaríi stendur yfir frá 14 til 17 á laugardag þar sem hljómsveitirnar Reykjavík!, Morðingjarnir og Nolo leika fyrir gesti. Efnt verður til útsölu í tilefni afmælisins sem stendur yfir dagana 10., 11., 17. og 18. september. Geisladiskar, vínylplötur, stuttermabolir og fleira verður í boði á góðu verði. **freyr@frettabladid.is**

# Rooney Mara byrjuð að æfa

Rooney Mara, hin óþekkta leikkona sem hreppti hlutverk Lisbeth Salander í amerísku útgáfunni af Millenium-þríleik Stiegs Larsson, er byrjuð að æfa sig á mótorhjóli. Fyrstu myndir af Mara í hlutverki tölvuhakkarans hafa að undanförnu birst á netinu og þar sést greinilega að það verður lítið gert út á snoppufrítt andlit Mara því hárgreiðslan er æði sérstök og hún hefur þurft að bæði styrkja sig og grenna fyrir hlutverkið. Þá hafa paparazzi-ljósmyndarar náð myndum af Mara á mótorhjóli en eins og aðdáendur bókanna ættu að vita þá kallar Salander ekki allt ömmu sína og keyrir oftast um á mótorfák.

Óhætt er að fullyrða að mikil eftirvænting ríkir eftir því hvernig leikstjóranum David Fincher tekst upp við að fanga andrúmsloft þessara mögnuðu bóka Larsson. Sá orðrómur hefur verið á kreiki að allir leikarar myndarinnar eigi ekki að tala ensku með sænskum hreim en það hefur ekki verið staðfest. Daniel Craig mun leika Mikael Blomkvist, Robin Wright verður ritstjórinn Erika Berger og Stellan Skarsgaard mun leika hrottann Martin Vanger en fyrsta myndin fjallar einmitt um skelfileg leyndarmál Vanger-fjölskyldunnar.



**KEMUR SÉR Í GÍRINN** Myndum af Rooney Mara að æfa sig fyrir hlutverk Lisbeth Salander hefur verið lekið á netið en tökur á amerísku útgáfunni eiga að hefjast í þessari viku. NORDICPHOTOS/GETTY



**BÓK UM TÓNLEIKAFERÐALAG** Ljósmyndarinn Tery Richardson fylgir söngkonunni Lady Gaga eftir á tónleikaferðalagi til að safna efni í ljósmyndabók. NORDICPHOTOS/GETTY

# Piers Morgan tekur við af Larry King

Bretinn Piers Morgan tekur við af spjallþáttastjórnandanum Larry King á sjónvarpsstöðinni CNN í janúar.

King tilkynnti í júní síðastliðnum að hann ætlaði að láta kórónuna af hendi eftir 25 ár í sjónvarpsbransanum. Margir höfðu reiknað með að Morgan myndi taka við af honum og sú varð raunin. Hinn 45 ára Morgan er þekktur sem dómari í hæfileikaþættinum America´s Got Talent. Þar situr hann við borð og dæmir frammistöðu keppenda ásamt Sharon Osbourne, eiginkonu rokkarans Ozzy, og skemmtikraftinum Howie Mendel. Fyrrum dómari þáttarins er þýski strandvörðurinn David Hasselhoff.

Morgan hefur stjórnað fjölda sjónvarpsþátta í Bretlandi og er einnig fyrrum ritstjóri slúðurblaðanna News of the World og Daily Mirror. Hann hefur verið nefndur sem „leiðinlegi“ gagnrýnandinn í sömu andrá og Simon Cowell, sem gerði garðinn frægan í American Idol. Þess má geta að Morgan sigraði í raunveruleikaþáttum Donalds Trump, Celebrity Apprentice, árið 2008.



LARRY KING

Í yfirlýsingu sinni um starfið á CNN sagði Morgan: „Mig hefur lengi dreymt um að fylla skarð náunga sem ég tel vera besta sjónvarpsmanninn.“ Átti hann þar að sjálfsögðu við King, sem verður 77 ára í nóvember.



**AMERICA´S GOT TALENT** Piers Morgan, lengst til vinstri, í raunveruleikaþættinum America´s Got Talent.

# Opinberar líf Lady GaGa

**Verið er að undirbúa útkomu bókar um tónleikaferðalag poppsöngkonunnar Lady GaGa en það er enginn annar en stjörnuljósmyndarinn Terry Richardson sem sér um að fylgja söngkonunni eftir með myndavélina á lofti. Bókin lýsir lífinu í kringum túrinn hennar, Monster Ball, í máli og myndum og segir Richardson að ekkert verði dregið undan til að sýna aðdáendum hver Lady Gaga er þegar hún stendur ekki á sviðinu. Terry Richardson er einmitt þekktur fyrir að taka ögrandi og raunverulegar myndir af fræga fólkinu.**

# Illa lyktandi í viðtölum

**Leikkonan Kristen Stewart segist ekki njóta þess að tala um sjálfa sig í viðtölum. Hún verði svo stressuð að hún svitni og lykti illa. „Þetta lagast með æfingunni. En ég verð svo stressuð að ég veit ekki hvernig á að takast á við þetta,“ segir leikkonan sem slegið hefur í gegn í Twilight-myndunum.**

**Stewart segir jafnframt að hún reyni að láta þetta ekki há sér. „Ég er mjög utan við mig þegar ég er stressuð. Þá nudda ég saman þumlunum og svitna á höndunum og lykta mjög illa.“**



**STRESSUÐ Í VIÐTÖLUM** Kristen Stewart segist ekki enn vera búin að venjast því að tala um sjálfa sig í viðtölum.







# sport

sport@frettabladid.is



**694 DAGAR** síðan íslenska landsliðið vann alvöru landsleik undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Ísland fær næst tækifæri til þess að vinna alvöruleik er Portúgal kemur í heimsókn í október.



**MAGNAÐIR** Strákarnir í íslenska U-21 árs liðinu hafa staðið sig frábærlega.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenska U-21 árs landsliðið:

## Dregið í umspilið á morgun

**FÓTBOLTI** Það kemur í ljós á morgun hvaða lið verður andstæðingur Íslands í umspilinu fyrir EM en Ísland er eitt fjórtán þjóða sem tryggðu sér þátttökurétt í umspilinu.

Aðeins taka átta þjóðir þátt í lokakeppninni. Gestgjafarnir, Danir, fá sjálfkrafa þátttökurétt í mótinu og því eru aðeins sjö sæti í boði. Það væri því gríðarlegt afrek ef íslenska liðinu tekst að tryggja sig inn á mótið.

Ísland er í B-flokki þegar dregið verður á morgun en þar eru líka sterk lið eins og England og Spánn.

Þjóðirnar sem Ísland getur mætt eru Svíþjóð, Holland, Rúmenía, Ítalía, Króatía eða Skotland. **- hbg**

Leit Villa að stjóra á enda:

## Houllier á leið til Aston Villa

**FÓTBOLTI** Breska blaðið The Guardian greindi frá því í gær að franski stjórinn Gerard Houllier væri búinn að samþykkja þriggja ára samning við enska úrvalsdeildarfélagið Aston Villa.

Houllier tekur við starfinu af Martin O´Neill sem sagði mjög óvænt upp störfum nokkrum dögum áður en enska úrvalsdeildin hófst.

Houllier er ekki ókunnugur í enska boltanum en hann stýrði liði Liverpool frá 1998 til 2004. Phil Thompson var aðstoðarmaður hans þar en mun ekki koma yfir til Villa. **- hbg**

# Hefur aðeins unnið einn alvöruleik

**Byrjunin á undankeppni EM 2012 er nánast eins og byrjunin á undankeppni HM 2010. Eini munurinn er sá að árangurinn er lakari núna. Annars er þetta endurtekið efni. Ólafur Jóhannesson hefur stýrt landsliðinu í tæp þrjú ár og aðeins tekist að vinna einn alvöruleik. Sá sigur kom í október árið 2008.**

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir ágæta tilburði á köflum situr íslenska landsliðið stigalaust á botni síns riðils í undankeppni EM 2012. Margt er líkt með því sem nú er að gerast og þegar Ólafur tók við liðinu á sínum tíma. Liðið er að leggja sig ágætlega fram en sóknarleikurinn er slakur og árangurinn enginn. Þetta er í rauninni endurtekið efni.

Ólafur fékk tíu mánuði til þess að undirbúa liðið fyrir síðustu undankeppni. Hann fékk aragrúa æfingaleikja, njósnara og í rauninni allt sem hann óskaði sér.

Það skilaði sér í frábæru stigi gegn Norðmönnum ytra í leik þar sem liðið sýndi þann baráttuanda sem íslenskir áhorfendur krefjast að liðið sýni en það sýnir allt of sjaldan.

Eiður Smári Guðjohnsen sagði eftir þann leik. „Það sem stendur upp úr er hvað við sýndum mikinn karakter og börðumst vel. Baráttugleðin er að sjálfsögðu það sem á að einkenna íslenska landsliðið og það var kominn tími til að liðið sýndi hvað í því býr," sagði Eiður Smári réttilega.

Tap gegn Skotum í næsta leik var köld vatnsgusa framan í íslenska liðið sem lék vel. Klaufamistök, einbeitingarleysi og dapur sóknarleikur felldi íslenska liðið í þeim leik og þannig hefur það verið í ansi mörgum leikjum síðan Ólafur tók við liðinu.

Eftir því sem leið á undankeppnina datt botninn úr leik íslenska liðsins þó svo það hafi innbyrt sinn eina alvörusigur gegn Makedóníu á Laugardalsvelli 15. október árið 2008. Lokaniðurstaða síðustu undankeppni var síðan gríðarleg vonbrigði.

Margir hafa bent á að Ólafur sé að byggja upp nýtt lið eins og sjá má á þeim fjölda ungra leikmanna sem var í hópnum í síðustu leikjum. Það má vissulega til sanns vegar færa.

Ólafur var einnig að reyna að byggja upp nýtt lið er hann tók við á sínum tíma. Sú uppbygging mistókst. Þeir ungu leikmenn sem eru komnir í liðið núna eru þar af ástæðu. Af því að hinir leikmennirnir brugðust. Margir þeirra leikmanna sem Ólafur veðjaði á þá, og voru með áskrift að sæti í landsliðinu, brugðust. Það má því vel velta fyrir sér hvort Ólafur sé rétti maðurinn til þess að standa að nýrri uppbyggingu. Húsin sem smiðurinn hefur reist hingað til hafa ítrekað hrunið til grunna.

Ísland hefur annars verið að byggja upp nýtt lið ansi lengi án árangurs. Ábyrgðin þar hlýtur að liggja að stóru leyti hjá KSÍ sem velur þjálfarana sem síðan stýra landsliðinu. Síðustu ráðningar hafa verið nokkuð umdeildar.

Það er grátlegt að uppskeran í þessum ellefu alvöruleikjum undir stjórn Ólafs sé eins rýr og raun ber vitni. Andstæðingarnir hafa síður en svo verið mikið sterkari en við. Ísland hefur verið að mæta liðum eins og Noregi, Skotlandi og Makedóníu. Allt lið sem Ísland á að geta unnið á nokkuð góðum degi. Íslenska landsliðið er ekki eins lélegt og árangurinn gefur til kynna.

Ólafur sagði eftir tap gegn Makedóníu í júní í fyrra að hann stæði og félli með ákvörðunum sínum. Stóra spurningin er samt hvort hann sé til í axla einhverja ábyrgð á þeim slaka árangri sem landsliðið hefur náð undir hans stjórn.

UTAN VALLAR
**Henry Birgir Gunnarsson**
segir sína skoðun
henry@frettabladid.is






**EKKI NEIN GÆÐASMÍÐI HJÁ TRÉSMIÐNUM** Ólafur Jóhannesson hefur ekki náð neinum árangri með íslenska landsliðið sem er strax komið á botninn í undankeppni EM.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Árangur landsliðsins undir stjórn Ólafs í alvöruleikjum

| | | |
|---|---|---|
| **Undankeppni EM 2008:** | | |
| 21. nóvember 2007 | Danmörk-Ísland | 3-0 |
| **Undankeppni HM 2010:** | | |
| 6. september 2008 | Noregur-Ísland | 2-2 |
| 10. september 2008 | Ísland-Skotland | 1-2 |
| 11. október 2008 | Holland-Ísland | 2-0 |
| 15. október 2008 | Ísland-Makedónía | 1-0 |
| 1. apríl 2009 | Skotland-Ísland | 2-1 |
| 6. júní 2009 | Ísland-Holland | 1-2 |
| 10. júní 2009 | Makedónía-Ísland | 2-0 |
| 5. september 2009 | Ísland-Noregur | 1-1 |
| **Undankeppni EM 2012:** | | |
| 3. september 2010 | Ísland-Noregur | 1-2 |
| 7. september 2010 | Danmörk-Ísland | 1-0 |
| **Alls 11 leikir** | **Sigrar: 1, jafntefli 2, töp 8.** | |

Ísland hefur þrisvar sinnum tapað með einu marki í blálokin í undankeppnum HM eða EM:

# Grátlegustu 0-1 töp íslenska landsliðsins

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið þurfti að sætta sig við grátlegt tap á Parken á þriðjudagskvöldið þegar Danir tryggðu sér 1-0 sigur með því að skora sigurmarkið sitt í uppbótartíma.

Þetta er í tuttugasta sinn sem íslenska karlalandsliðið tapar leik 0-1 í undankeppnum EM eða HM en aðeins í þriðja sinn sem liðið fær á sig slíkt sigurmark á lokamínútum leiksins.

Íslenska liðið hafði verið líklegra til að skora á lokakafla leiksins á Parken en það var þó Thomas Kahlenberg sem nýtti sér klaufaskap í íslensku vörninni til þess að skora sigurmarkið með laflausu skoti í varnarmann og inn.

Það má segja að tapið í fyrrakvöld velti nú tapi fyrir Skotum frá árinu 1985 úr sessi sem grátlegasta 0-1 tap íslenska landsliðsins í undankeppni.

Skotar tryggðu sér þá ósanngjarnan 1-0 sigur á Laugardalsvellinum í lok maí þegar Íslandsvinurinn Jim Bett skoraði eina mark leiksins þremur og hálfri mínútu fyrir leikslok.

Jim Leighton, markvörður Skota, var maður leiksins en hann varði meðal annars vítaspyrnu frá Teiti Þórðarsyni, fyrirliða íslenska liðsins, í fyrri hálfleik og auk þess fékk íslenska liðið fjölda færa.

Það eru líka aðeins rúm þrjú ár síðan íslenska landsliðið tapaði 0-1 fyrir þá verðandi Evrópu- og heimsmeisturum Spánverja í hellidembu á Mallorca.

Líkt og á HM í Suður-Afríku í sumar var það maður að nafni Andrés Iniesta sem tryggði heimamönnum 1-0 sigur.

Markið hans kom aðeins níu mínútum fyrir leikslok eftir sendingu frá David Villa og Iniesta átti einnig eftir að tryggja Spánverjum 1-1 jafntefli á Laugardalsvellinum fimm mánuðum síðar. **- óój**



**ANDRÉS INIESTA** Skoraði sigurmark á móti Íslandi á 81. mínútu í marslok 2007.
MYND/XXXX

### Tuttugu 0-1 töp Íslands:

Íslenska landsliðið hefur 20 sinnum tapað 0-1 í undankeppni EM eða HM og hér fyrir neðan má sjá hvenær sigurmark mótherjanna hefur komið í þessum leikjum.

| | |
|---|---|
| Sigurmark á 1.-40. mínúta | 4 |
| Sigurmark á 40.-45 mínúta | 6 |
| Sigurmark á 46.-60. mínúta | 4 |
| Sigurmark á 61.-79. mínúta | 3 |
| Sigurmark á 80.-90. mínúta | 3 |


cleanfix

- gólfþvottavélar
- ryksugur
- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is


FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Glænýjar vörur beint frá London
ódýrt
Kápa st. 38-42 verð 7990
Dömubuxur st. 36-42 verð 4999
Dömu jogging st.s/m-m/l verð 2499
Stelpu jogging st. 4-12ára Verð 2499
Föt fyrir alla fjölskylduna í miklu úrvali
Army buxur st.4-14ára Verð 2499
Hattur verð 1999 Herragallabuxur st 30-38 Verð 5999
Stelpugallabuxur s.1-6ára verð 1499
Stráka jogging st.4-12ára Verð 2499
Nýjar vörur
Stráka jogging st 4-12ára verð 1999
Hettupeysa st 4-12ára verð 2999
Dömu hlýri st.8-16 verð aðeins 1499
Herra skyrta st.s-xl verð 3999
Derhúfur verð 1999
Lokahelgin
Birt með fyrirvara um prentvillur
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19 - ALLA DAGA VIKUNNAR

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**28 VORU PÚTTIN** sem Birgir Leifur Hafþórsson notaði þegar hann setti nýtt vallarmet á Garðavelli.

**63 HÖGG** sló Heiðar Davíð Bragason úr GHD þegar hann setti nýtt vallarmet á Lundsvelli í Fnjóskadal.

## Besti hringur íslensks kylfings?

Vallarmet Birgis Leifs Hafþórssonar hefur verið staðfest en hann lék nýlega sinn gamla heimavöll, Garðavöll á Akranesi, á 58 höggum, eða fjórtán höggum undir pari vallarins. Í samtali við kylfing.is er haft eftir honum að hann hafi stefnt að því að leika undir 60 höggum frá því hann var strákur. Birgir Leifur bætti vallarmet Heiðars Davíðs Bragasonar frá árinu 2007 um sjö högg.

**Hér má sjá hvernig Birgir Leifur lék Garðavöll holu fyrir holu.**

1. braut: 3 högg – fugl -1
2. braut: 3 högg – fugl -2
3. braut: 2 högg – fugl -3
4. braut: 4 högg – fugl -4
5. braut: 4 högg – par – 4
6. braut: 2 högg – örn -6
7. braut : 4 högg – fugl -7
8. braut: 3 högg – par -7
9. braut: 4 högg- par -7

= 29 högg en parið er 36.

10. braut: 3 högg – fugl -8
11. braut: 4 högg – par -8
12. braut: 4 högg – par -8
13. braut: 3 högg – örn -10
14. braut: 3 högg –par -10
15. braut: 3 högg – fugl -11
16. braut: 4 högg – fugl -12
17. braut: 3 högg – fugl -13
18. braut: 2 högg – fugl -14

= 29 högg en parið er 36

**= 58 högg samtals eða 14 högg undir pari.**





**Á ÁTJÁNDU Á HVALEYRINNI** Á þriðja þúsund börn eru skráð sem meðlimir í golfklúbbi samkvæmt upplýsingum frá GSÍ.

## Hollráð Hinna: Merkingar á golfvöllum

Á öllum golfvöllum finnast einhverjar merkingar og ekki úr vegi að fara yfir hvað þær þýða. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, útskýrir:

1. Hvítir hælar merkja vallarmörk og eru hluti vallar og því ekki lausn frá slíkum hælum þótt þeir trufli stöðu eða sveiflusvið. Vissulega geta kylfingar þá dæmt boltann ósláanlegan og tekið lausn samkvæmt þeirri reglu.
2. Gulir hælar merkja vatnstorfæru. Ef boltinn er í vatnstorfæru, eða það sé vitað eða nánast öruggt að boltinn sé þar, má leikmaður gegn 1 vítahöggi:
   a. leika aftur á þeim stað sem hann sló síðast.
   b. láta boltann falla handan torfærunnar.
3. Rauðir hælar merkja hliðarvatnstorfæru. Sem viðbót við þær lausnir sem að ofan greinir má láta boltann falla utan torfærunnar innan tveggja kylfulengda frá og ekki nær holunni en þar sem boltinn síðast skar torfæruna eða innan tveggja kylfulengda á stað hinum megin við hana og jafnlangt frá holu.
4. Bláir hælar merkja grund í aðgerð og þaðan fá leikmenn lausn samkvæmt reglu 25-1 og þurfa að finna næsta stað á vellinum fyrir lausn sem er ekki nær holu, í torfæru eða á flöt. Þetta er vítislaust.
   - Innan vatnstorfæru eða grundar í aðgerð má leikmaður slá boltann sinn.
   - Ath. innan vatnstorfæru má leikmaður ekki snerta yfirborð torfærunnar.
   - Bláir hælar með hvítum toppi merkja að þarna sé grund í aðgerð þaðan sem leikur er bannaður.
   - Gulir, rauðir og bláir hælar eru alla jafna hreyfanleg hindrun.



# Á þriðja þúsund börn skráð í golfklúbba

**Mikil vakning hefur orðið í golfíþróttinni á síðustu árum en á þriðja þúsund börn, átján ára og yngri, eru skráð í golfklúbba hér á landi. Þá hafa hátt í þúsund börn verið skráð á sumarnámskeið um land allt svo óhætt er að segja að framtíðin í íslensku golfi sé björt.**



**KARL ÓMAR KARLSSON** Hann er verkefnisstjóri barna- og unglingastarfs Golfsambands Íslands.

Meðal nýjunga sem boðið hefur verið upp á í sumar er US kids golfmótaröðin sem er ætluð börnum tólf ára og yngri. „Við byrjuðum golfmótaröðina í fyrra og þá einskorðuðum við okkur við Stór-Reykjavíkursvæðið. Það gekk svo vel að það var ákveðið að fara með hana út á land líka,“ segir Karl Ómar Karlsson, verkefnisstjóri barna- og unglingagolfs hjá Golfsambandi Íslands. Í fyrra voru á milli fjörutíu til sextíu börn skráð á mótaröðina en í ár hafa þau verið hátt í hundrað.

Á US kids golfmótaröðinni er völlurinn styttur. Brautirnar eru um fimmtíu til þrjúhundruð metra langar. „Tilgangurinn með mótaröðinni er að krakkarnir þori að fara út á völl og að það gangi vel fyrir sig að spila brautirnar,“ útskýrir Karl Ómar. Auk þess að keppa á vellinum er haldin púttkeppni og ýmsar þrautir leystar. Allir fá síðan verðlaun í lok dags.

Karl Ómar segir að mikil fjölgun hafi orðið meðal yngstu kylfinganna, tólf ára og yngri. „Ég er til dæmis að þjálfa uppi á Skaga og það hefur verið stöðug fjölgun hér,“ segir hann og telur nokkrar ástæður liggja að baki „Það er tiltölulega ódýrt að spila golf, að minnsta kosti hér á Skaganum. Svo eigum við Valdísi Þóru Íslandsmeistara, Birgir Leifur Hafþórsson er héðan og svo hefur verið aukin umfjöllun um golf. Þetta hefur allt sitt að segja,“ segir verkefnisstjórinn.

Karl Ómar segir að Íslendingar eigi marga efnilega kylfinga. „Það er fullt af flottum efnivið hjá okkur. Stóru klúbbarnir hafa verið að reyna að breyta golfinu í heilsársíþrótt. Áður var það þannig að golfið tók við þegar skólinn var búinn en nú eru fleiri og fleiri krakkar sem stunda golf sem heilsársíþrótt. Á veturna æfum við í íþróttahúsi og notum sérstakar kúlur sem hægt er að slá þar og í bland förum við í alls konar leiki.“

Karl Ómar segir að meginreglan sé að krakkarnir hafi gaman af íþróttinni. „Númer eitt, tvö og þrjú er að krakkarnir hafi gaman af þessu. Það skiptir ekki máli hvernig þau standa eða hvernig þau halda á kylfunni, heldur að þau hafi gaman af. Foreldrar mættu stundum passa sig, það er of mikið verið að skammast og vesenast en það verður ekki til að vekja áhuga krakkanna á íþróttinni. Krakkarnir verða að hafa gaman af þessu, þá fá þau áhugann og þegar hann er kominn er hálfur sigur unninn.“

-kh




GOLF & HEILSA



## Líkamsrækt til að viðhalda sveiflunni

**Magni M. Bernhardsson,** kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Margir hætta algjörlega að sveifla golfkylfu yfir vetrartímann sem er ekki rétt að gera. Það tekur líkamann fyrsta mánuðinn á hverju sumri að venjast sveiflunni aftur og þeim tíma megum við ekki tapa hérna á Íslandi því golftímabilið er stutt. Að stunda líkamsrækt yfir vetrartímann er það besta sem við getum gert til að viðhalda vöðvastyrk, þoli og liðleika. En hvernig er best að byrja?

„Best er að tala við fagaðila sem er menntaður á þessu sviði svo hann geri sér grein fyrir hvaða vöðvar eru mikilvægastir fyrir golfsveifluna þína. Mikilvægt er að læra réttar æfingar sem henta þér og vinna að leiðréttingu frekar en að stuðla að frekari óstöðugleika. Gott er að setja sér markmið og setja upp æfingaáætlun yfir vetrartímann, blanda saman æfingum fyrir stutta spilið og pútta ásamt líkamsrækt.

Breytingar eru gerðar á veturna, ekki á sumrin þegar við viljum eyða tímanum á golfvellinum.“

Höfundur starfaði með PGA golf kennara, Justin Stout, í USA árið 2007 við að hreyfi- og styrktargreina nemendur hans ásamt því að nota kírópraktískar aðferðir til að auka hreyfanleika iðkenda.

## Höfuðborg gegn landsbyggð

KPMG-bikarinn 2010 fer fram á Korpúlfsstaðavelli hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Í KPMG-bikarnum keppir úrvalslið höfuðborgar gegn úrvalsliði landsbyggðar, ekki ósvipað og er í Ryder-bikarnum. Eimskipsstigalistinn ræður mestu um það hverjir spila í bikarnum en liðsstjórar velja kylfinga í tvö síðustu sætin.

Úrvalslið landsbyggðarinnar vann öruggan sigur á úrvalsliði höfuðborgarinnar í viðureigninni í fyrra. Eftir fyrstu og aðra umferð leiddi lið landsbyggðarinnar með 9 vinningum gegn 3 vinningum. Það var því ljóst að á brattann var að sækja fyrir lið höfuðborgarinnar.

| Lið höfuðborgarsvæðisins: | Lið landsbyggðarinnar: |
|---|---|
| Andri Már Óskarsson | Sigmundur Einar Másson |
| Björgvin Sigurbergsson | Guðmundur Ág. Kristjánsson |
| Helgi Birkir Þórisson | Tryggvi Pétursson |
| Hlynur Geir Hjartarson | Arnar Snær Hákonarson |
| Magnús Lárusson | Haraldur Franklín Magnús |
| Rúnar Arnórsson | Guðjón Henning Hilmarsson |
| Örn Ævar Hjartarson | Stefán Már Stefánsson |
| Nína Björk Geirsdóttir | Alfreð Brynjar Kristinsson |
| Þórdís Geirsdóttir | Nökkvi Gunnarsson |
| Davíð Gunnlaugsson | Andri Þór Björnsson |
| Ólafur Hreinn Jóhannesson | Berglind Björnsdóttir |
| Sigurpáll Geir Sveinsson | Hansína Þorkelsdóttir |

mazda

Komdu í kaffi og kleinur

# MAZDA3 Frumsýning2

13,5% verðlækkun

BROSTU



# Verðlækkun!

13,5%

## Kauptu bíl í dag. Komdu. Skoðaðu Mazda3 í nýju ljósi: 13,5% verðlækkun!

- Brimborg frumsýnir í dag japanska nákvæmnislist: Mazda3. Komdu og sjáðu nýjan Mazda3. Skoðaðu glæsilega hönnun og prófaðu áreiðanlegan japanskan bíl á nýju verði. Fortíðin er farin. Nútíminn hafinn.

Komdu í kaffi og kleinur og reynsluaktu nýjum Mazda3. Vertu Mazda.

### Þjónustutilboð 30-50%

**Nýttu þér þjónustutilboðin**

Rúðuvökvi 2,5L
**50% afsláttur** - tilboðsverð 298 kr.

SONAX hreinsivörupakki
**30% afsláttur** - tilboðsverð 2.793 kr.

Aðalljósapera
**30% afsláttur** - tilboðsverð 779 kr. fyrir H7 peru.

Þurrkublaðasett
**30% afsláttur** - tilboðsverð 6.650 kr. fyrir Mazda3

Talaðu við þjónusturáðgjafann um fleiri tilboð.

-16,1%



**Mazda2 Advance**
1,3i bensín 86 hö 122 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Verð 2.970.000 kr.
Verðlækkun **16,1%**
**Nútímaverð 2.490.000 kr.**

-13,5%



**Mazda3 Advance**
1,6i bensín 105 hö 145 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
Verð 3.760.000 kr.
Verðlækkun **13,5%**
**Nútímaverð 3.250.000 kr.**

-13,5%



**Mazda5 Inclusive**
2,0i bensín 146 hö 185 Nm
7 manna 5 gíra beinskiptur
Verð 4.570.000 kr.
Verðlækkun **13,5%**
**Nútímaverð 3.950.000 kr.**

-10,4%



**Mazda6 Premium**
2,0i bensín 155 hö 193 Nm
4 dyra 5 þrepa sjálfskipting
Verð 4.790.000 kr.
Verðlækkun **10,4%**
**Nútímaverð 4.290.000 kr.**



**Kreppan er farin**
**Sóknin hafin**

## Mazda á nútímaverði – komdu í kaffi og kleinur

**Opið á Bíldshöfða 8, kl. 9–18 virka daga og kl. 12–16 laugardaga**

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is

*Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni*

*Öruggur staður til að vera á*

## > Kyra Sedgwick

„Ég var mjög ung þegar ég gifti mig, ég veit ekki af hverju það gekk eins og það gekk eða hvernig mér tókst að velja þann rétta, en einhvern veginn var ég heppin.“

***Kyra Sedgwick er ein þeirra Hollywood-stjarna sem enn hefur tekist að halda í æskuástina. Sedgwick er á dagskrá Stöðvar 2 kl. 21.40, en þar fer hún með hlutverk Brendu Johnson í The Closer.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST SPENNTUR MEÐ LANDSLEIK DANA OG ÍSLENDINGA

# *Enn ein vonbrigðin, því miður*

Vonbrigðin voru gríðarleg þegar Danir skoruðu sigurmarkið gegn Íslendingum í undankeppni EM. Þessi vonbrigði eru ekki ný af nálinni þegar íslenska landsliðið er annars vegar og í rauninni var maður undir þau búin. Oft hafa strákarnir staðið sig vel í leikjum sínum en einhvern veginn hefur herslumuninn vantað, eins og gegn Norðmönnum um daginn. Liðið hafði einmitt staðið sig virkilega vel á Parken og spilaði öflugan varnarleik sem Danirnir áttu erfitt með að brjóta á bak aftur. Markalaust jafntefli var í kortunum og maður eygði meira að segja von um að Ísland myndi stela sigrinum og brjóta þar með blað í knattspyrnusögu Íslands. Samt var alltaf einhver rödd sem hvíslaði að manni: „Væri það ekki týpískt ef Danirnir skoruðu mark í lokin.“ Og það gerðist, því miður.



**SORGLEGT** Það var afar sorglegt þegar Danir skoruðu sigurmarkið gegn Íslendingum.

Einn góður maður sagði við mig að það væru einfaldlega vonbrigði að vera Íslendingur. Auðvitað má færa rök fyrir því. Hérna hefur allt verið á hausnum síðustu ár og orðspor okkar erlendis er ekki upp á marga fiska. Í frjálsum íþróttum, á skíðum og í sundi erum við aftarlega á merinni en samt er ljós í myrkrinu. Maður getur nefnilega ekki annað en glaðst þegar horft er til íslenska 21 árs landsliðsins, kvennalandsliðsins og síðast en ekki síst handboltalandsliðsins, strákanna okkar. Vonandi verður íslenska karlalandsliðið einnig kallað strákarnir okkar þegar fram líða stundir en það gæti tekið einhvern tíma í viðbót.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** House SKJÁREINN



▶ **21.00** Veiðiperlur STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.35** Nýgræðingar SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Mr. Wonderful STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Í fótspor hugvitsmannsin** Heimildamynd um Hjört Thordarson hugvitsmann frá Chicago.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Herbergisfélagar** (6:13)

**17.50 Herramenn** (39:52)

**18.00 Skoppa og Skrítla** (2:8) (e)

**18.10 Að passa ömmu**

**18.25 Bombubyrgið** (1:26) (Blast Lab)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Martin læknir** (1:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.

**20.50 Bræður og systur** (70:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**21.35 Nýgræðingar** (161:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Sporlaust** (3:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05 Hvaleyja** (9:12) (Hvaler) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.25 Fréttir** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Ask the Dust**

**10.00 Are We Done Yet?**

**12.00 Bee Movie**

**14.00 Are We Done Yet?**

**16.00 Ask the Dust**

**18.00 Bee Movie**

**20.00 The Love Guru**

▶**22.00 Mr. Wonderful**

**00.00 I Think I Love My Wife**

**02.00 The King**

**04.00 Mr. Wonderful**

**06.00 Daddy Day Camp**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (2:18) Latibær, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**11.00 Gilmore Girls**

**11.45 Logi í beinni**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (12:25)

**13.45 La Fea Más Bella** (232:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (233:300)

**15.15 The O.C.** (25:27)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Camp Lazlo

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (19:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (19:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (16:24)

**20.10 The Amazing Race** (9:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan.

**20.55 NCIS. Los Angeles** (4:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.

**21.40 The Closer** (10:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.

**22.25 The Forgotten** (8:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**23.10 Ameríski draumurinn** (3:6)

**23.50 Þúsund andlit Bubba**

**00.20 Monk** (11:16)

**01.05 Lie to Me** (13:22)

**01.50 The Tudors** (7:8)

**02.40 Day Watch** Rússneskur tryllir um baráttu góðs og ills.

**04.45 Yesterday** Japönsk spennumynd.

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Deutsche Bank Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.30 Veiðiperlur**

**20.05 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ** Sýnt frá Unglingaeinvíginu í Mosfellsbæ en þangað eru samankomnir allir bestu ungu kylfingar landsins. Fimm stigahæstu kylfingarnir í hverjum flokki hjá drengjum og þrjár stigahæstu stúlkurnar í hverjum flokki á Arion banka mótaröðinni taka þátt.

▶**21.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu. Einnig verður farið ofan í saumana á lífstíl og matarmennsku í veiði.

**21.30 Players Championship** Sýnt frá Players Championship motinu í póker.

**22.25 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**23.10 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Blackburn - Arsenal / HD** Sýnt frá leik Blackburn og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.

**20.30 Football Legends - Beckham** Í þessum þætti verður ferill David Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð.

**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**22.20 Aston Villa - Everton / HD** Útsending frá leik Aston Villa og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (30:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.25 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.

**18.10 Canada's Next Top Model** (5:8) (e)

**18.55 Still Standing** (18:20) (e)

**19.20 America's Funniest Home Videos** (31:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.45 King of Queens** (12:25) (e)

**20.10 The Office** (3:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin.

**20.35 Parks & Recreation** (19:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie vill herða öryggisgæslu í almenningsgörðunum en að krakkar gera Jerry lífið leitt.

▶**21.00 House** (3:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

**21.50 Law & Order** (20:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.25 In Plain Sight** (12:15) (e)

**00.10 Last Comic Standing** (11:11) (e)

**01.15 Leverage** (10:15) (e)

**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Karl Malmström um brokkóliorku og fulltrúi bílatrygginga.

**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson og föruneyti á Víknaslóðum fyrri hluti.

**21.30 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson og föruneyti á Víknaslóðum seinni hluti.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# SKIPTU UM SKOÐUN

Komdu í skoðunarstöð Tékklands við Reykjavíkurveg eða í Holtagörðum og njóttu þess að láta skoða bílinn þinn.

Það er **ódýrara**.




Samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 22. júlí 2010

TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Reykjavíkurvegi | Holtagörðum | Sími 414 9900 | tekkland@tekkland.is | www.tekkland.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### NCIS: Los Angeles

Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Amazing Race

**Stöð 2 kl. 20.10**

Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en allir eiga það sameiginlegt að vilja sigra.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Rölt milli grafa
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.10** Martröð minninganna
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Útvarpsperlur: Hvellurinn við Miðkvísl
**23.15** Í Álftaveri
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

▶**20.15 Grey's Anatomy** (13:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Pretty Little Liars** (2:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Þ

**22.35 Mercy** (20:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.20 True Blood** (11:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.05 Nip/Tuck** (20:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**00.50 Grey's Anatomy** (13:17)

**01.35 The Doctors**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** After You've Gone **12.30** After You've Gone **13.00** The Green, Green Grass **13.30** The Green, Green Grass **14.00** Fawlty Towers **14.35** Fawlty Towers **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** How Not to Live Your Life **18.30** Lead Balloon **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Dalziel and Pascoe **20.20** How Not to Live Your Life **20.50** Rob Brydon's Annually Retentive **21.20** Come Dine With Me **21.45** The Jonathan Ross Show **22.35** EastEnders **23.05** Torchwood **23.50** After You've Gone

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Chiro **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Uventet besøg på Borneo **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - forbrydelse og straf **21.30** Jordemødrene **22.00** Så er der pakket **22.25** Boogie Mix **23.15** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Koht på jobben **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte **21.00** Kveldsnytt **21.15** Høyt spill - med Leif Ove Andsnes **22.10** Klippen **23.05** Munter mat **23.35** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Val 2010: Utfrågningen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Val 2010: Utfrågningen **19.00** Himmelblå **19.45** Designreportage **19.55** Anslagstavlan **20.00** Debatt **20.45** Undercover Boss **21.35** The Seventies **22.05** Uppdrag Granskning **23.05** Nurse Jackie **23.35** Uppdrag Granskning






*Ef ég fæ mér morgunmat, sem gerist því miður of sjaldan, þá fæ ég mér yfirleitt hafragraut.*

Þórunn Antonía Magnúsdóttir, söng- og leikkona.

# Tobba Marinós og Yrsa keppa í Útsvari

Fjölmiðlakonan og rithöfundurinn Þorbjörg Marinósdóttir hefur staðfest þátttöku sína í Útsvari, spurningaþætti milli sveitarfélaga sem er að hefja göngu sína fjórða árið í röð í Ríkisjónvarpinu. Þorbjörg, eða Tobba Marinós eins og hún er gjarnan kölluð, keppir fyrir hönd sveitarfélags síns, Kópavogs, í spurningaleiknum sívinsæla og mun eflaust reynast liðsstyrkur fyrir sitt lið enda með puttana á púlsinum á flestu sem er að gerast í samfélaginu í dag.

Aðstandendur Útsvars eru þessa dagana að leggja lokahönd á liðaskipan í þáttunum og eiga áhorfendur eftir að sjá nokkur ný og óþekkt andlit berjast sín á milli í vetur. Til að mynda verða tvær konur í liði Ísafjarðarbæjar en það er víst erfiðara að fá konur til að taka þátt í spurningaþættinum en karlpeninginn og er mikil ánægju með það hjá RÚV hversu margar konur taka þátt að þessu sinni.

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur ætlar að taka þátt í fyrsta sinn fyrir hönd Seltjarnarness og Kolfinna Baldvinsdóttir ætlar einnig að spreyta sig á skjánum. Vilhjálmur Bjarnasson og Svanhildur Hólm ætla að taka upp forna frægð og keppa aftur fyrir hönd Garðabæjar og Reykjavíkur þetta árið en þau mættust einmitt í úrslitum í fyrra þar sem lið Garðabæjar undir forystu Vilhjáms fór með sigur af hólmi. **- áp**



**SPENNANDI KEPPNI** Þorbjörg Marinósdóttir verður í liði Kópavogsbæjar í spurningaþættinum Útsvari á RÚV. Yrsa Sigurðardóttir keppir fyrir Seltjarnarnes og Vilhjálmur Bjarnason fyrir Garðabæ.



**LÁRÉTT**
**2.** drjúpa, **6.** verkfæri, **8.** veitt eftirför, **9.** stroff, **11.** bardagi, **12.** stopp, **14.** hlýða, **16.** horfði, **17.** dýrahljóð, **18.** besti árangur, **20.** til, **21.** tútta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** slitrótt tal, **3.** tveir eins, **4.** gera óvandlega, **5.** sigað, **7.** land, **10.** skrá, **13.** tala, **15.** nabbi, **16.** smáskilaboð, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** leka, **6.** al, **8.** elt, **9.** fit, **11.** at, **12.** stans, **14.** hlíta, **16.** sá, **17.** urr, **18.** met, **20.** að, **21.** snuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** tafs, **3.** ee, **4.** klastra, **5.** att, **7.** líthæn, **10.** tal, **13.** níu, **15.** arða, **16.** sms, **19.** tu.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Níu.
2. Jenis av Rana.
3. Til Þorlákshafnar.

INGÓLFUR GEIRDAL: FÉKK HANDSKRIFAÐ BRÉF FRÁ BRIAN MAY

# Dimma með þrjú lög á heiðursplötu Alice Cooper

Íslenska þungarokkssveitin Dimma á þrjú lög á ábreiðuplötu til heiðurs Alice Cooper sem kemur út 26. október næstkomandi. Tvö þeirra voru tekin upp á tónleikum Dimmu og Michaels Bruce, upprunalega gítarleikarans úr sveitinni, hér á landi 2002 en þriðja lagið var tekið sérstaklega upp með Dennis Dunaway, bassaleikaranum fræga, fyrir áðurnefnda plötu. Ingólfur Geirdal segir þetta vera sér mikið hjartans mál enda séu hann og bróðir hans, Silli sem einnig er meðlimur Dimmu, miklir Alice Cooper-aðdáendur.

„Við höfum unnið með bæði Michael og Dennis áður. Dennis samdi náttúrlega með okkur lag á síðustu Dimmu-plötu og við höfum verið í góðu sambandi við hann,“ segir Ingólfur en hann starfar sem töframaður í Svíþjóð og kemur meðal annars fram á ferju sem siglir milli Danmerkur og Svíþjóðar. Dimma hitaði jafnframt upp fyrir Alice Cooper þegar hann kom hingað til lands árið 2005. Þeim fannst lítið tiltökumál að henda í eitt ábreiðulag frá Cooper. „Við tókum upp okkar hluta hér á Íslandi og Dennis sinn í New York,“ segir Ingólfur og bætir því við að þeir hafi ekkert ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur. „Lagið heitir Halo of Flies. Það er fremur flókið og yfir átta mínútur,“ útskýrir Ingólfur en Dimma er nú að undirbúa upptökur á næstu plötu. Þeir neyðast reyndar til að nýta hvern dauðann tíma því á meðan Ingólfur heillar sænska og danska ferjugesti upp úr skónum með töfrabrögðum er Silli á flakki um heiminn með Jónsa, oftast kenndum við Sigur Rós.

Hins vegar vill svo skemmtilega til að þetta er ekki fyrsta heiðursábreiðuplatan sem Dimma tekur þátt í því fyrir skemmstu kom út ámóta plata til heiðurs Queen. Og aftur kom Dennis Dunaway við sögu. „Við gerðum okkar eigin útgáfu af We Will Rock You. Þessi útgáfa komst í hendurnar á Brian May og ég fékk síðan í sumar handskrifað bréf frá honum þar sem hann þakkaði mér kærlega vel fyrir þessa útgáfu, hún væri bara nokkuð góð.“ **freyrgigja@frettabladid.is**



**VINSÆLIR DIMMU-DRENGIR**
Dimma á þrjú lög á heiðursábreiðuplötu tileinkaðri Alice Cooper. Tvö þeirra voru tekin upp á tónleikum hér á landi 2002 en hljómsveitin fór sérstaklega í hljóðver með Dennis Dunaway úr sveitinni frægu til að taka upp þriðja lagið. Dimma átti einnig lag á ábreiðuplötu til heiðurs Queen og gítarleikarinn hárfagri, Brian May, var svo ánægður með útgáfuna að hann sendi Ingólfi Geirdal handskrifað þakkarbréf.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Hrönn Marinósdóttir** og hennar fólk eru nú að leggja lokahönd á dagskrá RIFF-kvikmyndahátíðarinnar í byrjun október. Nú er ljóst orðið að tónlistarmyndin Oddsac eftir leikstjórann Danny Perez verður sýnd á hátíðinni. Myndin hefur að geyma tónlist bandarísku hljómsveitarinnar Animal Collective. Perez og David Portner, liðsmaður Animal Collective, ætla að koma til landsins af þessu tilefni og munu svara spurningum gesta að loknum sýningum. Einnig ætla þeir að koma fram sem plötusnúðar á Venue laugardagskvöldið 2. október.



Portner hefur undanfarin ár verið kvæntur Kríu Brekkan, sem heitir réttu nafni **Kristín Anna Valtýsdóttir** og er fyrrum meðlimur hljómsveitarinnar múm. Þau eru nú að ganga í gegnum skilnað en síðustu ár hafa þau búið saman í Brooklyn í New York. Fyrir þremur árum gáfu þau út plötuna Pullhair Rubeye sem var tilraunakennd í meira lagi því hún hafði að geyma átta lög sem voru öll spiluð aftur á bak. Þess má geta að Kría heldur tónleika í Norræna húsinu 27. september og er þeir einnig hluti af dagskrá RIFF. **- fb**




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 Kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 Kl. 20:00 4.sýn Ö | Lau 6/11 Kl. 20:00 7.sýn Ö |
| Lau 16/10 Kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 Kl. 20:00 5.sýn Ö | Fim 11/11 Kl. 20:00 8.sýn Ö |
| Lau 23/10 Kl. 20:00 3.sýn Ö | Fös 5/11 Kl. 20:00 6.sýn Ö | Fös 12/11 Kl. 20:00 9.sýn Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 11/9 Kl. 13:00 U | Lau 18/9 Kl. 15:00 Ö | Sun 26/9 Kl. 13:00 |
| Lau 11/9 Kl. 15:00 U | Sun 19/9 Kl. 13:00 Ö | Lau 2/10 Kl. 13:00 |
| Sun 12/9 Kl. 13:00 U | Sun 19/9 Kl. 15:00 U | Lau 2/10 Kl. 15:00 |
| Sun 12/9 Kl. 15:00 U | Lau 25/9 Kl. 13:00 | Sun 3/10 Kl. 13:00 |
| Lau 18/9 Kl. 13:00 Ö | Lau 25/9 Kl. 15:00 | Sun 3/10 Kl. 15:00 |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 10/9 Kl. 20:00 Ö | Lau 18/9 Kl. 20:00 Ö | Sun 26/9 Kl. 20:00 |
| Lau 11/9 Kl. 20:00 Ö | Sun 19/9 Kl. 20:00 Ö | Fim 30/9 Kl. 20:00 |
| Sun 12/9 Kl. 20:00 Ö | Fim 23/9 Kl. 20:00 Ö | Fös 1/10 Kl. 20:00 |
| Fim 16/9 Kl. 20:00 | Fös 24/9 Kl. 20:00 Ö | Lau 2/10 Kl. 20:00 |
| Fös 17/9 Kl. 20:00 Ö | Lau 25/9 Kl. 20:00 Ö | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 9/9 Kl. 19:00 Ö | Mið 22/9 Kl. 19:00 U | Sun 3/10 Kl. 15:00 |
| Fös 10/9 Kl. 19:00 Ö | Fös 24/9 Kl. 19:00 U | Fös 8/10 Kl. 19:00 |
| Fös 17/9 Kl. 19:00 Ö | Lau 25/9 Kl. 19:00 Ö | Lau 9/10 Kl. 19:00 |
| Lau 18/9 Kl. 19:00 Ö | Fös 1/10 Kl. 19:00 Ö | Sun 17/10 Kl. 19:00 |
| Sun 19/9 Kl. 19:00 Ö | Lau 2/10 Kl. 19:00 Ö | Sun 24/10 Kl. 19:00 |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 21/10 Kl. 20:00 Ö | Fös 29/10 Kl. 20:00 |
| Fös 22/10 Kl. 20:00 | Fim 4/11 Kl. 20:00 |

**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 11/9 Kl. 20:00 Ö Ö | Fim 16/9 Kl. 20:00 Ö |
| Sun 12/9 Kl. 20:00 U U | Fös 17/9 Kl. 20:00 síð.sýn. Ö |

**Þér er boðið í skemmtilegustu afmælisveislu ársins!**
**Sunnudaginn 5. sept. frá 14-16**


# Kórverk Kjartans flutt í New York

„Þetta getur verið djöfulsins vesen en þetta getur verið gaman stundum,“ segir Kjartan Sveinsson, hljómborðsleikari Sigur Rósar, um kórtónlistina sem hann hefur verið að semja í allt sumar.

Tvö verk eftir hann verða flutt í kirkju Páls postula í New York 15. nóvember. Fyrra verkið er fyrir breska karlakvartettinn The Hilliard Ensemble og það síðara er fyrir þjóðarkór Lettlands. Tónleikarnir eru liður í tónlistarhátíðinni White Light Festival sem Lincoln Center í New York stendur fyrir. Þar er megináhersla lögð á tengsl tónlistar og andlegra málefna. Seinni hluti kvöldsins er í höndum hljómsveitarinnar Riceboy Sleeps sem Jónsi úr Sigur Rós og kærastinn hans Alex Somers skipa.

Kjartan hlakkar til að koma fram á hátíðinni en tekur fram að hann hafi enn ekki lokið við verkin og því séu þau ekki alveg fullmótuð. Hann hefur unnið við þau í sumar, enda haft góðan tíma aflögu á meðan Jónsi hefur verið í tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni Go. Sigur Rós hefur fryst vikið verið í pásu en heldur áfram að vinna að nýrri plötu eftir áramót.



**SIGUR RÓS** Kjartan Sveinsson úr Sigur Rós (lengst til vinstri) tekur þátt í tónlistarhátíðinni White Light Festival 15. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjartan hefur á ferli sínum unnið töluvert einn á báti. Hann samdi tónlistina við stuttmyndirnar Síðasti bærinn, sem var tilnefnd til Óskarsverðlauna, og Plastic Bag eftir bandaríska verðlaunaleikstjórann Ramin Bahrani. Einnig samdi hann tónlistina við kvikmyndina Ondine eftir írska leikstjórann Neil Jordan með Colin Farrell í aðalhlutverki. Kjartan starfar einnig sem upptökustjóri og hefur meðal annars tekið upp báðar plötur Ólafar Arnalds. **-fb**

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8

Opið til 20:00 virka daga





NAGLALAKK
Ýmsir litir.
Verð 399,-



BARNASOKKAR
10 stk í pakka.
Verð 1.499,-




BARNASTIGVÉL
Margar gerðir og litir.
Verð 990,-



DÖMUHETTUPEYSUR
Nokkrir litir.
Verð 3.990,-



LEGGHLÍFAR
MargIr litir, ein stærð.
Verð 699,-



ULLARSOKKAR
Dömu og herrastærðir.
Verð 199,-



PRJÓNAHÚFUR
Barna og fullorðinsstærð.
Verð 499,-



PRJÓNAVETTLINGAR
Verð 499,-

WWW.GULAHUSID.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN-FÖS 10.00-20.00
LAU. 10.00-18.00 SUN. 12.00-17.00

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
Pósthúsið
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sló á létta strengi

**Jóhannes Kristjánsson** eftirherma gladdi gesti Melabúðarinnar í gærdag þegar hann kom þangað til að versla. Jóhannes er eflaust þekktastur fyrir að ná bæði Guðna Ágústssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni betur en nokkur annar Íslendingur. Eftirherman stóðst hins vegar ekki mátið þegar kom að því að greiða fyrir vörurnar og brá sér í líki ákaflega þekkst neytendafrömuðar þegar afgreiðslumaður bauð honum góðan daginn. Jóhannes svaraði að bragði: „Jú, góðan dag, Kristján heiti ég Ólafsson," með öllu tilheyrandi við mikla kátínu viðskiptavina og starfsmanna búðarinnar.



### Guðfinna í bankann?

Sú saga gengur fjöllum hærra innan fjármálageirans að Guðfinna Bjarnadóttir, fyrrverandi rektor Háskólans í Reykjavík og fyrrum þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fái eina af þeim framkvæmdastjórastöðum sem Landsbankinn auglýsti á dögunum. Því til stuðnings vísa menn til áralangrar vináttu þeirra Guðfinnu og Gunnars Helga Hálfdánarsonar, stjórnarformanns Landsbankans. Hann var formaður skólanefndar Verslunarskólans á árum áður og hafði áhrif á að Guðfinna var ráðin rektor háskólans árið 1998. Guðfinna mun þegar komin með annan fótinn inn fyrir dyr Landsbankans sem ráðgjafi stjórnar bankans. Einmitt þar sem Gunnar situr. **-fgg, jab**



### Mest lesið vísir.is

1. The Stig rekinn frá Top Gear
2. Fór nafnavillt í samförum
3. Klámnotkun Jóns Gnarr rædd í borgarráði
4. Bannað að hlæja að þessu myndbandi
5. Steingrímur: Árni á að skammast sín og Þór er sorglegt eintak
6. Jenis fær baráttukveðjur frá Íslandi: Lesið skeytin




